

18-20

Aðalfundur
Landssamtaka
sauðfjárbænda



26

Íslenska geitin
óslípaður demantur



32-33

Menntun,
þróunarsamvinna
og landvernd



Bændablaðið

7. tölublað 2015 • Fimmtudagur 16. apríl • Blað nr. 440 • 21. árg. • Upplag 32.000



Mæðgurnar á Þórustöðum, Sigurbjörg Jónsdóttir og Monika Pálsdóttir bústjóri með tvo hana inni í einu fuglahúsanna á bænum. Monika segir Matfugl gott, traust og öflugt fyrirtæki sem fint sé að vinna hjá. Sigurbjörg býr á staðnum og vaktar búið allan sólarhringinn með manni sínum. - Sjá nánar bls. 14 Mynd / MHH

Framleiðsla kindakjöts árið 2014 rúm 10 þúsund tonn samkvæmt skýrslu stjórnar Landssambands sauðfjárbænda:

Kindakjötsneysla nam rúmum 20 kg á mann en sykurneyslan 60–70 kg

Í skýrslu stjórnar Landssambands sauðfjárbænda segir meðal annars að heildarsala kindakjöts innanlands árið 2014 hafi verið 6.590 tonn sem er 33 tonnum minna en 2012.

Neysla á mann var 20,2 kíló á árinu sem er 200 gramma samdráttur frá 2013. Verð í smásölu lækkaði um 2,1% á árinu. Það jafngildir 4% lækun raunverðs þar sem ársverðbólga var 1,9%. Til samanburðar má geta þess að áætlað hefur verið að Íslendingar neyti í heild í það minnsta 60–70 kg af sykri á ári. Er þá verið að tala um beint sykur á kindakjöti, þrátt fyrir að hann sé heimill og tollkvótum fyrir kindakjöt

talið. Þar af seldust 6.590 tonn á innanlandsmarkaði 2014 samanborið við 6.623 tonn árið 2013. Birgðir í árslok voru 5.972 tonn sem er 108 tonnum minna en í árslok 2013 (-1,8%).

Framleiðsla ársins varð 10.100 tonn alls, sem er svipað og heildarsalan. Árið 2013 var hún 9.892 tonn og var aukningin því 2,1%.

Enginn innflutningur á kindakjöti

Innanlandsmarkaður breyttist því lítið árið 2014 eins og árið á undan. Kjötmarkaðurinn í heild ber nokkurn keim af því að innflutningur á nánast öllu öðru kjöti en kindakjöti hefur vaxið verulega, einkanlega nautakjöti, en þess gætir líka í svína- og alifuglakjöti. Enginn innflutningur hefur þó verið á kindakjöti, þrátt fyrir að hann sé heimill og tollkvótum fyrir kindakjöt



Frá aðalfundi Landssamtaka sauðfjárbænda í lok apríl. Mynd / HKr.

hafi verið úthlutað. Verðið erlendis er einfaldlega ekki samkeppnisfært við verðið hér innanlands. Verðlagning kindakjöts tekur þó mið af öðru kjöti á markaði svo aukinn innflutningur hefur líka áhrif á það þótt með óbeinum hætti sé.

Nokkrar áhyggjur hafa verið uppi um að lambakjöt nái ekki nægilega

vel til sívaxandi fjölda ferðamanna. Erfitt er að mæla neyslu ferðamanna á einstökum vörutegundum en skv. könnunum er meðallengd dvalar ferðamanna hér 10 dagar og miðað við ferðamannafjöldann árið 2014 jafngildir það því að um 27 þúsund fleiri íbúar byggju hér allt árið.

Útflutningsverðmæti um 3,1 milljarður króna

Nokkrar breytingar urðu á mörkuðum árið 2014. FOB-verð á kjöti lækkaði um tæp 6%. Mest er það vegna sterkara gengi krónunnar. Gætur lækkuðu um 5% þó að hækkanir undanfarinna ára hafi fjarri því gengið til baka. FOB-verð á gærum var tæplega 3,6 sinnum hærra í íslenskum krónum en 2009. Útflutningsverðmæti alls var rúmum 3,1 milljarður króna sem er um 400 milljónum minna en árið 2013, en áþekk tala og 2012. Þrjú fjórðu verðmætisins voru vegna kjöts og kjötafurða, 13,2% eru gætur og afgangurinn ull og ullarvörur. Rúm 76% verðmætisins komu frá Evrópu en mikilvægust einstöku löndin eru utan ESB, Noregur, Færeyjar og Rússland. Noregur er verðmætasta einstaka landið, en svo koma Hong Kong (Kína) og Bandaríkin. /VH

Fréttir



Tækifæri í íslenskum landbúnaði – vegna aukinnar eftirspurnar

Í lok marsmánaðar síðastliðinn gekk sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra frá skipun starfshóps sem hefur það hlutverk að koma með tillögur og ábendingar um það hvernig auka megi matvælaframleiðslu á Íslandi til að bregðast við aukinni eftirspurn eftir matvællum og hækkanði verðlagi á erlendum mörkuðum.

Hópurinn mun einnig huga að nýsköpun auk markaðs- og sölumála.

Þetta kom fram í tilkynningu sem atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið sendi frá sér á dögunum. Formaður hópsins er Sigurgeir Þorgeirsson, fyrrverandi ráðuneytisstjóri, en gert er ráð fyrir að hópurinn skili skýrslu til ráðherra eigi síðar en 1. október 2015.

Starfshópurinn skipa: Sigurgeir Þorgeirsson, formaður, Ásmundur Einar Daðason, Baldvin Jónsson, Birna Þorsteinsdóttir, Brynhildur Pétursdóttir, Daði Már Kristófersson, Eiríkur Blöndal, Haraldur Benediktsson, Knútur Rafn Ármann, Oddný Steina Valsdóttir og Ragnheiður Héðinsdóttir. /smh



Lambakjötsbók á ensku: A taste of Icelandic lamb

Út er komin ensk þýðing á bókinni Lambakjöt allan ársins hring sem Gestgjafinn gaf út árið 2012, en útgáfan var styrkt af Markaðsráði kindakjöts.

Um er að ræða brot af bestu lambakjötsuppskriftum Gestgjafans á undanförunum árum. Bókinni er skipt upp í fjóra kafla: Súpur og forréttir, Heimilislegt og gott, Jól og hátíðleg tækifæri og Grill, grill, grill. Þá er sérstakur gaumur gefinn að sláturgerð og haustmat og til dæmis er sýnt þrep fyrir þrep hvernig staðið er að gerð lifrarpylsu og blóðmör.

Hugsuð fyrir sýningar og erlenda ferðamenn

Enska útgáfan heitir A taste of Icelandic Lamb og er hugsuð til nota á vörusýningum og kynningum erlendis. Einnig fer hún í sölu hér á landi og er þá hugsuð fyrir erlenda ferðamenn. /smh



Gríðarleg fjölgun í álfta- og gæsastofnum er farin að valda umtalsverðum skaða í kornrækt á Íslandi.

Mynd / HKr.

Sunnlenskir bændur:

Draga saman í kornrækt vegna ágangs gæsa og álfta

– Bændur óska eftir að fá skotleyfi á fuglana – Svipað vandamál með grágæs í Noregi

„Þetta getur ekki gengið svona lengur, við verðum að fá einhver úrræði til að losa okkur við fuglana því annars hætta menn að rækta korn, það hefur engan tilgang þegar það er meira og minna allt étið upp af álft og gæs. Ég vil að bændur fái leyfi til að skjóta fuglana og fækka þannig verulega í stofninum.“ segir Birkir Arnar Tómasson, bóndi í Móheidarhvoli í Rangárvöngum eystra.

Hann var einn af frummælendum á ráðstefnu um tjón af völdum álfta og gæsa í ræktunarlandi bænda, sem haldin var föstudaginn 10. apríl í fundarsal Landgræðslu ríkisins í Gunnarsholti á Rangárvöllum.

Ráðstefnan tókst í alla staði mjög vel en það var sorglegt að sjá hvað fáir mættu, fimm bændur og nokkrir embættismenn en ráðstefnan var öllum opin og ókeypis inn. Birkir Arnar varð fyrir miklu tjóni af völdum fuglanna síðasta sumar.

„Já, tjónið var gríðarlegt, fuglinn hreinsaði upp kornakrana hjá mér og fór meira að segja líka í hveitiakrana en hann hefur ekki litið við þeim ökrum síðustu ár. Ég áætla að tjónið hafi að minnsta kosti verið að andvirði þriggja milljóna króna.“ segir Birkir.

Bændur að gefast upp

Sveinn Sigurmundsson, framkvæmdastjóri Búnaðarsambands



Birkir Arnar Tómasson, bóndi í Móheidarhvoli, lýsti sinni reynslu af ágangi álfta og gæsa í hans ræktunarlandi.

Mynd / MHH



Dr. Einar Eypórsson flaug frá Noregi til að halda fyrirlestur, sem vakti athygli og var mjög fróðlegur.

Mynd / MHH



Kristinn Haukur Skarphéðinsson, fuglafræðingur hjá Náttúrufræðistofnun, var einn af frummælendum. Hann gerði grein fyrir ágangi álfta og gæsa í kornakra á Suðurlandi í ljósi könnunar 2014 og dreifingar fuglanna að hausti.

Mynd / MHH



Mynd sem Birkir Arnar sýndi, einn álftahópurinn að fljúga upp á einum akrinum eftir að hafa étið sig pakksadda af korni og öðru göðgæti.

Mynd / MHH

Styrkir til norskra bænda

Suðurlands, sat ráðstefnuna. Hann sagði að kornrækt hafi dregist saman um 424 hektara á Suðurlandi árin 2013/2014, bændur væru einfaldlega smátt og smátt að gefast upp gagnvart fuglinum. Engin ráð dygðu enn til að fæla fuglinn burt, hann kæmi alltaf aftur og aftur sama hvað reynt sé.

Dr. Einar Eypórsson, sérfræðingur hjá Norsk institutt for kulturminneforskningin (NIKU), hélt fróðlegt erindi þar sem hann sagði frá þeim vandamálum sem bændur í Noregi væru að glíma við þegar fuglinn eyðileggur ræktunarlönd

Úr ræðu landbúnaðarráðherra á aðalfundi Landssamtaka sauðfjårbænda:

Vill auka sveigjanleika til að framleiða það sem hentugra kann að þykja

Sigurður Ingi Jóhannsson landbúnaðarráðherra sagði í ræðu sinni á aðalfundi Landssambands sauðfjårbænda að nauðsynlegt væri að skoða og breyta fyrirkomulagi stuðnings við sauðfjårbændur þannig að bændur gætu aukið fjölbreytni í framleiðslu sinni samhliða sauðfjårræktinni.

„Nú veit ég ekki hvort einhver hér inni gæti hugsað sér að skipta algerlega um í þessum efnunum og auðvitað eru einhverjir með blönduð bú. En hljótum við ekki að spyrja okkur; hvernig getum við brugðist við skorti [hér er ráðherra að tala um skort á nautakjöti] og tryggt okkar tekjur í leiðinni, án þess að fyrirgera þeim stuðningi sem við nú höfum við sauðfjårbændur? Stutta svarið liggur í því að breyta um fyrirkomulag styrkja. Það er að segja taka upp, að hluta, eða breyta



Sigurður Ingi Jóhannsson landbúnaðarráðherra.

Mynd / HKr.

styrkjafyrirkomulagi, sem verður til þess að auka frelsi manna til framleiðslu.

Ég vil nefna það sérstaklega hér að ég tel að það verði að vinna ofan

af miklum fjármagnskostnaði sem plagað hefur bændur vegna kaupna á greiðslumarki. Ég fæ ekki betur séð en að í þeim viðskiptum fari alltof stór hluti af tekjum bænda

til annarra en þeirra sjálfra. Kerfið er ekki hugsað fyrir lánastofnanir, heldur framleiðendur og neytendur.

Rétt er að leggja áherslu á það, að ég sé ekki fyrir mér að taka stuðning af þeim sem njóta hans núna og færa öðrum, heldur eingöngu að þuga hvort auka þurfi sveigjanleika manna til að framleiða það sem hentugra kann að þykja. Þetta á ekki aðeins við um sauðfjårbændur, heldur alla bændur.

Ég vil minna á, að spár gera ráð fyrir stóru auknum fjölda ferðamanna á komandi árum. Þá er tvennt í boði vegna skorts á nautakjöti; framleiða meira, eða flytja það inn. Innflutningur á nautgripakjöti var ríflega 1.000 tonn árið 2014, að andvirði rúmlega 900 milljóna króna. Þarna er því eftir nokkru að slægjast og ef þið getið teygst ykkur eftir sneið af kökunni með arðbærum hætti, því skylduð þið ekki gera það?“ /VH

Sáðvörulisti 2015

Bygg og hafrar til þroska	Pakkn.kg	Yrki	Kílóverð án vsk.	Kg. / ha	Söluverð án vsk.
2ja raða	25	Kría	137	180 - 200	3.422
2ja raða	700	Kría	137	180 - 200	96.236
2ja raða	25	Filippa	136	180 - 200	3.405
2ja raða	700	Filippa	136	180 - 200	95.200
6 raða	25	Lómur	130	180 - 200	3.262
6 raða	700	Lómur	130	180 - 200	91.000
6 raða	40	Tiril	159	180 - 200	6.364
6 raða	600	Brage	143	180 - 200	86.007
6 raða	30	Judit	125	180 - 200	3.758
6 raða	700	Judit	125	180 - 200	87.500
6 raða	40	Elmeri	130	180 - 200	5.210
6 raða	30	Aukusti	115	180 - 200	3.450
6 raða	40	Wolmari	130	180 - 200	5.210
6 raða	700	Elmeri	130	180 - 200	91.000
6 raða	700	Aukusti	115	180 - 200	80.500
6 raða	700	Wolmari	130	180 - 200	91.000
Hafrar til þroska	25	Cilla	137	180 - 200	3.434
Hafrar til þroska	600	Cilla	137	180 - 200	82.200
Vorhveiti	40	Anniina	142	180 - 200	5.600

Grasfræ til túnræktar	Pakkn.kg	Yrki	Kílóverð án vsk.	Kg. / ha	Söluverð án vsk.
Grasfræblanda	25	Sígild	709	25	17.734
Grasfræblanda	25	Beit- & heyfengur	732	25	18.289
Grasfræblanda	25	Heyfengur	874	25	21.860
Grasfræblanda	25	Vallarfox	747	25	18.671
Vallarfoxgras	10	Snorri	636	25	6.356
Vallarfoxgras	25	Tuuka	627	25	15.671
Vallarfoxgras	25	Tehno	627	25	15.671
Vallarfoxgras	25	Engmo	556	25	13.897
Vallarsveifgras	25	Sobra	710	18	17.748
Vallarsveifgras	25	Balin	650	18	16.240
Fjölært rýgresi	25	Calibra	475	35	11.868
Túnvingull	18	Gondolin	598	20 - 25	10.760
Hvítsmári	10	Undrom	1005	5 til 6	10.054
Rauðsmári	10	Ares	1362	5 til 6	13.620

Grænfóðurfræ	Pakkn.kg	Yrki	Kílóverð án vsk.	Kg. / ha	Söluverð án vsk.
Sumarrýgresi	25	Barspectra	422	35	10.559
Vetrarrýgresi	25	Barmultra	409	35	10.236
Vetrarrýgresi	25	Turgo	300	35	7.498
Sumarharfrar	25	Belinda	137	180 - 200	3.426
Sumarharfrar	600	Belinda	126	180 - 200	75.705
Sumarrepja	10	Pluto	990	15	9.904
Vetrarrepja	25	Barcoli	485	10	12.127
Vetrarrepja	25	Hobson	488	10	12.190
Fóðurnæpur	1	Samson	798	1,5	798

Ef gengið er frá pöntun fyrir 1. maí er frír flutningur í boði (Ef pöntuð eru 300 kg eða meira).

INNIHALDSLÝSINGAR Á NÝJUM GRASGRÆBLÖNDUM

Sígild	Beit og heyfengur	Heyfengur	Vallarfoxblandan
Vallarfoxgras Snorri 15%	Vallarfoxgras Tenho 35%	Vallarfoxgras Tuuka 15%	Vallarfoxgras Tenho 25%
Vallarfoxgras Tuuka 20%	Vallarfoxgras Tuuka 30%	Vallarfoxgras Tenho 20%	Vallarfoxgras Tuuka 25%
Vallarfoxgras Tenho 20%	Vallarfoxgras Engmo 20%	Vallarfoxgras Engmo 15%	Vallarfoxgras Snorri 25%
Vallarfoxgras Engmo 30%	Vallarsveifgras Sobra 15%	Vallarfoxgras Snorri 15%	Vallarfoxgras Engmo 25%
Fjölært rýgresi Calibra 15%		Hávingull Kasper 35%	

Leiðbeinandi verð taka mið af sölugengi á EUR, SEK, NOR, GBP, CAD, USD þann 26. febrúar 2015.

Sendum um allt land

Hafðu samband
570 9800

FB Verslun Selfossi
Austurvegi 64a
570 9840

FB Verslun Hvolsvelli
Hlíðarvegi 2-4
570 9850

FB Verslun Egilsstöðum
Kaupvangi 11
570 9860

FB Verslun Hellu
Suðurlandsvegi 4
570 9870



Fréttir

Staða forstjóra Mjólkursamsölnnar:

56 umsóknir

Mikill áhugi er fyrir starfi forstjóra Mjólkursamsölnnar sem auglýst var laust til umsóknar í lok mars. Þegar frestur til að sækja um starfið rann út í gær höfðu 56 umsóknir borist.

Egill Sigurðsson, bóndi á Berustöðum og stjórnarformaður Mjólkursamsölnnar, segir að stjórn félagsins sé ákaflega ánægð með þennan mikla áhuga á starfinu og hversu margt sterkt og öflugt fólk er í hópi umsækjenda.

Einar Sigurðsson, sem verið hefur forstjóri MS í sex ár, sagði starfinu lausu í vetur og hættir 30. júní nk. „Það skiptir bændur miklu að hafa öflugan og góðan forstjóra í þessu mikilvæga starfi.“

Mjólkursamsalan er stærsta og mikilvægasta afurðasöluvirkni bændna. Við stefnum á að ljúka ráðningu í þessum mánuði og að

nýr forstjóri geti komið til starfa og byrjað að setja sig inn í reksturinn í næsta mánuði,“ segir Egill Sigurðsson, stjórnarformaður MS.

Árleg velta Mjólkursamsölnnar er um 24 milljarðar króna, langmest af innlendum mjólkurvörumarkaði en í vaxandi mæli af alþjóðlegum skyrmarkaði.

Mjólkursamsalan safnar mjólk hjá eigendum sínum, íslenskum kúabændum, um land allt og rekur 6 starfsstöðvar með ríflega 400 starfsmönnum.

Félagið er 90% í eigu samvinnufélagsins Auðhumlu sem í eru um 600 kúabændur. 10% eru í eigu samvinnufélagsins KS þar sem um 50 bændur eru félagsmenn. Aðalfundur Auðhumlu svf., móðurfélags Mjólkursamsölnnar, verður haldinn 17. apríl nk. að Bifröst í Borgarfirði.



Þórarinn Ingi Pétursson.

Mynd / HKR.

Formannskjör Landssambands sauðfjárbænda: Þórarinn Ingi Pétursson var endurkjörinn

Þórarinn Ingi Pétursson var endurkjörinn formaður Landssamtaka sauðfjárbænda til næstu tveggja ára á aðalfundi LS fyrir skömmu.

Stjórnarmenn í Vesturhólfi og Norðvesturhólfi eru Þórhildur Þorsteinsdóttir og Atli Már Traustason sem voru kjörin til næstu tveggja ára.

Aðrir stjórnarmenn eru Oddný Steina Valsdóttir og Böðvar Baldursson, en ekki var kosið um þau nú. Í varastjórn voru kjörin þeir Ólafur Þorsteinn Gunnarsson, Birgir Arason og Jón Eyjólfsson.

Fulltrúar á Búnaðarþingi

verða Þórarinn Ingi Pétursson, Oddný Steina Valsdóttir og Sindri Sigurgeirsson, formaður Bændasamtaka Íslands. Fanney Ólöf Lárusdóttir, sem starfað hefur sem búnaðarþingsfulltrúi síðastliðin þrjú kjörtímabil gaf ekki kost á sér til endurkjörs og var Oddný kjörin í hennar stað, en Þórarinn og Sindri voru endurkjörin. Til vara voru kjörin þeir Jóhann Pétur Ágústsson, Aðalsteinn Jónsson og Sigvaldi H. Ragnarsson. Þá var einnig samþykkt að halda aðalfund 2016 dagana 7.–8. apríl á næsta ári. Árshátíð verður því föstudaginn 8. apríl 2016. /NH

Þessi gamli góði

Spænskútvatnaðar SALT FISKSTEIKUR

tilbúnar á pönnuna

Vakúppakkað - Engin aukaefni - 2gja ára geymsluþol
Engin ishúð - 100% fiskur

Ektafiskur, Hauganesi
Sími 466 1016
elvar@ektafiskur.is
www.ektafiskur.is

Fylgstu með okkur á Facebook

EKTA Fiskur
Sérfræðingar í saltfiski síðan 1940

Eftirlit með neysluvatni á Íslandi á árunum 2002–2012:

Neysluvatnið er mjög gott

Nýverið birta Matvælastofnun niðurstöður úr skýrslu um eftirlit, á vegum heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga, með gæðum neysluvatns á árunum 2002–2012. Skemst er frá að segja að neysluvatn á Íslandi er almennt mjög gott, en í fáum tilfellum – hjá minni vatnsveitum – er úrbóta þörf. Sýna niðurstöður að gæði neysluvatns hafa aukist á þessu tímabili.

Í niðurstöðunum kemur fram að skimað hafi verið fyrir örverum, lífrænum eitrefnum og þungmálum. Heildarúttektir eru einkum gerðar hjá vatnsveitum sem þjóna fleirum en 500 íbúum, en þær felast í víðtækri skoðun á efna-, edlis- og örverufræðilegum gæðum vatns. Reglubundið eftirlit sem felst í skoðun á örverum, ammoníum, sýrustigi, leiðni, bragði, lit og lykt er framkvæmt reglulega hjá öllum eftirlitsskyldum vatnsveitum litlum sem stórum.

Magn efna innan leyfilegra marka

Í niðurstöðunum segir enn fremur að efna- og edlisfræðilegt ástand neysluvatns á Íslandi sé almennt mjög gott og sjaldgæft að óæskileg efni séu yfir leyfðu hámarksgildi. Lífræn eitrefni og þungmálmar sem voru mæld í sýnum teknum á árunum 2002–2012 uppfylltu kröfur neysluvatnsreglugerðar í 99,9 prósent mælinga.

„Þegar litið er til örveruástands á sama tímabili sýna niðurstöður sýna sem tekin voru vegna heildarúttekta að 98,7% þeirra uppfylltu reglugerð



m.t.t. E.coli. Við reglubundið eftirlit reyndust hins vegar 94% sýna uppfylla reglugerð m.t.t. E. coli og gefa niðurstöðurnar til kynna að örveruástand vatns sé betra hjá stærri vatnsveitum.

Út frá niðurstöðum mælinga á árunum 2010–2012 var jafnframt unnt að bera saman örveruástand neysluvatns miðað við stærð vatnsveitna. Yfir 99% sýna sem tekin voru á þessu tímabili hjá vatnsveitum sem þjóna fleirum en 500 íbúum uppfylltu reglur um neysluvatn hvað varðar E.coli. Hins vegar greindist E.coli í 6,5% sýna frá vatnsveitum sem þjóna 500 íbúum eða færri. Þar er ástandið þó verra hjá litlum einkaveitum sem þjóna færri en 50 samanborið við vatnsveitur sem þjóna 50–500 íbúum. Þegar á heildina er litið var ástandið lakast á Austurlandi og Vestfjörðum á þessu tímabili, en þar er mun erfiðara

að nálgast grunnvatn en í öðrum landshlutum.

Þegar litið er á tímabilið frá 2002 til 2009 kemur í ljós að E. coli greindist í 6,9% sýna frá öllum eftirlitsskyldum vatnsveitum samanborið við 3,4% sýna árin 2010 til 2012. Því er ljóst að mikill árangur hefur náðst við að bæta vatnsgæði þótt enn sé ýmislegt óunnið. Ljóst er að það eru einkum sumar af minni vatnsveitunum sem síður uppfylla kröfur í neysluvatnsreglugerð og vinna þarf að úrbótum. Jafnframt þarf að samræma aðferðafræði við úttektir á vatnsbólum, innra eftirliti vatnsveitna og skráningu sýna,“ segir í skýrslunni.

Skýrslan var unnin af Maríu J. Gunnarsdóttur og Sigurði Magnúsi Garðarssyni hjá Vatnaverkefni Háskóla Íslands, fyrir Matvælastofnun, og er aðgengileg í gegnum vefinn mast.is. /smh

Starfshópur um endurskoðun reglugerðar um vistvæna landbúnaðarframleiðslu:

Leggur til að núverandi reglugerð verði felld úr gildi og nýjar reglur settar

Starfshópur um endurskoðun reglugerðar um vistvæna landbúnaðarframleiðslu lauk störfum fyrir skemmstu og skilaði tillögum til atvinnu- og nýsköpunarráðuneytisins.

Er lagt til að núverandi reglugerð verði felld úr gildi og hugað verði að setningu rammareglugerðar sem skilgreini hvaða kröfur vistvæn vottunarkerfi þurfi að uppfylla til að mega nota hugtakið „vistvæn framleiðsla“.

Ekki verið tekin afstaða til þess hvað gert verður við tillögurnar

Að sögn Ólafs Friðrikssonar, skrifstofustjóra í ráðuneytinu, hefur ekki verið tekin afstaða til þess í hvaða farveg þessar tillögur verða settar.

Hópurinn var skipaður þann 29. september 2014. Honum var ætlað að fara yfir reglugerð nr. 504/1998 um vistvæna landbúnaðarframleiðslu, skilgreiningar á henni og reglur um eftirlit. Jafnframt var hópnun falið að leggja mat á nauðsyn reglugerðar um vistvæna landbúnaðarframleiðslu. Í hópnun voru: Torfi Jóhannesson frá atvinnu- og nýsköpunarráðuneytinu, Dominique Plédel Jónsson frá Neytendasamtökunum, Erna Bjarnadóttir frá Bændasamtökum Íslands, Gunnlaugur Karlsson frá Sölufélagi garðyrkjumanna og Hallgerður Hauksdóttir frá Dýraverndarsambandi Íslands.

Hópurinn fór yfir reglugerðina og ræddi ítarlega hvaða hlutverki vistvæn vottun ætti að gegna og hvaða aðilar ættu að vera ábyrgir fyrir henni. Í niðurstöðum hópsins kemur fram að eining var um að núverandi

Marklaust merki

Reglugerð um vistvæna landbúnað var gefin út árið 1998 og er hún enn í gildi. Í reglugerðinni er gert ráð fyrir að Búnaðarsamböndin gefi út vistvæna vottun á sínum svæðum og að búnaðaráðunautar og dýralæknar, sem hafi sótt námskeið og hlotið viðurkenningu landbúnaðaráðuneytisins, hafi eftirlit með henni.



Merki fyrir vistvæna íslenska landbúnaðarframleiðslu.

Í 4. grein um Gæðaefirlit segir: „Hver framleiðandi og afurðastöð sem óskar eftir viðurkenningu skal sækja um hana til viðkomandi búnaðarsambands sem felur eftirlitsaðila að framkvæma úttekt á framleiðsluáðstöðu umsækjanda. Eftirlitsaðilar skulu eigi sjaldnar en einu sinni á ári gera úttekt hjá framleiðendum og afurðastöðvum sem hafa hlotið viðurkenningu á aðstöðu þar með talið landgæðum og búnaði til framleiðslu og vinnslu.“

Talsvert hefur borið á því á undanföllum misserum að framleiðendur í kjúklinga-, eggja- og grænmetisframleiðslu merki voru sínar vistvænar; bæði með og án merkisins. Sumir hafa vissulega fengið vottun fyrir sínar vörur en ekkert eftirlit hefur átt sér stað með vottuninni, sem gerir vottunina marklausa fyrir neytendum.

Aðrir nota hugtakið „vistvæn“ í því skyni að lýsa hugmyndafræðinni á bak við framleiðsluna. Dæmi eru um það að framleiðendur í kjúklinga-, eggja-, og grænmetisframleiðslu noti merkið án þess að hafa nokkurn tíma fengið vistvæna vottun.

fyrirkomulag, þar sem ekki er reglubundið eftirlit með þeim aðilum sem hafa fengið vistvæna vottun, sé óviðunandi. Jafnframt hefur hópurinn verulegar efasemdir um að það sé heppilegt að stjórnvöld setji reglur um vistvæna framleiðslu og standi fyrir vottuninni með þeim hætti sem núverandi reglugerð gerir ráð fyrir.

Fulltrúi Neytendasamtakanna, Dominique Plédel Jónsson, lagði fram greinargerð um vistvæna vottun þar sem meðal annars kom fram að vistvæn vottun er millistig á milli lífrænnar og hefðbundinnar landbúnaðarframleiðslu sem er til víða í nágrannalöndum okkar en hvergi í lögum eða reglum. Samtökin telja hugtakið „vistvæn“ illa skilgreint og ákveðna hættu á að það valdi ruglingi hjá neytendum. Einnig er bent á að misræmi sé milli búgreina og engin viðurlög séu við brotum. Einnig var bent á mikilvægi þess að jafnræði væri á milli lífrænnar vottunar og vistvænnar varðandi kostnað við vottun og eftirlit.

Auknar kröfur um dýra- og umhverfisvernd

Hópurinn ræddi þann möguleika að í stað núverandi reglugerðar yrði sett ný reglugerð sem skilgreindi almennar kröfur. Þannig reglugerð gæti innihaldið ákvæði um, að til að geta talist „vistvæn vottun“ þurfi vottunarkerfin að innihalda auknar kröfur um dýra- og umhverfisvernd, gæðastýringu og merkingar. Einnig að úttektir yrðu árlegar og framkvæmdar af óháðum aðila. Vottunarkerfin sjálf yrðu hins vegar hönnuð og rekin af framleiðendafélögum eða öðrum einkaaðilum. /smh

Sáðvörulisti 2015

Verðlækkun vegna gengisbreytinga

13. apríl 2015

Tegund	Stofn	Sekkur/kg	kr/kg	Verð pr. sekk
Grasfræ				
Grasfræblanda*	SS Alhliða	20 kg	750	15.000 kr
Grasfræblanda*	SS Tún	20 kg	750	15.000 kr
Vallarfoxgras	Engmó	10 kg	510	5.100 kr
Vallarfoxgras	Switch	10 kg	720	7.200 kr
Vallarfoxgras	Vega	10 kg	720	7.200 kr
Vallarsveifgras	Sobra	10 kg	790	7.900 kr
Hávingull	Norild	10 kg	720	7.200 kr
Túnvingull	Reverent	10 kg	590	5.900 kr
Grænfóðurfræ				
Sumarrýgresi	Jivet	25 kg	470	11.750 kr
Fjölært rýgresi	Calibra	10 kg	495	4.950 kr
Fjölært rýgresi	Kentaur	10 kg	495	4.950 kr
Vetrarrýgresi	Turgo	25 kg	470	11.750 kr
Vetrarrepja	Emerald	10 kg	470	4.700 kr
Bygg				
Bygg 2ja raða	Filippa	25 kg	129	3.225 kr
Bygg 2ja raða	Filippa	700 kg	129	90.300 kr
Bygg 2ja raða	Kría	25 kg	135	3.375 kr
Bygg 2ja raða	Kría	700 kg	135	94.500 kr
Bygg 6 raða	Judit	700 kg	115	80.500 kr
Bygg 6 raða	Aukusti	350 kg	115	40.250 kr
Bygg 6 raða	Aukusti	700 kg	115	80.500 kr
Hafrar				
Hafrar	Axeli	350 kg	129	45.150 kr
Hafrar	Belinda	25 kg	129	3.225 kr
Hafrar	Belinda	350 kg	129	45.150 kr

*SS Alhliða: 60% Vallarfoxgras (10% Switch - 50% Vega) - 10% Vallarsveifgras Sobra - 15% Hávingull Norild - 15% Fjölært rýgresi Calibra.
 *SS Tún: 70% Vallarfoxgras (25% Switch - 45% Vega) - 30% Hávingull Norild

Áskiljum okkur rétt til verðbreytinga án fyrirvara - öll verð eru gefin upp án virðisaukaskatts.
 Með fyrirvara um prentvillur.
Frír flutningur til bænda.

Rúlluplastið sem bændur treysta

	Litur	Listaverð án vsk.	Magn á bretti
Rúlluplast			
Tenospin - 750*0,025*1500	Hvítt	10.950 kr	15
Tenospin - 750*0,025*1500	Ný vara Grænt	10.950 kr	15
Tenospin - 750*0,025*1500	Ný vara Svart	10.800 kr	15
Net			
Westfalia - 123*3000 m		23.500 kr	
Garn			
Cobra		4.500 kr	

Frekari upplýsingar fást hjá sölumönnum um allt land og á skrifstofu SS.
 Sláturfélag Suðurlands svf. · Fosshálsi 1 · 110 Reykjavík · Sími 575 6000 · www.ss.is

Bændablaðið

Málgagn bænda og landsbyggðar

Bændablaðið kemur út hálfsmánaðarlega. Því er dreift til allra bænda landsins og fjölmargra annarra er tengjast landbúnaði. Bændablaðinu er dreift ókeypis til þeirra er stunda búskap en þéttbýlishúar geta gerst áskrifendur að blaðinu. Árgangurinn kostar kr. 7.500 en sjötugir og eldri og lífeysisþegar greiða kr. 3.750. Bændablaðið er í eigu Bændasamtaka Íslands.

Bændablaðið, Bændahöll við Hagatorg, 107 Reykjavík. Sími: 563 0300 – Fax: 562 3058 – Kt: 631294-2279
Ritstjóri: Hörður Kristjánsson (ábm.) hk@bondi.is – Sími: 563 0339 – Rekstur og markaðsmál: Tjörvi Bjarnason tjorvi@bondi.is
Bláamenn: Margrét Þ. Þórsdóttir mth@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is – Vílmundur Hansen vilmundur@bondi.is
Auglýsingastjóri: Erla H. Gunnarsdóttir ehg@bondi.is – Sími: 563 0303 – Frágangur fyrir prentun: Prentsníð.
Netfang blaðsins (fréttir og annað efni) er bbl@bondi.is Netfang auglýsinga er augl@bondi.is Vefsíða blaðsins er www.bbl.is
Prentun: Landsprent ehf. – Upplag: sjá forsiðu – Landsprent og Íslandspóstur annast dreifingu blaðsins. ISSN 1025-5621

LOKAORÐIN

Vilji til breytinga

Félagasamtök bænda hafa á umliðnum vikum haldið aðalfundi sína í framhaldi af Búnaðarþingi Bændasamtakanna sem er þeirra eiginlegu regnhlífarsamtök. Á öllum þessum fundum hefur skinið í gegn sterkur vilji til framþróunar í íslenskum landbúnaði.

Bændur eru greinilega mjög opnir fyrir að gera breytingar á starfsháttum sínum og félagskerfi sem og á því kerfi sem sett hefur verið utan um landbúnaðarframleiðslu á Íslandi af hálfu ríkisins. Greinilegt er á fundum bænda að undanförunni að íslenskir bændur koma að borðinu með opnum huga en vara um leið við kollsteypum. Þá hafa bændur sjálfir sett sér það markmið að auka gæði samfara aukinni framleiðslu.

Eins og oft má skilja af opinberri umræðu er styrkjakerfi í landbúnaði alvont séríslenskt fyrirbæri sem loka ætti fyrir hið bráðasta. Staðreyndin er hins vegar allt önnur. Styrkjakerfi í landbúnaði er beitt um allan heim til að styðja við innlenda landbúnaðarframleiðslu í samkeppni við innflutning. Því er líka beitt beinlínis sem hagsstjórnartæki til sveiflujöfnunar. Bandaríkin, höfuðvígi kapitalismans, er þar engin undantekning, ekki frekar en Evrópusambandið. Aldrei má þó líta á styrkjakerfi sem óumbreytanlega heilaga smíð, frekar en önnur mannanna verk. Íslenskir bændur gera sér manna best grein fyrir því og eru þar opnir fyrir skynsamlegum hugmyndum.

Umræðan um tollakerfi sem beitt er til verndar innlendri framleiðslu hefur oft á tíðum einnig verið mjög undarleg. Er þess m.a. krafist að Íslendingar leggi einhliða niður tolla án þess að reyna einu sinni að fá eitthvað í staðinn. – Ja, þvílík snilld í samningatækni.

Fulltrúar hagsmunasamtaka innflytjenda hafa farið mikinn í gagnrýninni á tollakerfið, rétt eins og Ísland sé eina ríkið í heiminum sem beiti tollvernd. Samkvæmt tölum Alþjóða viðskiptastofnunarinnar WTO, er þetta bara hreint bull. Í töflu sem birt er í Bændablaðinu í dag á blaðsíðu 12 er Ísland sýnt með fleiri tollfrjálssar tollalínur en bæði Bandaríkin og Evrópusambandið. Það á ekki síst við um landbúnaðarvörur og þar eru búfjárafurðir ekki undanskildar.

Er ekki kominn tími til að háværir bullmeistarar hætti að ljúga að almenningi um þessa hluti? Fari þess í stað að leggja eitthvað uppbyggilegt í þúkið sem leitt geti til skynsamlegrar þróunar á því stuðningskerfi landbúnaðar sem við búum við í dag. /HKr.

LEIÐARINN

Nýr vettvangur

Formaður BÍ, sem venjulega ritar leiðara blaðsins, lét mér það eftir í þetta sinn í ljósi þess að ég tók um síðustu mánaðamót til starfa sem framkvæmdastjóri samtakanna. Ég er ekki ókunnugur samtökunum eftir nær átta ára starf í Bændahöllinni fyrir Landssamtök sauðfjárbænda, Markaðsráð kindakjöts og reyndar líka Bændasamtökin.

Það er mikil ábyrgð að takast þetta verkefni á hendur og ég mun gera mitt besta til að rísa undir því og leggja mig fram um að eiga gott samstarf við aðildarfélög Bændasamtakanna og bændur almennt. Hjá samtökunum starfar gott starfsfólk sem býr yfir mikilli þekkingu á landbúnaðinum og starfsumhverfi hans.

Fjölpætt starfsemi

Starfsemi Bændasamtakanna er fjölpætt. Allir sem þetta lesa þekja auðvitað Bændablaðið sem samtökin hafa gefið út í rúm 20 ár en blaðið sjálft á sér lengri sögu. Blaðið er ákaflega mikilvæg rödd bænda og landsbyggðar og nýtur trausts sem best sést á því hvað það nær til margra. Á sama sviði er jafnframt umsjón með almennu kynningar- og fræðslustarfi Bændasamtakanna eins og verkefninu Opnum landbúnaði og átaksverkefnum svo sem um vinnuvernd í landbúnaði sem núna er í gangi.

Tölvudeild samtakanna er fjölmennasta deild þeirra og þar er haldið utan um rekstur og þróun skýrsluhaldskerfa landbúnaðarins til að mynda í hrossa-, sauðfjár-, nautgripa- og jarðrækt. Þar er einnig rekið Bændatorg sem heldur utan um margháttadar upplýsingar fyrir bændur, kerfi til að halda utan um framleiðslu afurða og fjöldamörg önnur verkefni sem eru nauðsynleg í nútímabúrekstri.

Stjórnsýsluverkefni sem Bændasamtökin annast fyrir stjórnvöld eru unnin af Búnaðarstofu. Þar eru beingreiðslur og aðrar greiðslur samkvæmt búvörusamningum greiddar til bænda eftir þeim reglum sem um það gilda. Að óbreyttu verða þessi verkefni flutt frá BÍ til Matvælastofnunar um næstu áramót. Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra hefur lagt fram frumvarp



Sigurður Eypórsson.

Mynd / HKr.

þess efnis á Alþingi. Búnaðarþing 2015 markaði þá stefnu að Búnaðarstofa ætti að vera sjálfstæð stofnun undir stjórn atvinnuvegaráðuneytisins, þar sem verkefni stofnunar færu ekki saman við hlutverk Matvælastofnunar sem eftirlitsaðila. Í fyrirliggjandi frumvarpi er ekki tekið tillit til þessarar ályktunar Búnaðarþings en afgreiðslu málsins er ekki lokið.

Innan samtakanna er einnig starfrækt félagssvið sem hefur umsjón með hagsmunagæslu og baráttu samtakanna. Þar er mjög fjölbreyttum verkefnum sinnt – ekki síst er mikil vinna fólgin í að vinna umsnir um þau mörgu lög og reglugerðir sem sett eru og snerta landbúnaðinn. Þar er einnig sinnt þátttöku í margs konar starfs- eða samráðshópum t.d. þar sem verið er að vinna tillögur að endurskoðun á regluverki eða verið að taka mál til skoðunar sem varða landbúnaðinn. Bændasamtökin eru heildarsamtök landbúnaðarins og sem betur fer er oftast haft samráð við þau þegar landbúnaðurinn er til umfjöllunar á vettvangi stjórnvalda.

Þessu til viðbótar er líka fjármála- og skrifstofusvið sem sér til þess að hin daglega starfsemi gangi upp. Margir hafa samband við samtökin, bæði félagsmenn og aðrir, til að leita ýmissa upplýsinga um landbúnaðinn. Greinin stendur á gömlum merg og styrkum fótum í íslensku samfélagi. Fjölmargir hafa taugar til sveitanna og þess sem þar fer fram þó að bein tengsl séu kannski ekki fyrir hendi.

Bændasamtökin reka síðan nautastöð á Hesti í Borgarfirði sem er kjarninn í kynbótastarfinu í nautgriparékt og jafnframt er Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins (RML) dótturfélag samtakanna. RML er fyrirtæki sem sinnir ráðgjöf við bændur um allt land. 2015 er þriðja starfsár fyrirtækisins en í ársbyrjun 2013 var ráðgjafarstarfsemi BÍ og búnaðarsambandanna sameinuð í einu félagi undir merkjum RML. Ráðgjafarstarfsemi nýtur stuðnings úr búnaðarlagasamningi en byggist einnig á útseldri vinnu.

Eins og kunnugt er er Hótel Saga jafnframt dótturfélag samtakanna. Hótelíð var auglýst til sölu síðastliðið haust en ekki bærast ásettning tilboð. Búnaðarþing 2015 ályktaði síðan að hótelið skyldi vera áfram í eigu samtakanna að minnsta kosti um sinn.

Endurnýjun búvörusamninga fram undan

Starfsemi samtaka bænda er því margvísleg og jafnframt stór verkefni fram undan. Innan tíðar er von á því að viðræður hefjist um endurnýjun búvörusamninga. Búnaðarþing fyrr á árinu samþykkti ítarlega ályktun um samningana og aðalfundur Landssambands kúabænda og Landssamtaka sauðfjárbænda samþykktu einnig ályktanir um sínar áherslur. Ástæða er til að hvetja bændur til að kynna sér þessar samþykktir því búvörusamningar skipta alla í landbúnaðinum miklu máli.

Þá er einnig viðbúið að miklar breytingar geti orðið á starfsemi samtaka bænda ef að innheimta búnaðargjalds leggst af, eða a.m.k. þess hluta þess sem er nýttur til að fjármagna starfsemi samtaka bænda. Búnaðarþing hefur mótað þá stefnu að félagsgjöld til BÍ verið 0,3% af landbúnaðarveltu, ef og þegar til þessara breytinga kemur, en hvorki tímasetning þeirra né útfærsla liggur fyrir.

Það eru því mörg stór verkefni fram undan nú sem fyrr. En ég hlakka til og endurtek þakkið fyrir góðar óskir til mín og vonast eftir góðri samvinnu við alla sem bera hag landbúnaðarins fyrir brjósti. /SE



Fríður hópur fulltrúa Landssamtaka sauðfjárbænda á aðalfundi 2015. Þess má geta að samtökin eiga 30 ára afmæli á þessu ári.

Mynd / HKr.

Líf og starf



Rob Van Leijsen, Einar Pálsson og Magnús Ágústsson, garðyrkjuráðunautur hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins.

Bjart fram undan hjá jarðarberjaræktendum í Sólbyrgi:

Jarðarberin tveimur mánuðum fyrr á ferðinni en venjulega

Garðyrkjustöðin Sólbyrgi á Kleppjárnsreykjum sendi fyrstu jarðarberin frá sér í búðir um miðjan mars, en jarðarber er þeirra aðal ræktunartegund.

Að sögn Einar Pálssonar, sem á og rekur stöðina ásamt konu sinni, Kristjönu Jónsdóttur, settu þau upp lýsingu í vetur og eru að fíkra sig áfram með þá tækni til að berin komist fyrr á markað.

„Það skilaði sér í því að núna erum við um tveimur mánuðum fyrr á ferðinni með berin í búðir en á undanförunum árum. Ræktunartímabilið lengist líka og við reiknum með að geta boðið upp á jarðarber langleiðina til jóla – og þá verði búið að uppskera milli 25 og 30 tonn. Við stefnum á að vera með framboð á berjum tíu mánuði ársins. Svo þarf vart að taka fram, að við notum



eingöngu lífrænar varnir og ræktunin er eins vistvæn og hægt er að hugsa sér.“
Borgar Páll Bragason,

fagstjóri í nytjaplöntum hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins, leit við á dögnum í Sólbyrgi og var hollenskur ráðunautur sérfróður í jarðarberjaræktun með í för. Hann heitir Rob Van Leijsen og var hann

ánægður með það sem hann sá og væntir góðrar uppskeru. Rob hafði einnig fram að færa mjög gagnlegar ábendingar sem munu nýtast þeim hjónum til að ná enn betri árangri í ræktun sinni. /smh

MÆLT AF MUNNI FRAM 127

Nú lengir dag og líður að vori. Því er tilvalið að helga þáttinn liðnum vetri með listilegum kveðskap frá Davíð H. Haraldssyni. Orðfæri Davíðs finnst mér talsvert frábregðið því sem almennt er í kveðskap sem gerir vísur hans eftirtektarverðari en annars væri. Eins er efnið valið frá öðru sjónarhorni en vaninn býður sem ljær vísu hans persónulegan og læsilegan stíl. Það er því eyfirskur svipur á þættinum. Fyrstu vísuna nefnir Davíð „Dagur í byrjun desember“:

*Klæða lindir svalblá svell,
sofa björk og heggur.
Sólin létt á Fákafell
fölan vanga leggur.*

Vetrardagur við Eyjafjörð:

*Ræktar Frosti rós í skugga,
reynir klæðist héluflík.
Austan fjarðar gegnum glugga
gægist sól í Ystu-Vík.*

Kvöld í desember:

*Heilsar jörðu kolbrýnt kvöld,
kveikir ljós í skugga.
Drottinn heiðblá himnatjöld
hengir fyrir glugga.*

Enn líður á vetur og komið fram í febrúar:

*Hlíðarfjall nú hlær við sól,
hlákublátt um vanga.
Undir fölum fannakjól
felur svarta dranga.*

Á páskum:

*Semur ljóð um rós og reyni
rámur hrafn á svörtum kjól.
Grýlukerti grátt á steini
grætur, kysst af páskasól.*

Vetrardagur:

*Felur mjöll um freðinn völl
fjól, þöll og víði.
Hafa öll með hávær köll
hópast tröll á skíði.*

Norðan áhlaup síðustu helgar skall á einmitt þegar landanum var að léttast brúin eftir veðrasaman vetur. Oft er einmitt talað um páskahret og einu slíku lýsir Davíð í kveðskap sem hann nefnir „Á hörðu vori“:

*Heilsar okkur indælt vor?
Ekkert fjær er sanni!
Dimma gamla drapst úr hor
og djúp í básnum veðst upp for
og MAST vill koma á
mjólkursölubanni.*

*Klæðast svellum kalgrá tún.
Kvíði vex til sveita.
Þyngist enn á bændum brún,
búast ull og gæsadún
og bölvá þegar bilar hitaveita.*

*Fjárhúsið er fennt í kaf.
Fúll er Jónas granni
því nú er kalt við nyrsta haf
og Nína hans er stungin af
með Ebenezer afleysingamanni.*

Davíð fylgist líka vel með þjóðmálum. Frosti Sigurjónsson alþingismaður skilaði á dögnum forsætisráðherra Sigmundi Davíð skýrslu um endurbætur á peningakerfinu. Það sögðu sig tveir frá skýrslugerðinni sem tilnefndir höfðu verið. Frosti skilaði því skýrslunni í eigin nafni og einhverja hluta vegna á ensku:

*Það hættu tveir sem honum þykir
leitt,
í hópinn vantar nýja sem hann
fann ekki.
Í skýrslunni hann skilur ekki neitt,
hún skrifuð er á máli sem hann
kann ekki.*

Umsjón:
Árni Geirhjórtur Jónsson
kotabyggd1@gmail.com

Ný stjórn Sambands garðyrkjubænda:

Gunnar í Ártanga er nýr formaður

Á aðalfundi Sambands garðyrkjubænda (SG) sem haldinn var síðastliðinn þriðjudag urðu formannsskipti; Sveinn Sæland, Garðyrkjustöðinni Espiflöt í Reykholti, lét af störfum sem formaður og Gunnar Þorgeirsson, Gróðrarstöðinni Ártanga í Grímsnesi, tekur við af honum.

Tvær nýjar konur koma inn í stjórn; Helga María Pálsdóttir, Gróðrarstöðinni Kjarri í Ölfusi, og Sigrún Pálsdóttir, Garðyrkjustöð Sigrúnar á Flúðum.



Sveinn óskar Gunnari til hamingju. Erna Bjarnadóttir frá Bí klappar.

Ásamt Sveini fer Vernharður Gunnarsson, Gróðrarstöðinni Storð í Kópavogi úr stjórn.

Aðkoma annarra að fánaröndinni

Á fundinum var meðal annars samþykkt að leyfa aðkomu garðyrkjuframleiðenda utan SG að fánaröndinni – sem íslenskir garðyrkjubændur eru þekktir fyrir að merkja vörur sínar með. /smh

Fréttir



Guðmundur Geir Gunnarsson.

Mynd / MHH

MS á Selfossi:

Mjólkurbússtjórinn hættir

– Fer í uppbyggingu skyrframleiðslu til útflutnings

Guðmundur Geir Gunnarsson, mjólkurbússtjóri MS Selfossi, lætur af störfum þann 20. apríl.

„Já, það er ég og ég tel þetta góðan tímapunkt að stíga til hliðar. MS Selfossi er orðið mjög öflug afurðastöð og á síðustu 4 til 5 árum hefur mjólkurmagnið sem unnið er hér á Selfossi farið úr 40 milljónum lítra í 70 milljónum lítra á ári eða um helmingur af allri framleiddri mjólk í landinu fer nú orðið í gegnum mjólkurbú hér á Selfossi,“ segir Guðmundur Geir Gunnarsson, mjólkurbússtjóri MS Selfossi, þegar

hann var spurður hvort hann væri sáttur við það að stíga upp úr stól mjólkurbússtjóra.

Guðmundur Geir hættir að eigin ósk 20. apríl og tekur við nýju starfi sem verkefnastjóri í uppbyggingu skyrframleiðslu á Selfossi til útflutnings á markaði í Evrópu.

„Um síðustu áramót var ég búinn að starfa í mjólkurbúinu á Selfossi í 34 ár og 6 ár í Osta- og smjörslunni, sem gerir samtals 40 ár í mjólkuriðnaðinum,“ bætir Guðmundur Geir við. /MHH



Arni Björn heiðursknapi.

Norðurljós – stórsýning Fáks

Norðurljós – stórsýning Fáks verður haldin í TM-Reiðhöllinni, Víðidal í Reykjavík á laugardaginn, 18. apríl.

Þar verður margt í boði og þar mætir Árni Björn sem heiðursknapi. Einnig verða þar sýndir flottustu hestarnir, Íslandsmeistarar, Landsmóttisigurvegarar, söngatriði,

veitingar og kynning á léttum veitingum og margt fleira. Síðan verður dansleikur um kvöldið í félagsheimili Fáks.

Forsala er í Reiðhöllinni í dag, 16. apríl, og á morgun þann 17. frá klukkan 18 til 20.00. Miðaverð er 2.500 krónur í forsölu en 2.900 við innganginn.



Einar Freyr Elínarson, formaður Samtaka ungra bænda (SUB).

Mynd / HKr.

Ályktanir aðalfundar Samtaka ungra bænda 2015:

Félagsleg vandamál eru orsök vanrækslu á dýrum

Aðalfundur Samtaka ungra bænda (SUB) var haldinn að Reykjum í Hrutafirði 10.–11. apríl síðastliðinn. Meðal ályktana fundarins er að vanræksla á dýrum eigi sér félagslegar orsakir og beri að meðhöndla sem félagslegt vandamál. Fjöldi ályktana voru samþykktar á fundinum.

Aðalfundur Samtaka ungra bænda (SUB) skorar á sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra að hefja gerð nýrra búvörusamninga strax og krefjast samtökin þess að kallaðir verði til fulltrúar frá SUB þegar hafist verður handa við samningsgerðina.

Samtökin taka undir þau sjónarmið ráðherra að samningar verði gerðir til langs tíma. Mikilvægt er að áhersla verði lögð á kerfi sem auðveldi nýliðum að komast inn og að stuðningur verði við nýliðun í öllum greinum landbúnaðar, þar sem það er góð fjárfesting fyrir þjóðfélagið. Nýliðun eykur framleiðni, nýsköpun, metnað og framfarir og það er landbúnaðinum hollt að fá nýja aðila inn.

Aukin velferð dýra og bænda

Aðalfundurinn hvetur sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra til að ráðast í endurskoðun verkferla þegar kemur að málum er varða vanrækslu dýra. Í greinargerð með samþykktinni segir að ítrekuð vanræksla á dýrum sé svartur blettur á stétt bænda. Leita ætti allra leiða til að uppræta búrekstur þar sem vanræksla þrífst. Það er auðséð að þær leiðir sem farnar hafa verið hafa skilað of litlu. Víða hefur vanræksla liðist svo árum skiptir. Ef raunverulegur vilji er til að ráða bót á þeim vanda er

því mál til komið að reyna nýjar aðferðir. Vanræksla er ekki ástand sem heilbrigður bóndi getur hugsað sér að horfa upp á. Ef til vill er það kjarni vandans, að bóndinn gangi ekki heill til skógar.

Félagsleg vandamál eru orsök margra barnaverndarmála og því rökrétt að sama gildi um dýraverndarmál. Í stað þess að beita sömu aðferðum ítrekað, sem skila litlum árangri, er því vænlegra að ráðast að rót vandans. Með því að veita bændum raunverulega aðstoð mætti ef til vill bæta ástandið víða. Aðalfundur SUB telur þetta vera mál sem ættu heima á borði félagsþjónustunnar jafnt og Matvælastofnunar og hvetur til samstarfs þar á milli.

Fundurinn harmar vinnubrögð Landgræðslu ríkisins við gerð umsagna fyrir landbótaáætlanir í gæðastýringu, og þann átakafarveg sem málið virðist komið í. Fundurinn hvetur Landgræðsluna til að endurskoða vinnubrögð sín og kröfur í þessu máli.

Dýralæknaþjónusta

Samtök ungra bænda skorar á landbúnaðarráðherra og hlutadeigandi aðila að tryggja lágmarks dýralæknaþjónustu á landsbyggðinni. Einnig leggur fundurinn til að reglum um lyfjanotkun og vörslu dýralyfja verði breytt þannig að skortur á aðgengi komi ekki niður á velferð dýra. Á fundinum var einnig skorað á mennta- og menningarmálaráðherra að tryggja gott nám í þeim greinum er snúa að landbúnaðinum. Góð menntun og öflugt rannsóknarstarf er grundvöllur framfara í landbúnaði. Samtök ungra bænda lýsa sig tilbúin til viðræðna við ráðherra

um það hvernig þessum málum verði best háttáð.

Lyfjanotkun í landbúnaði

Í ályktun fundarins um lyfjanotkun í landbúnaði eru allir hlutadeigandi aðilar hvattir til að halda því á lofti við íslenska neytendur hversu lítil lyfjanotkun er í íslenskum landbúnaði í samanburði við önnur lönd enda mikil vakning meðal neytenda um gæði matvæla og þar sem íslensk matvælaframleiðsla er mjög hrein er gott að nýta þessa sérstöðu í markaðssetningu.

Í greinargerð með ályktuninni segir að neytendur geri kröfur um gæði matvara og það styrkir stöðu íslenskra búvara hversu lítil notkun er á lyfjum í framleiðslu þeirra. Íslenskur landbúnaður þarf að vera undir það búinn að fá erlenda samkeppni og er þetta mjög sterkt vopn í þeirri baráttu. Hægt er að líta til vistvænnar eggjaframleiðslu þar sem lögð er áhersla á gæði og hreinleika vörunnar, sem skilar sér í aukinni sölu og möguleika á herra verði. Íslensk grænmetisframleiðsla er mjög hrein og hefur það sýnt sig að íslenskir neytendur velja íslenskt grænmeti fram yfir erlent, þrátt fyrir herra verð. Matvælaeftirlit á Íslandi er öflugt og er rétt að láta neytendur vita af því.

SUB kannar aðila að BÍ

Á fundinum var stjórn Samtaka ungra bænda falið að kanna kosti þess að SUB gerist aðildarfélag Bændasamtaka Íslands og að stjórnin beri síðan tillögu um mögulega aðild undir næsta aðalfund SUB eða auka-aðalfund þyki þess þurfa. /VH

REYKJAVÍK Sími: 414-0000 /// AKUREYRI Sími: 464-8600 /// www.VBL.is

BEISLISHLUTIR - REKSTRARVÖRUR

GOTT ÚRVAL - HAGSTÆTT VERÐ

Sjá nánar í vefverslun okkar á VBL.is undir beyslishlutir

VB LANDBÚNAÐUR ehf. Agriculture Ltd. www.VBL.is

REYKJAVÍK Krókháls 5F 110 Reykjavík Sími: 414-0000

AKUREYRI Baldursnes 2 603 Akureyri Sími: 464-8600



Auglýsing um styrki vegna aukinnar landgræðslu

Landgræðsla ríkisins auglýsir eftir umsóknum um styrki vegna aukinnar landgræðslu árið 2015. Stefnt er að viðtækri þátttöku bænda og annarra forráðmanna lands, félaga og samtaka sem vinna að landgræðsluverkefnum.

Styrkur til einstakra verkefna á þessu ári getur að hámarki numið 2/3 af áætluðum kostnaði að mati Landgræðslunnar. Til úthlutunar eru allt að níu milljónum króna. Landgræðslan veitir ráðgjöf við framkvæmd verkefna sem hljóta styrki, fylgist með framvindu og metur árangur.

Við ákvörðun um styrkveitingar verður meðal annars lögð áhersla á verkefni sem miða að stöðvun hraðfara jarðvegsrofs og gróðureyðingar og endurheimt gróðurs, jarðvegs og votlendis. Uppgræðsla á auðunum, rofsvæðum og öðrum svæðum sem friðuð eru fyrir beit njóta forgangs. Eins er áhersla á verkefni sem stuðla að sjálfbærri nýtingu og bindingu kolefnis í gróðri og jarðvegi.

Bændur, sveitarfélög, félagasamtök og aðrir umráðahafar lands geta sótt um.

Umsóknareyðublöð eru á heimasíðu Landgræðslunnar. Einnig er hægt að nálgast þau og fá nánari upplýsingar á héraðssetrum Landgræðslunnar og á skrifstofu Landgræðslunnar í Gunnarsholti.

Umsóknarfrestur er til 30. apríl nk. og umsóknir skal senda á netfangið land@land.is eða til Landgræðslu ríkisins, Gunnarsholti, 851 Hella.



Landgræðsla ríkisins
Gunnarsholti, 851 Hella
Sími 488 3000

Veffang www.land.is Netfang land@land.is

SAMEINUÐ BERJUMST VIÐ!

KJÓSTU JÁ



Starfsgreinasamband
Íslands

www.sgs.is

KOMDU ÚT ÞVÍ AÐ SÓLSKINIÐ VILL SJÁ ÞIG



**Eigum til afgreiðslu strax í vorverkin Kuhn pinna og hnífataetara
Fyrirliggjandi á lager sláttuvélar, heyþylur og stjórnnumúgavélar**

Heyvinnutækin frá KUHN komin!

Kynnið ykkur hagstætt verð!



gæði í gegn

VÉLFANG VERKIN TALA

Gylfaflöt 32 • 112 Reykjavík • Sími 580 8200 • www.velfang.is • Frostagata 2a • 600 Akureyri

Fréttir



Julio Cesar Gutierrez hampar Gullklippunum.

Myndir /VH

Keppt í rúningi á Kex Hostel:

Julio Cesar Gutierrez hlaut Gullklippurnar

Gullklippurnar, keppni í rúningi, fór fram á Kex Hostel í Reykjavík um þarsíðustu helgi.

Sú nýbreytni var við keppnina að þessu sinni að viðurkenndur dómari frá Skotlandi, Gavin Stevens, kom og dæmdi rúninginn eftir alþjóðlegum reglum.

Meðal keppenda voru núverandi Íslandsmeistari, Hafliði Sævarsson, Julio Cesar frá Úrugvæ, Gavin Stevens frá Skotlandi og Englendingurinn Foulty Bush.



Sauðfé er frá Hraðastöðum í Mosfellsdal.

Sigurvegari að þessu sinni var Julio Cesar Gutierrez en hann sigraði keppnina einnig á síðasta ári. /VH

Tveir útilegulambhrútar fundust í Skíðadal

Þann 2. apríl, þegar gönguskíðafólk var á leið í Sveinsstaðafrétt í Skíðadal, varð það vart við kindur rétt við gangnamannahúsið Stekkjarhús.

Var farið í leiðangur á gönguskíðum og snjósleða á föstudaginn langa til að handsama féð. Þetta reyndust vera tveir lambhrútar frá bænum Hnjúki í Skíðadal og var þeim komið til byggða. Þeir eru vel á sig komnir þrátt fyrir að hafa gengið úti allan veturinn.

Alengt er að það fari að fjölga í fjárhúsum sauðfjárbænda þegar ein og ein kind fer að bera í apríl en sjaldgæfara að lömb sem ekki skila sér af fjalli á haustin komi til byggða á þessum árstíma.



Lambhrútararnir voru vel á sig komnir þegar þeir komu í hús þrátt fyrir útvist í vetur í afar slæmum veðrum. Mynd / Jón Þórarinnsson.

Landgræðsla:

Vinna hafin við frumvarp að nýjum lögum

Við gerð frumvarpsins verður meðal annars byggt á vinnu nefndar um endurskoðun laga um landgræðslu, sem skilaði greinargerð í júní 2012.

Í greinargerðinni er meðal annars lagt til að tilgangur laganna skuli vera: „... að vernda, endurheimta og auka þær auðlindir þjóðarinnar sem fölgjar eru í jarðvegi og gróðri landsins og stuðla að sjálfbærri vernd og nýtingu þeirra. Jafnframt að vistkerfi landsins geti veitt samfélaginu fjölbreytta þjónustu.“

Við gerð frumvarpsins er lögð áhersla á að skýra ákvæði um verndun vistkerfa og jarðvegs, sjálfbæra nýtingu þeirra, sem og leiðir til landgræðslu með það meginmarkmið að byggja upp og endurheimta gróður- og jarðvegsauðlindir landsins.

Umhverfis- og auðlindaráðherra ákvað í haust að hefja vinnu við frumvarp að nýjum lögum um landgræðslu. Núgildandi lög um landgræðslu voru staðfest 24. apríl 1965.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið mun njóta aðstoðar samráðsvettvangs



við gerð frumvarpsins. Hann verður skipaður tveimur fulltrúum fyrri nefndar, og fulltrúum Bændasamtaka Íslands, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Landverndar. Hlutverk vettvangsins er að vera

ráðuneytinu til ráðgjafar um innihald og uppbyggingu nýs frumvarps, m.a. á grunni fyrirbyggjandi vinnu.

Miðað er við að frumvarp til nýrra laga um landgræðslu verði lagt fram á haustþingi 2015. /VH

Eysteinseyri við Tálknafjörð:

Gemlingurinn Frökk bar tveimur gimbrum

Sá fáheyrði átti sér stað á bænum Eysteinseyri við Tálknafjörð að gemlingur sem kallast Frökk bar tveimur lömbum 27. mars síðastliðinn.

Frökk er fædd 15. maí 2014 og því innan við ársögmul. Marínó Bjarnason, bóndi á Eysteinseyri, segist hafa haft samband við Ólaf R. Dýrmundsson sem hefur rannsakað mest gangmál og burðartíma á íslensku sauðfé. „Ólafur sagðist ekki muna eftir að gemlingur fæddur á þessum árstíma hafi borð svona snemma.“

Annars er það að fréttu af fjárstofni á Eysteinseyri að eftir fósturtalningu í mars töldust 179 fóstur í 73 fullorðnum ám og 21 gemlingi og engin í hópnum reyndist vera geld. Marínó segir að hugsanlega megi þakka þessa góðu frjósemi að nýlega var farið yfir allt rafmagn í fjárhúsunum og það lagað. „Rollurnar eru mun rólegri eftir að rafmagnið var tekið í gegn og þeim virðist líða betur.“ /VH



Marínó Bjarnason, bóndi á Eysteinseyri, gemlingurinn Frökk og tvílembingarnir.



Fjölnota inngjafabyssa, hentar bæði í bólusetninga, ormalyfsgjöf og AB-mjólk. 1/2 líters plastflaska passar á byssuna.

Verð: 12.800kr



Egilsholti 1, 310 Borgarnesi
Afgreiðsla, sími 430 5500
Opíð virka daga 8-18
laugardaga 10-15
www.kb.is, margret@kb.is

Dalaostar

GOTT HANDBRAGÐ ÚR DÖLUNUM



■ DALAOSTARNIR Í 100 ÁR ■

Reynsla og þekking kúabóndans er lykilatriði þegar framleiða á afbragðsmjólki. Í hundrað ár hefur hún nýst vel til ostagerðar í Dölunum eða allt frá því fyrsti mygluosturinn var framleiddur í Ólafsdal.








FRUM - www.frum.is

Vélfang og Kverneland bjóða á plæginganámskeið

Hvar: 28. apríl Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri. Bútækni húsið.
 29. apríl Búaðföng. Stórolfsvelli við Hvolsvöll.
 30. apríl Vélfang Akureyri. Frostagötu 2a.

Hvenær: Tími frá 10:30 – 16:00 alla dagana.

Kennt verður á helstu týpur Kverneland plóga og nýjungar kynntar. Námskeiðið skiptist í verklega kennslu innanhúss og verklega kennslu í plægingum í akri.

Sjá nánar á www.Velfang.is og velfang facebook
Áhugasamir eru hvattir til að skrá sig hið fyrsta.
Símar 580 8203 og 8400-823 eða ske@velfang.is


VERKIN TALA

Gylfafiöt 32 • 112 Reykjavík • Sími 580 8200 • www.velfang.is • Frostagata 2a • 600 Akureyri




Off-Highway Products

- Skiptingar
- Öxlar
- Drifsköft
- Varahlutir



f Vertu vinur okkar á Facebook Viðurkenndur söluaðili Dana Spicer - Atvinnutæki
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is



Iðnaðarryksugur

Fyrir bæði blautt og þurrt

Sjálfvirk hreinsun á síu

NT 35/1 Tact
Ryksugar blautt og þurrt

Fylgihlutir
Barki 35mm 2,5m, málmrör, 30mm gólfhaus og mjór sogstútur.

NT 25/1 Ap
Ryksugar blautt og þurrt

Fylgihlutir
Barki 35mm 2,5m, málmrör, 30mm gólfhaus og mjór sogstútur. Takki fyrir hreinsun á síu.



NT 45/1 Tact Te
Ryksugar blautt og þurrt

Fylgihlutir
Barki 35mm 2,5m, málmrör, 30mm gólfhaus og mjór sogstútur, rafmagnstengill.

Tengill



NT 55/1 Tact
Ryksugar blautt og þurrt

Fylgihlutir
2,5m 35mm barki, málmrör, 30mm gólfhaus og mjór sogstútur.


KÄRCHER SÖLUMENN

Skeifan 3E-F · Sími 581-2333 · rafver@rafver.is · www.rafver.is

VERTU Á ÖRUGGUM STAÐ

Úrval véla og tækja fylgja okkur í Vorlestinni. Úrvalið má sjá hér fyrir neðan en þar á meðal er glæný Valtra T234 sem við frumsýnum ásamt fyrsta liðstýrða Valtra á landinu, N163X.



VÉLAR · VERSLUN · VARAHLUTIR

Verslunar- og varahlutadeild verða með margar góðar vörur á frábæru verði. Auk þess gefum við glæsilegan glaðning til þeirra sem prufukeyra nýjum traktorum frá okkur.

Valtra N103

Valtra N163X

Valtra T234

Massey Ferguson 6615

Massey Ferguson 5613

Massey Ferguson 5610

Club Car Fjölnota bílar

Club Car Rafbílar

Schaffer Liöléttingar

Indespension Kerrur

Pöttinger Pinnatætarar

Bogballe Áburðardreifari

Frum-sýnum tvær glænýjar Valtra vélar í ferð okkar hringinn í kringum landið.

FYRSTA STOPP ER Á HVOLSVELLI, 16. APRÍL




Valtra T234 ásamt Valtra N163X, fyrstu liðstýrðu Valtra dráttarvélinni á Íslandi.

Fylgstu með okkur á facebook!

f facebook.com/008selfoss

Austurvegur 69 - 800 Selfoss
Lónsbakki - 601 Akureyri
Sólvangi 5 - 700 Egilsstaðir
Sími 480 0400
jotunn@jotunn.is
www.jotunn.is

Fréttir



Á Þórustöðum eru fjögur hæsnahús, eitt uppeldishús og þrjú varphús. Þar búa um 23 þúsund fuglar og þar af eru um 2.000 hanar sem hafa í nógu að snúast.

Myndir / MHH

Hæsnabú Matfugls á Þórustöðum í Ölfusi:

Tuttugu og þrjú þúsund sænskar hænur á búinu

- „Hænur eru bráðgáfaðar“ segir bústjórinn

Á Þórustöðum í Ölfusi er rekið öflugt hæsnabú á vegum Matfugls sem hóf starfsemi á staðnum í nóvember 2003. Fyrirtækið er með höfuðstöðvar sínar í Mosfellsbæ en þar er skrifstofa, mötuneyti, kjúklingasláturhús og vinnsla þar sem kjúklingurinn er hlutaður niður í bita og úrbeinaður.

Þar er einnig framleiðslueldhús þar sem framleiddar eru ýmsar vörur úr kjúklingi fyrir veitingastaði og mötuneyti, stór og smá. Á Þórustöðum eru fjögur hæsnahús, eitt uppeldishús og þrjú varphús. Þar búa um 23 þúsund fuglar og þar af eru um 2.000 hanar sem hafa í nógu að snúast. „Almennt gengur umhirða fuglanna vel, hér eru allar hænur í lausagöngu en Matfugl notar ekki búr við sína framleiðslu, hvorki fyrir varphænur eða kjúklinga. Þess má geta að Matfugl hóf fyrir nokkru framleiðslu á kjúklingum sem fá að fara út. Við köllum þennan kjúkling Vistfugl,“ segir Monika Pálsdóttir, bústjóri á Þórustöðum.

Fyrsta eggjð um tuttugu og tveggja vikna aldurinn

Fuglarnir koma á Þórustaði þegar þeir eru orðnir átta vikna gamlir.

„Hér fara þeir í uppeldishús þar sem þeir eru í tíu vikur. Í uppeldishúsunum er fuglunum skipt upp í hópa þannig að auðveldara sé að fylgjast með því hvernig þeir vaxa og dafna. Hænunum er skipt upp í fjóra hópa en hönunum í tvo,“ segir Monika.

Fuglarnir eru vigtaðir a.m.k. einu sinni í viku og síðan er unnið út frá vigtartölunum. Þeir þættir sem ráðast út frá þeim eru fóðrun, birtustig og daglengd. Í kringum 16. viku hefst kynþroskatímabilið hjá fuglunum og þeir breytast úr ungum í hænur/hana. Fyrir flutning í varphús þurfa fuglarnir helst að vera komnir í kjörþyngd, mjög mikilvægt er að þeir séu ekki of léttir en ekki er gott að þeir séu mikið of þyngir heldur.

„Við nítján vikna aldurinn eru fuglarnir fluttir úr uppeldishúsinu í eitt af þremur varphúsunum hér á Þórustöðum eða í Árver við Dalvík sem er líka í eigu Matfugls. Þegar þeir eru komnir í varphúsin hefst enn þá nákvæmara samspil með vigtnum, fóðrun, daglengd og birtustig. Þarna er farið að líða að varptímabilinu.“

Algengast er að sjá fyrsta eggjð um tuttugu og tveggja vikna aldurinn. Þegar 5% af hænunum í húsinu eru byrjaðar að verpa eggjum er fóðrun hópsins stýrt út frá varpprósentu auk þyngdar fuglanna. Hér skipta vinnubrögð og nákvæmni starfsmanna miklu máli um framvindu hópsins.

Um 29 vikna aldurinn er varpið oftast búið að ná hámarki og stjórnast fóðrun alveg af því. Svona er þetta áframhaldandi samspil út tímabilið. Líftími stofnhænu er um 60 vikur,“ segir Monika.

Unnið alla daga ársins

Vinnudagurinn byrjar að öllu jöfnu



Tveir starfsmenn vinna á búinu á Þórustöðum, auk mæðganna Moniku Pálsdóttur bústjóra og Sigurbjargar Jónsdóttur sem eru hér fyrir miðri mynd. Það eru þau Atli Guðjónsson (t.v.) og Caroline Aldén frá Svíþjóð (lengst til hægri á myndinni) en þau búa bæði á Selfossi.

Myndir / MHH



Mæðgurnar eru það samrýndar að þær mæta stundum í alveg eins fötum í vinnuna, hér eru þær í bleiku peysunum sínum, þær hlæja oft að þessu. Sigurbjörg byrjaði að skottast með mömmu sinni í vinnuna þegar hún var ellefu ára og var strax mjög áhugasöm um að læra á allan tæknibúnað sem og sinna öllum almennum störfum.

Myndir / MHH

klukkan átta á Þórustöðum. Þá mæta fjórir starfsmenn til daglegra starfa, um helgar eru þeir tveir.

„Hér er unnið alla daga allt árið um kring eins og í svo mörgum öðrum landbúnaðarstörfum. Dagleg störf

hér eru eggjatínsla og flokkun sem og dagleg umhirða í hænuhúsunum. Eggjin koma á færribandi inn í eggjatínslurýmið þar sem þeim er raðað í útungunargrindur. Færribandið er staðsett undir hreiðurkössunum

sem hænurnar verpa í en eggjin rúlla úr hreiðrunum inn á bandið. Bandið er sett í gang tvisvar sinnum á dag. Eggjin eru geymd í sérstökum eggjageymslum þar sem hita- og rakastig er haft þannig að fóstrin í eggjunum varðveitist sem best. Einu sinni til tvisvar í viku eru egg sótt á búð og farið með þau í útungunarstöð Matfugls sem staðsett er á Kjalarnesi,“ segir Monika þegar hún var spurð hvernig vinnudagurinn í búinu væri. Á stofnbúi eru strangar umgengnisreglur og hreinlæti starfsmanna skiptir miklu máli.

Hæurnar frá Svíþjóð

Hæurnar á Þórustöðum eru fluttar inn sem egg frá Svíþjóð. Fluttur er inn nýr stofn fjórum sinnum á ári. Eggjunum er ungað út í einangrunarstöð og ungarnir síðan fluttir á fyrsta degi í einangrunarþú þar sem þeir eru í 8 vikur.

„Áður en ungarnir fá að koma hingað á Þórustaði eru tekin sýni úr þeim og send til rannsóknar í Svíþjóð. Þar er skimað fyrir flestum þekktum fuglasjúkdómum og er þetta gert til að koma í veg fyrir að sjúkdómar berist til landsins. Sem betur fer hefur það ekki enn komið fyrir hjá okkur að sjúkdómur hafi greinst í þessum sýnum en ef slíkt kæmi upp á þyrfti að farga öllum fuglum í hópnun,“ segir Monika. Matfugl rekur einangrunarútungunarstöð í Þorlákshöfn sem eingöngu er notuð til útungunar á stofnfugla-

eggjunum frá Svíþjóð. Litlu gulu hnoðranir fara því næst í sóttkví á einangrunarþú og eru þar í átta vikur eða þar til sóttkví er aflétt eftir að niðurstöður sjúkdómaskimunar liggur fyrir.

Hænur eru bráðgáfaðar

Þegar blaðamaður heimsótti búð á Þórustöðum tók hann eftir hvað fuglarnir voru rólegir og hvað þeim leið vel í húsunum.

„Samviskusemi og nákvæmni starfsmanna svo og alúð við dýrin skilar sér vel í rekstri búsin. Með rólegri umgengni um hænuhúsin verða fuglarnir rólegir og er því oft eins og maður sé bara einn af hópnun,“ segir Monika þegar hún var spurð út í þetta atriði. Hún segir margt skemmtilegt við vinnuna því það sé verið að fylgjast með árangri, engir tveir fuglahópar séu eins.

„Hænur eru bráðgáfaðar og getur verið alveg bráðskemmtilegt að fylgjast með atferli þeirra. Þær geta verið með heilu leikþættina,“ segir Monika og tekur fram að hún hafi kynnst mikið af góðu fólki í vinnu sinni og í dag sé hún einstaklega heppin með starfsfélagi.“

Vinnuandinn er oftast mjög léttur á staðnum, ég er bara ein af hópnunum og meðan allir sinna því sem þeir eiga að gera er þetta gott. Ég er með úrvals fólk hjá mér núna og gerum við oft eitthvað skemmtilegt saman utan vinnu,“ segir bústjórinn á Þórustöðum. /MHH

NÝR FARMALL Á ÍSLANDI

CASE II
AGRICULTURE

CaseH Farmall 115U Pro, 114 hestöfl



Staðalbúnaður sem setur vélina á fremsta bekk 5 sterkir punktar:

- Vökvaskiptur gírkassi 32+32 með sjáfskiptimöguleika
- Fjaðrandi ökumannshús með loftkælingu
- 100 ltr/mín. vökvadæla með 4 ventlum (8 úttökum)
- Vökvaútskotinn dráttarkókur
- Flotmikil dekk 480/65R24 að framan og 600/65R34 að aftan

Kynningarverð aðeins kr. 8.390.000- án vsk.

(kr. 10.403.600- með vsk.)

KRAFTVÉLAR

Dalvegur 6-8 • 201 Kópavogur • Sími 535 3500
Draupnigata 6 • 603 Akureyri • Sími 535 3526
www.kraftvelar.is • kraftvelar@kraftvelar.is



Sláturfélag Suðurlands kynnir

PECKStone

Steinefnasteinar fyrir alifugla

Vitfoss

Vitfoss er stærsta bætiefnafyrirtæki á norðurlöndum og er í eigu DLG

Steinarnir hvetja til náttúrulegs atferlis (goggun, slípun á goggi, veiðihegðun) og hafa þannig róandi áhrif á fuglana.

- Stuðlar að heilbrigðum efnaskiptum.
- Bæta beinmyndun og heilbrigði fiðurs.
- Innihalda nauðsynleg steinefni og sölt.

PECKStone Poultry 10 kg

Hentar sérstaklega vel fyrir varphænur. Má notast í lífrænni framleiðslu. Gul fata.

PECKStone Poultry Wheat 8 kg

Hentar fyrir kjúklingarækt, unghænur, kalkúna og varphænur. Rauð fata.

- Geymist á þurrum stað.



Nánari upplýsingar fást hjá sölumönnum um allt land og á skrifstofu SS.

Sláturfélag Suðurlands svf. • www.ss.is • Fosshálsi 1 • 110 Reykjavík • Sími 575 6000

STEEKUR

Ósjálfráð skrift

Vinsældir Bændablaðsins hafa vaxið talsvert síðustu mánuði og síður blaðsins fleiri en á svipuðum árstíma undanfarin ár og við blaðamennirnir því stundum þurft að spýta í lófana. Persónulega hef ég komið mér upp nýjum ritstíl við slíkar aðstæður og kallast ósjálfráð skrift.

Skrift að þessu tagi er vel þekkt og svissneski andamiðillinn Helen Smith varð fræg fyrir störf sín um aldamótin 1900 þegar rithöfundurinn Victor Hugo fór að tala í gegnum hana. Í einni leiðslunni greip hún penna og fór að skrifa af miklum krafti en þegar æðlið rann af henni mundi hún ekkert eftir atvikinu. Helen skrifaði meðal annars greinargóða lýsingu á lífi framliðinna sem höfðu aðsetur á plánetunni Mars og um tíma ritaði hún á tungumáli þeirra.

Andaskrift eða ósjálfráð skrift vakti mikla athygli meðal spíritista á nítjándu öld og fyrirbærið barst fljótlega til Íslands.

Í bókinni Er líf eftir dauðann? er ósjálfráðri skrift lýst á eftirfarandi hátt: „Maður situr þægilega, heldur á penna og hefur blað fyrir framan sig. Eftir nokkrar árangurslausar tilraunir fer höndin að hreyfast sjálfkrafa. Fyrst kemur ólæsilegt krot, síðan orð og ljósar menningar, þótt skrifarinn horfi ekki á blaðið og hugsí um allt annað. Þegar síðan er farið að lesa úr því sem skrifast hefur og til þess þarf þolinmæði, því allt er skrifað í einni stríklotu, engin greinarmerki. Stundum koma í ljós orðsendingar, ýmist frá látnum ættingjum eða öðrum öndum, þekktum eða óþekktum. Þær flytja huggun og gefa ráð, stundum gamansamt mál, stundum alvarlegar áminningar. Mál og stíll getur verið allsinnis ólíkt skrifaranum og fyrir koma orð úr tungumálum, sem hann kann ekkert í. Sá, sem tjáir sig og stýrir hendi skrifans býr stundum yfir þekkingu á bókmenntum og listum langt fram yfir það, sem á valdi skrifans er.“

Ævar R. Kvaran rithöfundur sagði í grein sem nefnist Ósjálfráð skrift að þessi lýsing sé nokkuð rétt en hún geri ráð fyrir því að menn setjist niður í þeim tilgangi að skrifa. „En í flestum tilfellum gerist þetta án nokkurs fyrirfram tilgangs skrifans, t.d. maður heldur á penna og ætlar að fara að skrifa bréf eða eitthvað annað, en finnur þá að hann missir stjórn á hendi sinni og hún tekur að skrifa allt annað en hann ætlaði sér. Oft skrifar höndin líka með miklu meiri hraða en skrifaranum er eiginlegt eða fært ella.“

Mörg dæmi eru um menn sem hafa misst stjórn á pennisinum og skrifað alls kyns sögur og lýsingar sem enginn hefur getað útskýrt. Þegar Guðmundur Jónsson frá Bakka í Arnarfirði, sem síðar varð frægur sem Guðmundur Kamban, var seytján ára gamall tók penni hans á rás og skrifaði sjálfstætt. Sagan segir að Guðmundur hafi ekki haft hugmynd um það sem hann var að skrifa fyrr en aðrir lásu það, jafnvel þótt hann muldraði fyrir munni sér það sem á blaðið fór jafnóðum og hann skrifaði það.

Eftir því sem ég verð lagnari við þessa iðju sannfærast ég æ meir um að ég er ekki eini blaðamaðurinn sem hefur gripið til þessa ráðs í gegnum tíðina og ósjálfráð skrift algengari í blöðum en lesendur gera sér grein fyrir.

/NH

Landbúnaðarsafn Íslands:

Sjötíu og fimm ára safn

Landbúnaðarsafn Íslands hefur opnað nýja sýningu í framtíðarhúsnæði sínu, Halldórsfjosi á Hvanneyri. Af þeirri ástæðu og því að safnið fagnar sjötíu og fimm ára afmæli á þessu ári munu í næstu tölublöðum Bændablaðsins birtast nokkrir pistlar um safnið.

Við byrjum á sögunni:

Þegar árið 1903 samþykkti Búnaðarþing „að hlyna að því, að gömul landbúnaðaráhöld komist á forngripasafnið“. Bændum varð því snemma ljóst, að ástæða væri til þess að hyggja að fortíð, um leið og gengið var af feginleik til móts við nýja og betri tíma. Og árið 1920 flutti Matthías Þórðarson Þjóðminjavörður erindi á ársfundi Búnaðarfélags Íslands um landbúnaðarsafn. Hann vildi:

...að komið yrði upp landbúnaðarsafni hér á landi, í líkingu við það, sem tíðkaðist hjá öðrum þjóðum, til þess að vernda frá algerðri glötun búáhöld, sem smátt og smátt legðust niður ... Aldrei hefði verið slík nauðsyn sem nú á því að stofna slíkt safn, þar eð breytingarnar væru meiri, og umskiftin örrari á búáhöldum, en nokkru sinni áður ... væri fróðlegt og gagnlegt, að safna á einn stað niðurlögðum búáhöldum, og sýna með því breytingarnar og framþróunina á þessum sviðum.

Af framkvæmdum varð ekki, en Búnaðarfélagið mun þó hafa tekið nokkur jarðrykjuverkfæri frá Ólafsdal til varðveislu og þannig bjargað þeim frá glötun.

Næsti áfangi varð árið 1940, en þá samþykkti Alþingi lög um rannsóknir og tilraunir í þágu landbúnaðarins. Í 20. grein þeirra sagði m.a.:

Safni af landbúnaðarverkfærum skal komið upp við bændaskólann á Hvanneyri, undir umsjón verkfæranefndar. Reynt sé að fá sem flestar verkfæraverzlanir og verksmiðjur til þess að leggja fram sýnishorn í safnið, en ella skulu keypt til reynslu verkfæri, sem ekki fást á annan hátt.

Þannig var Verkfærasafnið á Hvanneyri lögfest sem nýmæli í byrjun hinnar raunverulegu vélaaldar til sveita, fyrst og fremst til þess að kynna nýjustu landbúnaðarverkfæri á hverjum tíma.

Fyrstu gripunum safnað 1940

Sumarið 1940 var fyrstu gripunum safnað, m.a. áðurumfundum verkfærum frá Ólafsdal og gripum, sem Thor



Dengingarvél (ljáklappa). Hönnuð og smíðuð af Guttormi Jónssyni frá Hjarðarholti í Dölum í byrjun síðustu aldar. Hún vakti athygli og þótti henta vel til þess að hvetja ljái og auka bit þeirra. Vélin kom í safnið sumarið 1940.



Hestaverkfærin frá Ólafsdal voru meðal þeirra gripa sem fyrstir komu í safnið sumarið 1940. Verkfærin eru flest frá því fyrir aldamótin 1900.



Jensen, bóndi á Korpúlfsstöðum, gaf safninu. Guðmundur Jónsson, kennari og síðar skólastjóri, sinni safninu, gerði fyrstu munaskrá þess og sá til þess að gripirnir komust í geymslu.

Verkfærasafnið komst á fjárlög ársins 1942, og hélst þar til og með fjárlagaárinu 1967 – með 1000–2000 kr. framlagi árlega. Safnið megnaði engan veginn að halda í við tæknipróun landbúnaðarins, sem brátt komst á ógnarhraða. Það varð því fljótt, og raunar öndvert frumtilgangi sínum, safn um það, sem liðið var. Lítið var þó hægt að gera fyrir krónurnar frá Alþingi.

Árið 1976 sendu nokkrir Hvanneyringar Búnaðarþingi



Fordson-dráttarvél. Kom til landsins um 1920; ein fyrsta hjóldráttarvélin sem Íslendingar eignuðust. Páll Stefánsson frá Þverá gaf Halldóri Vilhjálmssyni skólastjóra dráttarvélinu og á Hvanneyri var hún notuð um árabil. Dráttarvélin var tekin í safnið sumarið 1940.

erindi um Verkfærasafnið og eflingu þess. Þingið fjallaði um erindið og tók forystu í málinu, undir stjórn Haraldar Árnasonar ráðunauts. Hafin var fjársöfnun til húsbýggingar fyrir safnið meðal samtaka bænda. Nokkurt fé safnaði, en meira munaði þó um að athygli vaknaði á málinu. Ekkert varð af húsbýggingunni en fyrir atbeina Haraldar var hluta af fé Vélaskólans, sem þá var að ljúka störfum, varið til þess að þússa upp fáein gömul og merkileg verkfæri og traktora. Þau voru síðan sýnd við ýmis tækifæri.

Þannig, og með gripunum, sem safnað hafði verið árið 1940, varð til dágóður vísir að safni, og sumarið 1987 var hann opnaður almenningi sem sýning í smáum stíl þó. Þúfan, sem hlássinu velti, var sú, að starfsmenn Bútæknideildar RALA á Hvanneyri höfðu þá gert upp nokkrar fornvélar til viðbótar og útbúin var dálítill sýningarastaða í húsnæði Bændaskólans. Starfsemin fékk nafnið Búvélasafn. Safnið náði þegar athygli gesta. Í hjáverkum og með atbeina góðra manna, bæði sjálfbodaliða og launaðra verkta, var safnið aukið og bætt jafnt og þétt. Á engan er hallað þótt nefndur sé Haukur Júlíusson og fyrirtæki hans, Jörvi hf., sem helstu liðsaukar á þessum árum og löngum síðar. Bændaskólinn og

síðar Landbúnaðarháskólinn var bakhjarllinn.

Bændaskólinn lagði safninu til vinnu, húsnæði og aðra aðstöðu, sem að hluta var tífundað í reikningum hans. Án þess framlags hefði safnið aldrei á köppinn komist. Síðan hóf Alþingi aftur að leggja safninu lið með fjárstuðningi. Frá og með árinu 1998 var safnið komið á þann legg, að farið var að hafa það opið sumarmánuðina þrjá og raunar lengur, meðal annars í góðri samvinnu við Ullarselið, sem var undir sama þaki. Þannig, sem og með nær árlegum dagskrám og sersýningum, og síðar námskeiðahaldi, vann Búvélasafnið sér hægt og sigandi sess í vitund almennings og komst á blað meðal annarra safna í landinu sem viðurkennt safn lögum samkvæmt.

Það var svo í ársbyrjun 2007 að rekstrarformi safnsins og nafni var breytt. Til varð sjálfségnarstofnunin Landbúnaðarsafn Íslands. Stofnaðilar voru Landbúnaðarháskóli Íslands, sveitarfélagið Borgarbyggð og Bændasamtök Íslands. Í stjórn safnsins eiga sæti, auk fulltrúa áður nefndra aðila, fulltrúi þjóðminjavarðar og fulltrúi ráðherra landbúnaðarmála. Á þeim grunni starfar Landbúnaðarsafn Íslands í dag.

/Bj.Guðm

Kverneland FYRIR KRÖFUHARÐA!

“vertu til að leggja hönd á plóg”



VIÐ FÖGNUM VORINU
Vara- og slithlutir í Kverneland
plóga og jarðvinnsluvélar
í miklu úrvali.
Hafið samband í síma 580 8200

VÉLFANG

- ALLT Í GANGI HJÁ VÉLFANGI

Vélfang ehf. - Gylfaflöt 32 - 112 Reykjavík - Sími: 580 8200 - www.velfang.is

Rauch MDS áburðardreifingarar

Pýsk hágæðavara og
margverðlaunaðir fyrir þróun
og tæknilegar lausnir.

Grunnútgáfan er 900 lítra og stækkanleg í
þrepum upp í 1.700 lítra (ca. 2.000 kg).

Fullkominn dreififerill, stillanlegir- og nákvæmir
dreifidiskar. Dreifbreidd 10-24m. Hægsnúandi
hræra sem hlífir áburðinum. Einkaleyfisvarinn
búnaður við dreifidiska sem tryggir að áburðurinn
brotni ekki þegar hann lendir á dreifidiskum.

Quantron A magnstýritölva og möguleg tenging
við GPS-stýringu. Viðhaldsfritt drif. Tvennskonar
kantdreifibúnaður í boði.



Telemat 1
Stillanlegur jaðarbúnaður fyrir
kantdreifingur úr akstursspori.
Hægt að stjórna innan úr
dráttarvélinni, á ferð.



Stillanlegir dreifidiskar.



RAUCH
wir nehmen's genau



Quantron A - Magnstýritölva.
Tryggir nákvæma magndreifingu.



Quantron Guide.
GPS tölva.



GSE 7 - Kantdreifibúnaður.
Stillanlegur 0-2 metra frá
skurðbakka. Hægt að stjórna
innan úr dráttarvélinni, á ferð.

Búvís

Akureyri

Búvís ehf. • Akureyri • Sími 465 1332 • www.buvís.is

TRAUÐ OG GÆÐI
VELDU BÆÐI



Ný kynslóð vallarfoxgrass

BARENBRUG

Beit og heyfengur



100% SEMENCES ZADEN SEMENTI 100%

NÝTT!

**NÝ YRKI SEM SKILA HÁMARKS
UPPSKERU.**

Tenho: Skilar góðri uppskeru. Hentar vel
bæði til beitar og slátta.

Tuuka: Góður meltanleiki og hátt
proteininnihald.

BARENBRUG

Góðir í grasi



FÓÐURBLANDAN

- í héraði hjá þér -

www.fodur.is



Frá aðalfundi Landssamtaka sauðfjárbænda í Bændahöllinni.

Myndir / HKr.

Aðalfundur Landssamtaka sauðfjárbænda 26.–27. mars 2015:

Nýir sauðfjársamningar í deigluinni

– Engar kollsteypur en áhersla á aukid vægi gæðastýringar og byggðasjónarmið

Fjöldi mála var samþykktur á aðalfundi Landssamtaka sauðfjárbænda sem fram fór dagana 26. og 27. mars síðastliðinn.

Á fundinum var talsvert fjallað um komandi sauðfjársamning við ríkið. Þar gera sauðfjárbændur ráð fyrir auknu vægi gæðastýringar og byggðasjónarmiða, jafnframt því að dregið verði úr vægi greiðslumarks. Annars eru samþykktirnar sem hér segir:

1. Samningsmarkmið nýs sauðfjársamnings

Almenn atriði

- Prósentur eru ekki skilgreindar nákvæmlega á alla liði í samningsmarkmiðum þar sem samninganefnd verður að hafa svigrúm til að ljúka því verki sem henni verður falið. Samninganefndin mun eðlilega ekki samþykkja samning nema að hún treysti sér til að mæla með honum við bændur.

- Tillögurnar byggja ekki á neinum kollsteypum en snúast í hnotskurn um að fækka verkefnum samningsins, auka vægi gæðastýringar og byggðasjónarmiða, en draga úr vægi greiðslumarks.

- Allur stuðningur í nýjum samningi skilyrðist við sauðfjárrækt á lögbýlum.

Almennar beingreiðslur

- Dregið verði úr vægi greiðslumarks um 10% á samningstímanum.
- Sett verði ákveðin framleiðsluskylda (20 kíló kindakjöts pr. ærgildi) sem verði forsenda þess að fá fullar beingreiðslur. Framleiðsluskylda verði 16 kg (80%) við gildistöku nýs samnings og hækki síðan um hálf kíló á ári þar til 20 kílóum er náð.
- Framleiðsluskylda taki tillit til þeirra sem slátra snemma og hvetji ekki til þess að slátrun færist aftar á árið en nú er.

Gæðastýring

- Gæðastýringin verði eflid og vægi hennar aukid á samningstímanum.
- Álagsgreiðslur greiðist á alla framleiðslu gæðastýrðra búa.
- Fyrirkomulagið verði að mestu óbreytt en gætt að því að kröfur séu ávallt raunhæfar og framkvæmanlegar.

- Faglegur grunnur fyrir mat á sjálfbærni beitarnota verði styrktur og landnýtingarþáttur gæðastýringarinnar taki mið af því.

Býlisstuðningur

- Byggðatengdur stuðningur.
- Skipt í fjögur þrep eftir framleiðslu búa. Föst fjárhæð á hvert bú í hverju þrepi.
 - *Býli með framleiðslu upp á 8 tonn eða meira fái fullan stuðning*
 - *Býli með framleiðslu upp á 6–8 tonn fái 75% stuðning*
 - *Býli með framleiðslu upp á 4–6 tonn fái 50% stuðning*
 - *Býli með framleiðslu upp á 2–4 tonn fái 25% stuðning*

Ullarnýting

- Verði með svipuðum hætt áfram í nýjum samningi. Greiðslurnar þurfa að ýta undir aukna verðmætasköpun úr ull.

Geymslugjald

- Fjármuni ætti að færa annað t.d. á gæðastýringu eða býlisstuðning. Verði ekki í nýjum samningi.

Ónýtta beingreiðslur

- Fjármunir ætti að færa annað t.d. á gæðastýringu eða býlisstuðning. Föst ráðstöfun í nýjum samningi.

Markaðsmál

- Fast fjármagn til markaðsmála í stað ótryggs eins og nú.

Svæðisbundinn stuðningur

- Fjármuni ætti að færa annað t.d. á gæðastýringu eða

býlisstuðning. Verði ekki í nýjum samningi.

Beingreiðslur 64 ára regla

- Verði ekki í nýjum samningi. Öllum skertum eða ónýttum beingreiðslum verði ráðstafað á sama hátt í nýjum samningi.

Nýliðun

- Verði með svipuðum hætti áfram í nýjum samningi.

Próunarverkefni

- Verði með svipuðum hætti áfram í nýjum samningi.

Jarðrækt

- Fjármagn til þessa verkefnis á að koma úr búnaðarlagasamningi. Skilvirkara er að öll jarðræktin sé á einum stað en ekki þremur eins og nú. Um leið ætti að efla stuðning við jarðræktina í heild, ekki þó með tilfærslu frekara fjármagns úr sauðfjársamningi.

2. Landnýtingarþáttur gæðastýringar

Aðalfundur Landssamtaka sauðfjárbænda 2015 ályktar svo um framkvæmd landnýtingarþátta gæðastýringar.

Sjálfbær landnýting sauðfjárbænda er mikilvæg og eru þeir staðráðnir í að standa þar vel að verki og hafa gengist undir ákvæði um að skilgreina hluta af opinberum stuðningi sem stjórnæki í þá átt.

Vegna breytinga á landnýtingarþætti gæðastýringar í reglugerð nr. 1160/2013 og framkvæmd þeirra á liðnu ári hefur skapast ágreiningur á milli aðila um framkvæmd og verklag. Ákvæði 13. gr. reglugerðarinnar og viðauka I, fela í sér að skylda til gerðar landbótaáætlana tekur einkum mið af gróðurflokkamati án tillits til raunverulegrar beitarnýtingar og annarra aðstæðna, en meginregla gæðastýringar samkvæmt búvörulögum er sjálfbær landnýting.

Skorar því fundurinn á sjávarútvegs- og landbúnaðar-ráðherra að breyta reglugerðinni þannig að ákvæði síðustu setningar

13. greinar verði gert óvirkt og ekki beitt fyrr en í fyrsta lagi 30. apríl 2018, en hún hljóðar svo: „Framleiðandi sem ekki uppfyllir skilyrði um landnýtingu skv. IV. kafla uppfyllir ekki skilyrði um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu.“

Fundurinn hvetur ráðherra til að sjá til þess að hagsmunaaðilum gefist kostur á að skilgreina betur þá matskvarða sem notaðir verða við mat á sjálfbærni beitilands, þar sem vegið verði saman gróðurþekja, nýting og álag. Ásamt því sem matsaðilum verði gefinn kostur á að útbúa og laga þau gögn sem þarf til að standa vel að þessu verki.

Það er ljóst af stöðu þessa máls að aðilum málsins var engan veginn gefinn nægur tími eða ráðrúm til að framkvæma þetta verk, þannig að nokkur gæti gengið sáttur frá því.

3. Reglur um vinnslu sauðamjólkur

Aðalfundur Landssamtaka sauðfjárbænda 2015 telur að setja þurfi reglur um vinnslu sauðamjólkur. Fundurinn hvetur Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið til að setja sérstakar reglur sem séu aðlagðar að framleiðsluháttum sauðamjólkur og felur stjórn LS að fylgja málinu eftir. Tilgangur þess væri að hvetja til framleiðslu, vinnslu og þróunar afurða úr sauðamjólki. Sú framleiðsla er nánast engin í dag, þrátt fyrir talsverða eftirspurn.

Greinargerð:

Samkvæmt reglugerð um mjólk og mjólkurvörur nr. 919/2002 með síðari breytingum gilda sömu reglur um framleiðslu á sauðamjólki og kúamjólki.

Þó að um samskonar hráefni sé að ræða, þá fara sauðamjaltir fram með öðrum hætti en kúamjaltir og því ljóst að aðrar reglur og viðmið þarf við framleiðslu á sauðamjólki og afurðum úr henni.

4. Gjaldskrá vegna búfjárefntilits

Aðalfundur Landssamtaka sauðfjárbænda 2015 gerir þá kröfu að MAST fari eftir 8. grein

reglugerðar 567/2012 um gjaldskrá við búfjárefntilvit. Jafnframt að bændum sé ekki mismunad eftir dýraeign og fyllsta hagræðis sé gætt við eftirlit og akstur.

Greinargerð:

Samkvæmt 8. gr. reglugerðar 567/2012 á MAST að rukka tímagjald kr. 8.348 fyrir vinnu við dýraeftirlit. MAST bjó til sína eigin gjaldskrá byggða á þessu tímagjaldi, í einhverjum tilfellum er rúkað eftir búfjárfjölda, en í öðrum fyrir unna tíma.

5. Örmerkjavæðing í sauðfjárrækt

Aðalfundur Landssamtaka sauðfjárbænda 2015 beinir því til fagráðs í sauðfjárrækt að marka stefnu um örmerkjavæðingu í sauðfjárrækt í samstarfi við Bændasamtök Íslands.

Greinargerð:

Æskilegt er að leiðbeiningar liggi fyrir um hvaða tæknilausnir eru heppilegastar fyrir íslenskan markað, bæði hvað varðar búnaðinn sjálfan svo og útfærsla á tölvuforritum á vegum Bændasamtakanna.

6. Notkun óerfðabreytts fódurs í sauðfjárrækt

Aðalfundur Landssamtaka sauðfjárbænda 2015 felur stjórn LS að leita leiða með fódurframleiðendum og fódursölum um að allt kjarnfóður sem ætlað er handa sauðfé verði úr óerfðabreyttum hráefnum.

Greinargerð:

Miklar deilur hafa verið um erfðabreytt matvæli undanfarin ár. Neytendur eru tortryggir á erfðabreytt matvæli þó rannsóknir sýni ekki fram á neikvæð áhrif af neyslu þeirra. Hins vegar sækjast margir eftir að kaupa matvæli sem eru ekki erfðabreytt eða byggja ekki á fódri úr erfðabreyttum hráefnum. Íslenski sauðfjárrækt á þarna sóknarfæri til að undirstrika sérstöðu sína.



CFMOTO 500
 Götuskráð, tveggja manna, fjórhjóladif, spil, dráttarkúla, sætisbak, tveggja ára ábyrgð ofl.
1.249.000,-

NITRO
 Kirkjulundi 17- 557 4848 - nitro.is

Bændablaðið
Næsta blað kemur út 30. apríl 2015

limtrevirnet.is



Yleiningar fyrir íslenska veðráttu

Hjá Límtré Vírnet færðu léttar stálsamlökueiningar með polyúrepan- eða steinullareinangrun á milli.

Henta í útveggi og þök, milliveggi og loft, kæli- og frystiklefa, fyrir heimili og fyrirtæki. Raka- og vindþéttar, einangra vel, auðþrífnaðar, illtendanlegar, gæðaprófaðar, léttar, fljótuppsettar, þaulreyndar og hagkvæmar.

Kynntu þér Yleiningar á limtrevirnet.is.



Aðalnúmer: 412 5300 | Söluheild: 412 5350

Aðalskrifstofa - Borgarbraut 74 - 310 Borgarnes
 Söluskrifstofa - Vesturvör 29 - 200 Kópavogur
 Netfang - sala@limtrevirnet.is

Tæki og tól á flöttu verði

Zipper trésmíðavélar, öflugar og hagkvæmar

Heflar, standborvélar, hjólsagir, bútsagir, loftpressur, sogkerfi og margt fleira.



Sambyggð vél
5 stöðvar
215.000 kr.



Loftpressa
200 l/50 l kútur
35.500 kr.



Bútsög
210 mm blað
31.000 kr.



Rafstöð
2,8 kW
71.000 kr.



Pokasög
100 mm barki
31.600 kr.



Borðsög
250 mm blað
41.000 kr.



Hefill/afreittari
210 mm breidd
58.000 kr.



Súluborvél
13 mm patróna
19.000 kr.

IDN VÉLAR

IDNVÉLAR ehf. | Smiðjuvegi 44-46 | 200 Kópavogur | Sími 414 2700 | idnvelar@idnvelar.is | idnvelar.is

BÍLSKÚRA- OG IÐNAÐARHURÐIR

Smiðum sérlega vandaðar bílskúrs- og iðnaðarhurðir eftir málum



Þær eru léttar og auðveldar í notkun.
 Einangrun er á öllum köntum. Fáanlegar í mörgum stærðum og gerðum, með eða án glugga. Einnig fáanlegar með mótordrifi

Vagnar & Þjónusta ehf
 Tunguháls 10, 110 Reykjavík
 Sími: 567-3440, www.vagnar.is



Gæði, nýjungar og reynsla eru höfð í huga við hönnun allra Adria hjólhýsa sem býður upp á endalausa möguleika á skemmtilegri upplifun. Í Adria 2015 línunni ættir þú að finna fullkomið hjólhýsi fyrir þig. Verð frá 2.995.000. Hvert ætlar þú í sumar?

Opið allar helgar frá 12 til 16.





VÍKURVERK EHF • VÍKURHVARF 6 • 203 KÓPAVOGUR • SÍMI 557 7720 • WWW.VIKURVERK.IS



Þótt karlmenn séu í miklum meirihluta í sauðfjárræktinni líkt og flestum öðrum landbúnaðargreinum, þá hafa konur samt líka verið að láta að sér kveða í greininni og gefa karlpeningnum ekkert eftir. Hér er Merete Rabølle, bóndi á Hrauni II í Skagafirði.



Sigríður Jónsdóttir í Arnarholti talar alltaf tæpingulaust á fundum sauðfjárbænda og lætur karlana ekki eiga neitt inni hjá sér. Hér er hún að ræða við fundarstjórnann, Einar Ófeig Björnsson, Lóni II í Kelduhverfi, og greinilegt að einhver fundarmanna hefur vakið athygli þeirra.

Myndir /HKr

Ályktanir aðalfundar Landsamtaka sauðfjárbænda - framhald af síðu 18

7. Viðhald sauðfjárveikivarna girðinga

Aðalfundur Landssamtaka sauðfjárbænda 2015 krefst þess að fjármagn verði tryggt til viðhalds varnargirðinga eins og landslög kveða á um. Nauðsynlegt er að fjármunir til þessa verkefnis verði sérstakur liður á fjárlögum Alþingis. Fundurinn krefst þess að MAST sinni ávallt þeirri skyldu sinni að viðhalda og hirða um sauðfjárveikivarnargirðingar.

8. Rekstur grillvagns MK

Aðalfundur Landssamtaka sauðfjárbænda 2015 samþykkir að beina því til Markaðsráðs kindakjöts að hækka framlagið sem fylgir grillvagninum í 120.000 krónur.

9. Markaðsmál lamba- og kindakjöts

Aðalfundur Landssamtaka sauðfjárbænda 2015 samþykkir að beina því til Markaðsráðs kindakjöts og sláturleyfishafa að stórefla markaðsstarf í sölu lambakjöts. Sérstök áhersla verði lögð á sölu og kynningu lambakjöts til erlendra ferðamanna á veitingahúsum og hótélum í samstarfi við klúbb matreiðslumeistarara. Einnig að aukinn kraftur verði settur í vörubrúun á tilbúnum réttum úr lambakjöti til sölu á skyndibitastöðum og verslunum.

Þá leggur fundurinn áherslu á að mótuneytum standi ætíð til boða góðar vörur og þjónusta, svo þau geti boðið kostgöngurum sínum upp á lamba- og kindakjöt sem allra oftast.

10. Þjóðarréttur Íslendinga

Aðalfundur Landssamtaka sauðfjárbænda 2015 beinir því til stjórnar LS. að hún vinni að því að íslenskt lambakjöt verði viðurkennt sem þjóðarréttur Íslendinga.

11. Útflutningur búvára

Aðalfundur Landssamtaka sauðfjárbænda 2015 tekur undir samþykkt nr. 16 frá síðasta Búnaðarþingi um útflutning búvára, þar sem meðal annars er lagt til að kannað verði hvort sláturleyfishöfum sé heimilt að hafa með sér samstarf um útflutning á sauðfjárafurðum.

12. Söfnun ullar

Aðalfundur Landssamtaka sauðfjárbænda 2015 beinir því til stjórnar LS og Ístex að söfnun ullar frá bændum gangi eins fljótt fyrir sig og mögulegt er. Eins verði leyst úr öllum vandamálum við söfnunina strax og þau koma í ljós.

Greinargerð:

Til þess að forðast óánægju og til að söfnunin gangi sem allra best er nauðsynlegt að bændur skrái ullarmagnið sem allra fyrst eftir rúning og hafi samband við Ístex ef hnökrar eru á framkvæmd á flutningi ullarinnar frá bændum.



Sigurður Eypórsson, framkvæmdastjóri Landssamtaka sauðfjárbænda, flytur skýrslu stjórnar. Hann hefur nú látið af þeim störfum og tekið við sem framkvæmdastjóri Bændasamtaka Íslands.

13. Slátrun hrútlamba í mars og apríl

Aðalfundur Landssamtaka sauðfjárbænda 2015 felur stjórn LS að leita leiða til að bændur geti slátrað vel öldum ógeltum lambhrútum án verðfellinga í mars og apríl.

Greinargerð:

Árið 2010 var reglugerð um kjötmat sláturlamba breytt á þann veg að ógelt hrútlömb hættu að vera lömb í páskaflátrun. Um svipað leyti var tekið fyrir að leikmenn mættu gelda hrútlömb og er einungis dýralæknum heimilt að framkvæma slíka aðgerð. Þar sem umtalsverður kostnaður fylgir því að fá dýralækna til að framkvæma þessar aðgerðir og misgott aðgengi er að þeim eftir svæðum, er nauðsynlegt að leita leiða til að hægt sé að leggja þessa gripi áfram inn sem lömb.

14. Smitvarnir í sauðfjárrækt

Aðalfundur Landssamtaka sauðfjárbænda 2015 leggur áherslu á að hreinu sauðfjárræktarsvæðin njóti allrar mögulegrar verndar gegn smitsjúkdómum, þar á meðal banns við sölu líflamba milli líflambasölusvæða. Fundurinn hvetur bændur á sölubúum til að arfgerðargreina lífhrúta búsin.

15. Fyrirkomulag skimunar gegn riðuveiki

Aðalfundur Landssamtaka sauðfjárbænda 2015 skorar á Matvælastofnun að flyta greiningu riðusýna eins og kostur er.

Greinargerð:

Í ljósi þess að riðutilfelli eru að koma upp nú í byrjun árs og lóga þarf fé, er nauðsynlegt að ljúka greiningu sýna eins fljótt og kostur er. Með því að klára



Guðrún Agnarsdóttir frá Hofteigi.

greiningu sýnanna sem fyrst er frekar hægt að komast hjá því að lóga lambfullu fé.

16. Sauðfjársjúkdómar

Aðalfundur Landssamtaka sauðfjárbænda 2015 samþykkir að vitund bænda, verktaða, dýralækna og eftirlitsaðila um mikilvægi sjúkdómavarna og varnarliða verði aukin.

17. Rannsóknir á sauðfjársjúkdómum

Aðalfundur Landssamtaka sauðfjárbænda 2015 beinir því til stjórnar LS að hún beiti sér fyrir því að rannsóknir á sauðfjársjúkdómum verði auknar.

Greinargerð:

Það hefur aukist stórlega að í sláturhúsum sé skrokum hent eða klippt af þeim vegna ýmissa sjúkdóma t.d. lungna-, brjósthimnu- eða lífhimnubólgu.

18. Ráðstöfun arðgreiðslna frá Ístex

Aðalfundur Landssamtaka sauðfjárbænda 2015, heimilar

stjórn LS að verja hluta af arði sínum af hlutabréfum í Ístex hf. til að stækka eign sína í Ístex hf. og létta þar með undir með sauðfjárbændum við að eignast meirihluta í fyrirtækinu.

19. Félagskerfi sauðfjárbænda

Aðalfundur Landssamtaka sauðfjárbænda 2015 felur stjórn samtakanna að vinna greinargerð um hvernig standa skuli að fjármögnun samtakanna, ef og þegar tekna af búnaðargjaldi nýtur ekki lengur við. Í niðurstöðunum skal gera tillögur um hvernig fjármagna eigi samtökin með félagsgjöldum og á annan hátt, sem og um aðrar þær skipulagsbreytingar sem kunna að vera nauðsynlegar vegna þess. Stjórnin skal kynna drög að greinargerðinni á formannafundi 2015 og leggja síðan endanlegar tillögur fyrir aðalfund LS 2016.

20. Fjárhagsáætlun LS 2015

Aðalfundur Landssamtaka sauðfjárbænda 2015 samþykkir fjárhagsáætlun LS 2015 eins og hún liggur fyrir.

21. Reikningar LS 2014

Aðalfundur Landssamtaka sauðfjárbænda 2015 samþykkir reikninga LS 2014 eins og þeir liggja fyrir.

22. Uppgjör árshátíðar sauðfjárbænda

Aðalfundur Landssamtaka sauðfjárbænda 2015 leggur til að tilfallandi afgangur af rekstri árshátíðar renni í sjóð til næstu árshátíðar.

23. Tímasetning aðalfundar 2016

Aðalfundur Landssamtaka sauðfjárbænda 2015 samþykkir að aðalfundur LS 2016 fari fram dagana 7.-8. apríl 2016 í Reykjavík.

24. Starfskjör stjórnar LS 2015–2016

Aðalfundur Landssamtaka sauðfjárbænda 2015 samþykkir að starfskjör stjórnar verði með eftirfarandi hætti til aðalfundar 2016. Formaður fái 150.000 kr. í laun á mánuði og fulla dagpeninga fyrir hvern stjórnarfund. Varaformaður fái 20.000 kr. í laun á mánuði og fulla dagpeninga fyrir hvern stjórnarfund. Aðrir stjórnarmenn fái fulla dagpeninga fyrir hvern stjórnarfund. Allir stjórnarmenn fái greiddan akstur, 100 kr. pr. ekin klómetra.

Pinnabyssur og púðurskot



Skot, 9x17mm:
Græn, gul og rauð
Hleðsla

Eigum nú til á lager pinna-byssurnar frá Blitz, kr. 35.990

Loksins fánleg:
Litlu púðurskotin í
gömlu rotarana .22



Egilsholti 1, 310 Borgarnes
Sími 430 5500, www.kb.is

Bushnell **analytikjona** **WEAVER**

DOCTER®



Eigum mikið úrval af handsjónaukum

Vesturrösti

Sérverslun veiðimannsins - Laugarveg 178 - Sími: 551 6770 - www.vesturrost.is

Vörubíladekk á góðu verði
Stærð 315/85 R22.2 HR 569

Getum útvegað traktors-,
vagna- og vinnuvéladekk

RÝMINGARSALA
58.000 kr. - m/vsk

X5

Gagnheiði 34 S : 893-3305
birkigrund@simnet.is

*Rýmingarsalan er eingöngu fyrir þessa einu stærð

VALTRA
eigendur athugið!

STEINBAUER kraftkubbar hafa
margsannað notagildi sitt hér á landi.

Vantar kraft í Valtrann þinn
Víst er hérna svarið
Helling fáið hestöflinn
Og haug af diesel sparið
- Höfundur ókunnur

STEINBAUER



	Kraftur	Tog
Orginal	120 hð	500 Nm
STEINBAUER	145 hð	600 Nm



	Kraftur	Tog
Orginal	120 hð	500 Nm
STEINBAUER	155 hð	625 Nm

Hafir þú áhuga á að kynna þér frekar
kraftkubbana frá STEINBAUER, kaktu þá við
eða hafðu samband við okkur í síma: 580 8200.

10 ára 2004-2014
VÉLFANG

Gylfahlöt 32 - 112 Reykjavík - Sími 580 8200 - www.velfang.is

VEDESTEIN
PASSION FOR PERFORMANCE



Vredestein - Dráttarvéla- og aftanivagnadekk.

Heildarlausn!

Hjá BJB færðu réttu dekkinn fyrir öll tækin:

Sérstök fólkspíla, pallbíla- og jeppadekk, sérstök kerrudekk og einstök fjórhjóladekk. **Allt á einum stað.** Vertu í hópi þeirra öruggu á gæðadekkjum frá BJB.



Vredestein - Fólks- og sendibíladekk.



Bighorn, Wanda og Trailfinder - Fjórhjóladekk.



Federal - Kerrudekk (burðardekk). Federal - Jeppa- og pallbíladekk. Federal - Fólksbíladekk.

Fáðu upplýsingar um stærðir og verðtilboð. Hafðu samband við
Piero Segatta, sérfræðing á sviði hjólbarða, sendu póst: piero@bjb.is



Dekk **Pústi** **Smurning** **Bremsur** **Fjóðrun** **Rafgeymar** **Önnur þjónusta**

Postþjónusta BJB
Aukin þjónusta

BJB | Flatahrauni 7 | 220 Hafnarfirði | Sími 565 1090 | www.bjb.is | Opið: mán. til fim. kl. 8 - 18, fös. kl. 8 - 16:30
Skoðuðu verð hjólbarða og þjónustu [www.bjb.is] Veldu gæðapjónustu BJB.



LAGERSALA

á Mickey Thompson jeppadekkjum í völdum stærðum

ALL BAJA MTZ RADIALS FEATURES
POWERPLY
TECHNOLOGY



Mickey Thompson dekkin hafa sannað sig á Íslandi!

Hjð heimsþekktu merki Mickey Thompson hefur verið selt á Íslandi í áratugi en dekkin hafa verið framleidd síðan árið 1963, Mickey Thompson er þekkt um allan heim sem hágæða jeppadekk og felgur.

Nánari upplýsingar:
www.mtdekk.is
mtdekk@mtdekk.is
Sími: 773 4334



SuperCut

FJÖLNOTAVÉL

Tækið sem alla iðnaðarmenn dreymir um:

Trésmiðinn, píparann, rafvirkjann, bílasmiðinn, flísalagningamanninn, dúkarann, malarann



FM 14-180
Steinskurðarvél



RAFVER FAGMENNASKA ALLA LEIÐ
Skeifan 3E-F · Sími 581-2333 · rafver@rafver.is · www.rafver.is

Fagráð í nautgriparækt – Forsaga frumvarps um innflutning á erfðaeefni:

Sæðisinnflutningur skilvirkasta leiðin til framfara í ræktun

Þann 25. mars lagði Sigurður Ingi Jóhannsson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, fram frumvarp til breytinga á lögum um innflutning á holdanautasæði. Með þeim breytingum verður heimilt að flytja inn ferskt erfðaeefni til kynbóta – frá og með næsta sumri.

Á fundum fagráðs í nautgriparækt á síðasta ári komu málefni nautakjötsframleiðslu – og innflutningur á erfðaeefni til eflingar holdanautaræktunar á Íslandi – nokkrum sinnum til umræðu.

Þann 27. mars á síðasta ári sendi fagráðið stjórn Bændasamtaka Íslands eftirfarandi bókun: *Fagráð í nautgriparækt lýsir áhyggjum af þeirri stöðu sem framleiðsla nautakjöts í landinu er í og lýst er í skýrslu starfshóps um eflingu nautakjötsframleiðslu á Íslandi. Fagráðið telur að innflutningur erfðaefnis sé forsenda þess að hægt sé að halda uppi sjálfbæru ræktunarstarfi í holdanautastofninum þannig að möguleiki sé á að auka magn, gæði og hagkvæmni íslenskrar nautakjötsframleiðslu og leggur því áherslu á að holdanautastofninn í landinu verði kynbættur með innflutningi erfðaefnis svo fljótt sem kostur er. Fagráð leggur jafnframt áherslu á að sú leið sem verði valin til að flytja inn erfðaeefni raski ekki dýraheilbrigði í landinu.*

Á fundi fagráðs 16. apríl er fjallað um áhættumat frá Matvælastofnun vegna innflutnings á nautasæði, annars vegar, og hins vegar vegna innflutnings á fósturvísu frá Geno Global Ltd í Noregi. Sigurður Loftsson, formaður Landssambands kúabænda (LK), sagði á fundinum að á grundvelli áhættumats Matvælastofnunar – og þeirra áhættuminnkandi aðgerða sem Matvælastofnun leggur til – muni líklegast framvinda málsins vera sú að LK óski eftir því við ráðuneytið að fá flutt inn sæði. Hann sagði að komið hefði fram fullur vilji til þess að hraða málinu innan ráðuneytisins. Áhættumatið væri hins vegar enn í umsagnarferli.

Umsögn fagráðs um umsókn LK

Á fundi þann 24. júní var útbúin umsögn frá fagráðinu til landbúnaðarráðuneytisins um umsókn LK um innflutning á holdanautasæði. Þar sagði í ályktun ráðsins: „Fagráði í nautgriparækt hefur borist erindi frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti, dags. 13. júní sl., þar sem óskað er eftir álit fagráðs á umsókn Landssambands kúabænda um heimild til að flytja inn sæði úr holdanautum af Aberdeen Angus frá Geno í Noregi, um þörf eða hugsanlegan ábata fyrir íslenska nautgriparækt vegna þessa innflutnings. Fagráð gefur hér með álit sitt á umræddri umsókn samkvæmt 4. gr. laga nr. 54/1990 um innflutning dýra. [...]

Yfirburðir Angus gripa framyfir íslenska kúastofninn hvað kjötfremleiðslueiginleika varðar, voru staðfestir í samanburðartilraun sem gerð var á tilraunabúinu að Möðruvöllum í Hörgárdal árin 1997-1999. Þar voru bornir saman hreinræktaðir gripir af íslenskum stofni, hálfblendingar af Angus stofni og hálfblendingar af Limousin stofni. Blendingarnir voru undan nautum sem voru afrakstur fósturvísaf lutninga til Íslands frá Danmörku árið 1994, á vegum Nautastöðvar Landssambands kúabænda. Þessi samanburður



Unnsteinn Hermannsson í Langholtskoti hefur lengi kallað eftir nýju blóði í holdanautastofninn. Mynd /smh

leiddi í ljós að fóðurnýting Angus blendingnautanna var 12% betri en hreina íslenskra nauta, fallþungi blendinganna við sama eldistíma var 25% meiri en hinna íslensku, flokkun blendinganna var stórum betri og þeir skilðu tæplega þrefalt meiri framlegð en íslensku gripirnir (Þóroddur Sveinsson og Laufey Bjarnadóttir, 2000. Samanburður á alíslenskum, Angus×íslenskum og Limósín×íslenskum nautgripum. I – Át, vöxtur og fóðurnýting. Í: Ráðunautafundur 2000, 179-195). Ástæða er til að ætla að munurinn hefði verið enn meiri ef hreinræktaðir Angus-gripir hefðu verið bornir saman við gripir af íslenskum stofni. Þá má einnig gera ráð fyrir að umtalsverðar erfðaframarfarir hafi orðið hjá Angus gripum í framangreindum eiginleikum; fóðurnýtingu, vaxtargetu og holdfyllingu, á þeim 20 árum sem liðin eru frá því að stofninn var fluttur hingað til lands. Samkvæmt upplýsingum frá TYR, ræktunarfélagi norskra holdanautabænda, er í ræktunarstarfi Angus gripa í Noregi lögð áhersla á góða fóðurnýtingu, léttan burð og mjólkurlagni kúnna, mikla holdfyllingu og meyrni kjötsins. Allt þetta stuðlar að meiri hagkvæmni, bættum vörugæðum og aukinni dýravelferð.“

Sæðisinnflutningur skilvirkasta leiðin til framfara í ræktun

„Í skýrslu starfshóps um eflingu nautakjötsframleiðslunnar sem skilað var til ráðherra 3. júlí 2013 segir m.a.: „Allar þær

leiðir sem hingað til hafa verið leyfðar við innflutning erfðaefnis í nautgriparækt hafa í för með sér mikinn kostnað sem greinin getur ekki borið ein og því þarf að koma til samfélagslegur stuðningur. Það er því nauðsynlegt að fá úr því skorði hvort leyfi fengist fyrir því að flytja inn sæði úr reyndum nautum sem hentuðu við íslenskar aðstæður beint á bú bænda. Þessi aðferð er skilvirk og ódýr í framkvæmd, tekur stuttan tíma að koma af stað eftir að tilskilin leyfi fengjust, hún þyrfti ekki samfélagslegan stuðning og yrði framkvæmd á ábyrgð framleiðenda sjálfra.“

Að mati fagráðs er beinn sæðisinnflutningur hvað skilvirkasta leiðin að því markmiði að íslenskir nautakjötsframleiðendur verði þátttakendur í sjálfbæru ræktunarstarfi og hafi aðgang að reyndum og afkvæmaprófudum nautum til kynbóta. Því mælir fagráð í nautgriparækt með því að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra heimili framangreindan innflutning á holdanautasæði frá Noregi, að því gefnu að gerðar verði viðeigandi ráðstafanir sem lágmarka sjúkdómahættu nautgripa á Íslandi.

Í því sambandi má nefna að fagráði hefur borist ályktun frá Búnaðarsambandi Suðurlands þar sem fram kemur að tilraunabúíð á Stóra-Ármóti er til reiðu sem sóttvarnarbú við innflutning á erfðaeefni nautgripa verði eftir því leitað,“ segir í umsögn fagráðsins um umsókn LK.

/smh



ÁNÆGÐ
Margrét Alice er ánægð með Bio-Kult hylkin og mælir með þeim til að bæta meltinguna.

MÆLIR HEILSHUGAR MEÐ BIO-KULT!

ICECARE KYNNIR Bio-Kult er öflug blanda vinveittra gerla sem styrkja þarma flórana. Margrét Alice Birgisdóttir mælir með Bio-Kult fyrir meltinguna.

Margrét Alice Bigisdóttir heilsumarkþjálfari mælir alltaf með því við viðskiptavinum sína í upphafi þjálfunar að þeir fái meltingu sína góða. „Meltingarstarfsemi er mitt hjartans mál og mér finnst sérstaklega mikilvægt að meltingarfærin starfi eins og þau eiga að gera. Ef bakteríuflóra líkamans er í ójafnvægi starfar hann ekki eins og hann á að gera. Upp-taka næringar, niðurbrot fæðu og stór hluti ónæmis-kerfis okkar eru háð því að við viðhöldum þessum aðstoðarher baktería. Bio Kult hefur reynst afar vel til að bæta starfsemi meltingarinnar,“ segir Margrét.

Sjálf greindist Margrét með colitis ulcerosa, eða sáraristilbólgu, fyrir fjórtán árum. „Í dag er ég lyfja- og einkennalaus og hef verið það að mestu til margra ára. Ég er sannfærð um að bakteríurnar sem ég hef tekið í gegnum tíðina sam-hliða jákvæðum breytingum á lífsstíl hafi sitt að segja varðandi það hve vel mér gengur.“

BÆÐI BIO-KULT CANDÉA OG ORIGINAL TIL GÓÐA
Ef litið er til matarvenja þá hafa flest lönd ákveðna rétti sem innihalda gerjaðan mat eða eru til þess fallnir að viðhalda náttúrlegri bakteríuflóru líkamans að sögn Margrétar. „Fyrir þá sem ekki borða slíkan mat eru bakteríur í hylkjum það sem kemur næst. Ég mæli heilshugar með Bio-Kult, bæði Candéa með hvítlauk og grape seed extract til að halda einkennum niðri og með Bio-Kult Original til að viðhalda batanum, báðar tegundir hafa reynst mér vel.“

Bio-Kult Candéa-hylkin geta virkað sem öflug vörn gegn candida-sveppasýkingu en hún getur komið fram með ólíkum hætti hjá fólki, svo sem munnangur, fæðuþöpl, pírringur og skapsveifur, þreyta, brjóstsviði, verkir í liðum, mígreni eða ýmis húðvandamál.

BIO-KULT FYRIR ALLA
Innihald Bio-Kult Candéa-hylkjanna er öflug blanda af vinveittum gerlum ásamt hvítlauk og Grape seed extract. Bio-Kult Original er einnig öflug blanda af vinveittum gerlum sem styrkja þarmaflórana. Bio-Kult Candéa og Bio-Kult Original henta vel fyrir alla, einnig fyrir barnshafandi konur, mjólkandi mæður og börn. Fólk með mjólkur- og sojaþöpl má nota vörurnar. Mælt er með Bio-Kult í bókinni Meltingarvegurinn og geðheilsa eftir Dr. Natasha Campbell-McBride.

- Bio-Kult reynist vel til að bæta meltinguna
- Mikilvægt er að viðhalda rétttri bakteríuflóru líkamans.
- Hægt er að fá bakteríur úr fæðu en þeir sem borða ekki slíkan mat geta tekið bakteríur í hylkjum.



SÆTINDALÖNGUN NÁNAST HORFIN

ZUCCARIN er fæðubótarefni sem inniheldur engin lyf. Það hentar þeim sem þurfa að minnka kaloríu-inntöku eða draga úr sykurnotkun.

ÁNÆGÐ MEÐ ÁRANGURINN

Berglind Stolzenwald Jónsdóttir var farin að sækja meira í sykur en áður.

◆ Ég hef ég sótt meira í sykur og sætindi en áður. Ég var alltaf að narta í eitthvað, til dæmis nammi eða popp á kvöldin. Þess vegna hafa kílóin læðst á mig hægt og rólega.

◆ Ég átti ekki sérstaklega von á því að sjá árangur og kom það mér því á óvart þegar ég fann að ég var orðin orkumeiri og orðin fimm kílóum léttari á einum mánuði.

◆ Ég er ánægð með árangurinn og ætla að halda áfram að taka Zuccarin því mér líður betur en áður og er orkumeiri og léttari.

EKKI ORKULAUS LENGUR

Rósa Harðardóttir skólasafnskennari hefur gert margar tilraunir til að útiloka sykur úr daglegri fæðu sinni með misgóðum árangri.

◆ Ég fann fyrir vanlíðan eftir að hafa borðað sælgæti og kökur, fann til í skrokknum og fékk höfuðverk.


◆ Eftir að ég fór að taka Zuccarin er þetta hins vegar ekkert mál. Ég hef nánast enga löngun í súkkulaði og önnur sætindi og finn að ég er öll kraftmeiri.“

BLÓÐSYKURINN Í JAFNVÆGI

► Zuccarin töflurnar eru aðallega unnar úr laufum af japanska mórberjatrénu. Einnig innihalda þær króm.

► Laufin innihalda sérstakt efni sem kallast DNJ en það getur komið í veg fyrir upptöku sykurs úr matnum sem við neytum. DNJ getur því haldið blóðsykrinum í jafnvægi og minnkað löngun í sykur. Króm getur hjálpað til við að viðhalda eðli- legum efnaskiptum.

► Taktu eina töflu fyrir hverja máltíð og þú finnur fljótt muninn.



VILTU VINNA ÁRSBYRGÐIR AF BIO-KULT?
skráðu þig í klúbbinn okkar á www.icecare.is



IceCare
þín heilsa
www.icecare.is

Háskólinn á Hólum



www.holar.is

Hagnýtt háskólanám

- Ferðamálafræði
- Viðburðastjórnun
- Fiskeldisfræði
- Reiðmennska og reiðkennsla

Tækifærin eru í okkar greinum



Hólaskóli - Háskólinn á Hólum

Hólum í Hjaltadal 551 Sauðárkrúkur
Sími 455 6300 holaskoli@holar.is www.holar.is



Háskólasamfélag með langa sögu
Hólar í Hjaltadal er í senn mikill
sögustaður og útivistarparadís.
Háskólinn á Hólum er litill en
öflugur háskóli sem sinnir kennslu
og rannsóknum á sviði ört
vaxandi atvinnugreina.

ÁLAVEIÐAR

• KAUPUM ÁL •

Óskum eftir að komast í samband við fleiri álaveiðmenn við fyrsta tækifæri

Upplýsingar veitir Víðir í síma 770 2214 og 456 5505

NORTH ATLANTIC ehf


Söluskrifstofa íslenskra sjávarafurða

Bændablaðið

Smáauglýsingar 56-30-300

Gólfhitakerfi

Ekkert brot ekkert flot



- Þægilegur hiti góð hitadreifing
- Hitasveifur / Stuttur svörunartími
- Aðeins 12mm þykkar hitadreifiplötur
- Fljótlegt að leggja
- Ekkert brot ekkert flot
- Dreifiplötur límdar beint á gólfíð
- Gólfefni lagt beint á dreifiplötur (flísar, parket)
- Hentar vel í eldra húsnæði jafnt sem ný hús og sumarhús
- Flooré gólfhitakerfi er einfalt, fljótlegt og þægilegt



Skemmuvegur 10 (blá gata) 200 Kópavogur
Sími 567 1330 Fax 567 1345 www.hringas.is

Hringás ehf.

Með fagmönnum skal fjós byggja



Hönnun

Í árána rás hefur safnast upp mikil þekking og reynsla í hönnun á nýjum fjósum og breytingar á eldri byggingum. Við höfum unnið náið með Verkfræðistofu Suðurlands sem nú hefur sameinast verkfræðistofunni Eflu. Með þessu samstarfi getum við boðið uppá viðtæka verkfræðisþjónustu og hönnun það er "Frá hugmynd að fjósi"

Innréttingar og tækjabúnaður í fjós

- Milligerðir
- Átgrindur
- Milligrindur
- Stólpar og festingar
- Vatnsdallar og vatnstrog
- Gjafakerfi
- Flórsköfupjarkar
- Haughrætur og dælur
- Flórsköfukerfi, glussasköfur, reipsköfur, keðjusköfur
- Kálfafóstrur og kjaranfóðurbásar
- Náttúruleg loftræsting



Sterkir í stálgrindarhúsum

Á undanföllum árum hefur Landstólpi selt um 80 stálgrindarhús af öllum stærðum og gerðum sem reist hafa verið um allt land. Við höfum sérhæfðan og öflugan tækjakost og afbrigðis starfsfólk með mikla reynslu. Stálgrindarhúsin eru framleidd í Hollandi af H.Hardeman sem er rótgróið fjölskyldufyrirtæki. H.Hardeman hannar og framleiðir stálgrindina og allar klæðningar og eykur það mjög öryggi okkar viðskiptavina að hafa framleiðsluna á einni hendi.



Landstólpi hefur byggt og innréttað fjölda fjósa um allt land og komið að hönnun margra þeirra. Á árum lægða í fjósbyggingum á Íslandi notaði Landstólpi tímann vel til að fylgjast með og nema þróunina í Evrópu, og hefur því yfir að ráða mikilli þekkingu á sviði nútíma fjóshönnunar og býður uppá heildarlausn.

Fjós eru okkar fag



Gunnbjarnarholti
801 Selfoss
480 5600
landstolpi.is

Sif Matthíasdóttir er formaður Geitfjárræktarfélags Íslands: Íslenska geitin er óslípaður demantur hvað nýtingu varðar

– Geitfjárræktarfélag Íslands varð nýverið aðili að Bændasamtökum Íslands

„Við höfðum átt hross í áratugi og það var eina reynsla okkar af búskap áður en við fluttum hingað á Snæfellsnes árið 2009,“ segir Sif Matthíasdóttir, formaður Geitfjárræktarfélags Íslands. Hún tók við formennsku í félaginu fyrir ári, hún gerðist sjálf geitfjárbóndi 2010.

Sif og maður hennar, Jörundur Svavarsson, prófessor í sjávarlíffræði við Háskóla Íslands, keyptu jörðina Hrísakot árið 2005 sem er skammt frá Stykkishólmi, undir Ljósufjöllum, með það að markmiði að hafa það náðugt í sveitarómantíkinni með hesta sína í viðhaldslitlu húsnæði þegar þau létu af störfum. Sif er tannlæknir og sækir enn vinnu í Kópavoginn þar sem hún rekur eigin tannlæknastofu, en hún segir að starfshlutfall þar sé komið niður í 50–60 prósent. „Við fengum svo gripahús með aðliggjandi jörð sem við keyptum stuttu síðar. Hún hét til forna Hrísar en heitir nú Vellir – og okkur fannst að við þyrftum að gera eitthvað nýtilegt við þessi gripahús. Á þessum árum, frá því að við keyptum og þar til við fluttum í íbúðarhúsið, fór tíminn í að byggja upp húsakost. Við reistum hesthús sem við ákváðum svo í miðri framkvæmd að skyldi hýsa geitur til helminga.“

Smitaðist af eldmóði Jóhönnu á Háafelli

Um ástæður þess að Sif fékk áhuga á geitfjárrækt segir hún að líklega hafi Jóhanna Þorvaldsdóttir á Háafelli opnað augu hennar fyrir því að geitfjárrækt væri eitthvað fyrir hana. „Það var í raun ekki fyrr en ég fór að fylgjast með hennar starfi sem mér varð ljóst að það var til í landinu þessi merki geitastofn.“

Þegar ég svo gerði mér ljóst að umsvifin í hestamenskunni myndu varla aukast þá datt mér í hug að það gæti verið áhugavert að eignast nokkrar geitur og byggja upp smá búskap í kringum þær – og það hefur átt fullkomlega vel við mig. Þetta er hreint hólfi – og engar geitur í þessu hólfi – þannig að við

þyrftum að leita eftir gripum í öðru hreinu hólfi, nefnilega í Distilfirði frá Fjallalækjaseli. Þaðan höfum við einungis fengið gripi. Höfum sótt okkur frá þremur og upp í fimm hausa í fjörgang frá árinu 2010 og keyrt með hingað. Það eru strangar reglur um flutning gripa á milli hólfa og það þarf að taka tillit til sauðfjárhólfa því ákveðnir sjúkdómar geta smitast á milli þessara tegunda. Því gilda varnarlnur fyrir sauðfé einnig fyrir geitur. Hingað til höfum við geitfjárræktendur sloppið nokkuð vel við sjúkdómasmit frá sauðfénu.

Annars höfum við líka verið að prófa okkur áfram með sæðingar þó árangurinn hafi kannski ekki verið sérstakur, enda höfum við verið með fryst sæði og samstillt geiturnar með hormónasprautum sem mér skilst að sé ekki ákjósanlegast. Við höfum verið að fá eitt og eitt kið úr þessum sæðingum. Nú í ár prófuðum við í fyrsta skipti að nota ferskt sæði og við gerum okkur vonir um að árangurinn verði betri. Þorsteinn Ólafsson dýralæknir var tilbúinn að ganga í það að safna sæði frá Háafelli og ég fór á námskeið til að læra sæðingar svo þetta stendur nú allt til bóta vonandi hvað sæðingarnar varðar.“

Stefna á að mjólka geitur í sumar

„Við ákváðum að kaupa sauðfjárvóta þegar það bauðst hér í sveitinni fyrst og fremst til að öðlast reynslu af búskap. Við erum með um 30 geitur og um 80 vetrarfóðraðar ær, 20 hesta og íslenskan hund. Meiningin er svo að fækka sauðfénu eftir því sem geitum fjölga,“ segir Sif um sinn blandaða búskap. „Sauðfjárafurðirnar frá Hrísakoti fara hefðbundna leið í sláturhús og svo er eitthvað heim tekið líka. Afurðirnar frá geitfénu hafa ennþá verið það litlar að þær hafa einungis farið til heimabruks. Við gerum okkur vonir um að frá og með næsta sumri getum við farið að mjólka geiturnar og þá munum við örugglega prófa okkur áfram með úrvinnslu á henni.“



Sif Matthíasdóttir, formaður Geitfjárræktarfélags Íslands.

Myndir / smh

Þakklát fyrir stuðning ráðherra

Sif er ánægð með framlag Sigurðar Inga Jóhannssonar, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, í stuðningi

við greinina að undanfögnu. „Það hefur verið aukið við fjármagn til Erfðafjárnefndarinnar sem stundar rannsóknir á erfðaefti geitarinnar og hluti af þeim fjármunum fer til geitfjárbænda sem stofnfjárstyrkur.“

Áður var greitt með fyrstu 25 hausunum, nú er greiddur styrkur með öllum skýrslufærðum geitum, fyrir það erum við mjög þakklát. Okkur þótti líka vænt um hvatningu hans til þess að Geitfjárræktarfélagið



Geitfjárræktin stendur frammi fyrir áskorunum og tækifærum.



Þegar blaðamaður bar að garði á geitabúinu í Hrísakoti voru þar þrjú nýbörnir kíðlingar hjá mæðrum sínum.



Eins og sjá má væsir ekki um geiturnar í Hrísakoti. Sif stefnir á að setja upp mjaltabás í sumar.

yrði aðili að búvörusamningunum, sem er í raun í takti við hugmyndir hans um breytingar á búvörulögum og gera ráð fyrir að okkar félag muni njóta stuðnings til jafns við aðrar greinar. Nýverið fögnuðum við því einmitt að vera orðinn aðili að Bændasamtökum Íslands – og það skiptir líka máli fyrir frekari framþróun greinarinnar.“

Greinin stendur frammi fyrir áskorunum

Sif segir að geitfjárræktin standi frammi fyrir ýmsum áskorunum. „Það er ljóst að við erum með lítinn stofn sem er mjög skyldleikaræktaður. Stofninn samanstendur í raun mest af nokkrum litlum hjörðum og svo er það Jóhanna á Háafelli sem er með langflesta gripi, eða um 150 vetrarfóðraðar skepnur. Það er í raun ekkert enn útséð með að það takist að bjarga þessum stofni, en ef það á að takast verða á næstu tíu til tuttugu árum að verða hér á landi þrjú til fimm bú með tvö til fjögur hundruð gripi. Í dag eru um þúsund einstaklingar til á geitfjárbúum landsins og það hefur verið talað um að til þess að hægt verði að taka stofninn af valista þurfi um fimm þúsund kvenkyns einstaklinga – svo það er enn langt í land með það.“

Um síðustu áramót hætti Ólafur Dýrmundsson, sem ráðunautur fyrir greinina og við hans starfi tók Eyþór Einarsson, en hann er einnig ábyrgðarmaður í sauðfjárrækt hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins. Sif segir að Ólafur hafi skilað mjög góðu starfi sínu í hendur Eyþórs og ekki sé ástæða til annars en bjartsýni á þessum tímabili. „Það er mjög mikilvægt að við séum nú komin inn í Bændasamtök Íslands því við þurfum virkilega á því að halda að geitfjárrækt verði að viðurkenndri starfsgrein, svo einhver framþróun geti orðið. Ég er þakklát fyrir góðar viðtökur af hálfu forsvarsmanna Bændasamtakanna og vonast eftir farsælu samstarfi þar innanborðs. Þar hefur lengi verið unnið gott starf í þágu bænda sem mun koma okkur til góða. Til dæmis vonast ég til þess að með þessu skrefi verði hægt að koma skýrsluhaldi í geitfjárrækt í nútímalegt horf – en hingað til hefur allt slíkt starf verið unnið með blaði og penna og orðið tímabært að þetta verði gert á stafrænan hátt. Vinna við forritun var komin af stað og vonandi verður hægt að klára það fyrr en seinna.“

Gríðarlega miklir möguleikar fyrir geitfjárafurðir

Sif leggur áherslu á að það þurfi að eiga sér stað ákveðin viðhorfsbreyting til geitfjárræktar í landinu; bæði innan greinarinnar og reyndar almennt í þjóðfélaginu. „Við erum í raun með ósláðan demant í höndunum. Íslenska geitin er orðin viðurkennd sem séríslensk tegund sem hefur verið í einangrun hér síðan um landnám, þótt örlítið hafi verið flutt út af lifandi geitfé, bæði til Skotlands og Bandaríkjanna.“

Afurðirnar eru engu líkar og eiga mikla möguleika í framtíðinni; kjötið af geitinni er afburða gott en magurt, geitamjólkinn víðfræg og ullin einstök,“ segir Sif og bætir við að svo sé hún skráð í Bragðörk alþjóðlega Slow Food-hreyfingarinnar sem gefur henni enn meiri möguleika. Hún kannast ekki beint við að það séu fordómar gagnvart kjötinu af geitinni en segir það mjög vandmeðfarið. „Það er auðvitað mjög ólíkt lambakjötinu og til að mynda mjög fiturýrt. Ég sé það líka fyrir mér sem framtíðarverkefni félagsins – þegar framboð af kjöti verður orðið nægt til að það geti verið alvöru markaðsvara – að við fáum til liðs við okkur matreiðslumeistara til að kynna almenningi fyrir kostum geitakjötsins. Fyrst um sinn verður slíkt kjöt þó örugglega einungis til í litlum sérverslunum. Varðandi ullina og vinnslu á henni stöndum við frammi fyrir því að við eigum ekki almennilegan tækjabúnað til

að hreinsa geitaull. Við þurfum því að senda ullina til Noregs eða Skotlands ef við viljum fá hana hreinsaða og unna. Það er hins vegar mikið óhagræði í því; bæði tímafrekt og kostnaðarsamt. Fiðan í ull geitarinnar er óviðjafnanlega mjúk og fín og þekkt undir heitinu kasmírull. Hana er ekki hægt að vinna nema strýið sé skilið frá með þar til gerðum tækjabúnaði. Um möguleika geitamjólkurinnar þarf svo varla að fjölyrða.“

Sif er mjög bjartsýn á framtíð geitfjárræktar á Íslandi. „Fyrst og fremst þarf þó að breyta viðhorfi bænda og fá þá sem eiga og halda geitfé til þess að sjá það sem stofn sem hægt er að nýta á arðbæran hátt – sem auðlind en ekki bara sem tótmundastarf. Ef það tekst, með fræðslustarfi og fjárhagslegum stuðningi, þá ætti geitfjárræktinni að vera allir vegir færir.“ /smh

BÁRUJÁRN
ALUSINK OG LITAÐ ALUSINK
PLÖTUR KLÆÐA 107 CM

NÝJUNG
VATNSRÁS

VEGGKLÆDNINGAR
OG FLASNINGAR

LÆSTAR
KOPAR OG SINK
KLÆDNINGAR

STJÖRNUBLIKK
VANTAKSAGAR • ALMENN BLIKKMI • KAMRATÁL • BÄLLJÄRN
LÖPFLÆSTREIPI • SÁR • ELEMENT • VEGGSTÖR • KLÆDNINGAR

Snögg og góð þjónusta!

Smiðjuvegi 2 • 200 Kópavogur • Sími 577 1200 • Fax 577 1201 • stjornublikk@stjornublikk.is • www.stjornublikk.is



Sóttthreinsivörur í hæsta gæðaflokki fyrir allan landbúnað

Rekstrarland býður upp á gott úrval af sóttthreinsivörum fyrir landbúnað sem standast ströngustu gæðakröfur.



VANODOX FORMULA, perediksýrusóttthreinsir

Fjölvirkt efni sem virkar á fjölda baktería, sveppa og veira. Efnið mengar hvorki né blettur og hentar fyrir gripahús í þéttbærum landbúnaði.



GPC8, alhliða sóttthreinsiefni

Öflugt sóttthreinsiefni sem veitir vörn gegn fjölda sjúkdómsvaldandi örvera. Það er fljótvirkandi og hefur langvinna virkni auk þess að vera virkt með lífrænum efnum.



FAM 30, jöðófor sóttthreinsir

Afar öflugur og fljótvirkandi sóttthreinsir sem drepur bakteríur, veirur og sveppi með skjóttum hætti. Veitir framúrskarandi vörn gegn fjölmörgum sjúkdómsvaldandi lífverum.



SÓTTTHREINSIMOTTUR

Ein besta og öruggasta leiðin til að koma í veg fyrir að smit berist inn í gripahús. Motturnar eru notaðar með Evans sóttthreinsiefnum sem tryggja að engin óhreinindi og bakteríur berist í húsin með gestum og gangandi. Motturnar fást í þremur mismunandi stærðum.

Efnin eru öll Defra-viðurkennd til almennrar notkunar, við gin- og klaufaveiki, svínafári og alifuglasjúkdómum.



REKSTRARLAND
- léttir þér lífið



Rekstrarland er byggt á fyrrum rekstrarvörudeild Olis og er dótturfyrirtæki Oliuverzlunar Íslands hf.

www.rekstrarland.is

Mörkinni 4 | 108 Reykjavík | Sími 515 1100



Þórir ásamt eiginkonu sinni, Ásdísi Svölu Guðjónsdóttur. Með þeim eru synir þeirra, Gísli Örn (t.v) og Guðjón Birgir. Á myndina vantar dótturina, Erlu Fanneyju.

Myndir / MHH

Vélaverkstæði Þóris á Selfossi tuttugu ára

Vélaverkstæði Þóris á Selfossi varð tuttugu ára 1. mars sl., og haldið var upp á tímamótin föstudagskvöldið 13. mars með

opnu húsi í nýju og glæsilegu verkstæði við Austurveg 69.

„Það hefur verið jafn og þéttur stígangandi í rekstrinum og nú erum við

með sautján starfsmenn á launaskrá. Meginstarfsemin er í kringum viðgerðir á landbúnaðartækjum, vörubifreiðum, þungavinnuvélum og síðast en ekki síst smurþjónusta á öllum tækjum og bílum.“

Fara víða um land

„Við förum líka víða um land og jafnvel út fyrir landsteinana í viðgerðaleiðangra,“ segir Þórir L. Þórarinnsson hjá Vélaverkstæði Þóris á Selfossi en fyrirtæki hans varð tuttugu ára 1. mars sl., og haldið var upp á tímamótin föstudagskvöldið 13. mars með opnu húsi í nýju og glæsilegu verkstæði við Austurveg 69. Sautján starfsmenn eru á launaskrá.“

Styrkur að hafa trausta viðskiptavini

„Það er styrkur hvers fyrirtækis að hafa trausta og góða viðskiptavini og sér í lagi gott starfsfólk, sem er tilbúið að leggja mikið á sig í tíma og ótíma. Þá má ég ekki gleyma fjölskyldunni minni, sem hefur verið mjög umburðarlynd í gegnum árin,“ segir Þórir. /MHH



Talið frá vinstri: Sólrún Stefánsdóttir, Páll Þórarinnsson Gunnar Egilsson, og Guðmundur Karl Guðjónsson.



Fimm góðir, frá vinstri, Eiríkur Jóhannesson, Jósef Geir Gunnarsson, Ragnar Þorgilsson, Guðmundur B. Sigurðsson og Gunnar Sveinsson.

REYKJAVÍK Sími: 414-0000 /// AKUREYRI Sími: 464-8600 /// www.VBL.is

DRIFSKÖFT OG DRIFSKAFTAEFNI

WALTERSCHEID

HÆGT ER AÐ KAUPA STAKA HLUTI Í DRIFSKAFTAHLÍFAR

GOTT ÚRVAL Í BODI

ERU ÖRYGGISMÁLIN Í LAGI? ÖRYGGISHLÍFAR Á MJÖG HAGSTÆÐU VERÐI

BENZI & DI TERLIZZI ...

www.VBL.is

REYKJAVÍK Krókháls 5F 110 Reykjavík Sími: 414-0000

AKUREYRI Baldursnes 2 603 Akureyri Sími: 464-8600

Dekkjainnflutningur

15% afsláttur af öllum dekkjum til 30. apríl 2015

Eigum á lager flestar stærðir traktora-, vagna-, vinnuvéla- og vörubíladekkja.

Einnig mikið úrval fólksbíla- og jeppadekkja.

Vinsamlegast hafið samband við

Árman Sværissón 896-8462 e-mail jasondekk@simnet.is

Tryggva Aðalbjörnsson 896-4124



Jason ehf.
Hafnarstræti 88
Akureyri

Sumarhús til brottflutnings

Húsið er byggt úr timbri árið 1996 og klætt að utan með liggjandi timburklæðningu, stærð 19,2 fm. Eignin telur; sambyggða stofu og eldhús, svefnherbergi og salerni. Yfir hluta hússins er svefnloft. Húsið er staðsett í nágrenni Hvolsvallar.

Verð kr. 4.800.000.

Nánari upplýsingar og myndir á www.fannberg.is og á skrifstofu.



FANNBERG FASTEIGNASALA EHF. s: 487-5028

Guðmundur Einarsson lögg. fasteignasali
Jón Bergþór Hrafnsson viðskiptafræðingur

JEPPADEKK

Kletthálsi 3 | 110 Reykjavík | 540 4900 | www.arctictrucks.is

Bændur græða landið Uppgræðsla með lífrænum efnum

Landgræðsla ríkisins auglýsir eftir þátttakendum/
samstarfsaðilum í tilraunaverkefni með lífræn
áburðarefni sem hefjast mun sumarið 2015.

Ætlunin er að kanna möguleika á notkun lífrænna
áburðarefna innan verkefnisins *Bændur græða
landið (BGL)* sem er samvinnuverkefni bænda og
Landgræðslunnar um uppgræðslu á heimalöndum.

Skilyrði fyrir þátttöku í tilraunaverkefninu er að
fyrirhugað uppgræðsluland sé ógróið eða mjög lítt gróið,
að beit á því sé hófleg eða það friðað fyrir beit. Svæðið
þarf einnig að vera að lágmarki 4 ha að stærð. Minni svæði
koma til greina ef að aðstæður til uppgræðslu eru sérlega
erfiðar, s.s. rofabarðasvæði.

Veittir verða styrkir til uppgræðslunnar líkt og í *Bændur
græða landið*, en gert er ráð fyrir að styrkur verði greiddur
fyrir hvern uppgræddan hektara og hluti styrks verði
greiddur við upphaf verkefnis og hluti að uppgræðslu
lokinni. Ætlunin er að móta frekari tilhögun verkefnisins í
samráði við þátttakendur í tilraunaverkefninu.

Sunna Áskelsdóttir verkefnisstjóri BGL veitir nánari
upplýsingar og tekur á mótí umsóknum í síma 488 3047
og í netfanginu sunna@land.is



Landgræðsla ríkisins

Bændablaðið er prentað í 32 þúsund
eintökum og er líka á bbl.is og á [Facebook](https://www.facebook.com/bændablaðið)

www.n1.is

[facebook.com/enneinn](https://www.facebook.com/enneinn)



Dekum öll farartækin á bænum

Cultor dekkinn eru undirmerki
frá Mitas sem er einn stærsti
framleiðandi landbúnaðar- og
iðnaðardekkja í heiminum.
Hagkvæmari kostur í dekkjum
fyrir landbúnaðinn. Cooper
dekkinn eru einkar endingar-
góð með mikið og gott grip,
hvort sem er á grasi eða mól.





Öll starfsemi Kjarnafæðis var flutt að Svalbarðseyri í fyrrasumar, þar hefur fyrirtækið komið sér fyrir til framtíðar og hefur á þeim slóðum gott færi á að stækka við sig ef þarf. Myndir / MÞÞ

Kjarnafæði á Svalbarðseyri:

Þarf dugnað, elju, metnað og þekkingu til að lifa af 30 ár í þessum rekstri

„Það þarf dugnað, elju, metnað og þekkingu bæði á faginu og markaðinum til að lifa af 30 ár í rekstri sem þessum,“ segir Gunnlaugur Eidsón, framkvæmdastjóri Kjarnafæðis. Fyrirtækið fagnaði í liðnum mánuði 30 ára afmæli sínu, en það var stofnað í mars árið 1985.

Starfsemin hófst í litlum bílskúr á Akureyri og störfuðu eigendurnir, bræðurnir Eiður og Hreinn Gunnlaugssynir, í fyrstu tveir við framleiðsluna ásamt fjölskyldum sínum.

Skemmst er frá því að segja að félagið hefur vaxið og dafnað, jafnt og þétt var bætt við húsnæði og það sama má segja um starfsmenn sem nú eru um 130 talsins. Fyrirtækið flutti alla síns starfsemi að Svalbarðseyri sumarið 2014. Þar hefur félagið komið sér fyrir til framtíðar.

Gunnlaugur segir aðstæður á markaði sífellt harðnandi, samkeppni hafi aukist og miklar kröfur séu gerðar hvað varðar gæði og verð.

„Það er aldrei á vísan að róa á þessum markaði, en það heldur okkur á tálum, bæði eigendum og starfsfólki, afmælisbarnið ber sig vel á þessum tímamótum og er mikill hugur í fólki sem nú stefnir einbeitt inn í næstu 30 árin í sögu fyrirtækisins,“ segir Gunnlaugur.

„Við höfum ávallt haft á að skipa mjög góðu starfsfólki, margir hafa unnið hjá okkur nánast frá upphafi og við erum þakklát fyrir þá tryggð sem okkar fólk hefur sýnt fyrirtækinu.“

Framtíðarstaðsetning á æskulóðum

Bílskúrin, þar sem bræðurnir Eiður og Hreinn bjuggu til pitsur og salöt, varð fljótt of lítil undir starfseminna þannig að fest voru kaup á húsnæði við Fjölnisgötu á Akureyri og síðar, eða árið 1993, keypti félagið hús á Svalbarðseyri, þar sem áður hafði verið sláturhús og kjötvinnsla K.S.Þ. Markvisst var eftir það byggt upp á Svalbarðseyri sem leiddi til þess að síðastliðið sumar var öll starfsemi félagsins flutt þangað. Þar hefur félagið yfir að ráða fultkominni aðstöðu og segir Gunnlaugur að inn í þá ákvörðun að byggja fyrirtækið upp á þeim stað hafi spilað að fyrir hendi eru góðir möguleikar til stækkunar.

„Og það skemmur ekki fyrir að bræðurnir ólust þar upp, þannig að þeir reka nú umsvifamikil fyrirtæki á sínum æskulóðum.“

Gríðarlegur flutningskostnaður

Gunnlaugur segir að ef einungis hefði



Bræðurnir Eiður og Hreinn Gunnlaugssynir stofnuðu Kjarnafæði fyrir 30 árum, árið 1985. Þarna eru þeir kátir í afmælisfagnaði félagsins sem haldinn var á dögnum, en lengst til hægri er Gunnlaugur framkvæmdastjóri.



Ný áleggsskurðar- og pökkunarvél var tekin í notkun hjá Kjarnafæði á liðnu sumri, um svipað leyti og fyrirtækið flutti starfsemi sína þangað. Hún er um 21 metri að lengd og var ekki hægt að klára vegginn á hægri hönd fyrr en hún var komin inn. Það má segja að húsið hafi verið smíðað utan um vélin.

Á innfelldu myndinni má sjá pylsurekka hjá Kjarnafæði. Íslendingar hafa undanfarin ár stóraukið pylsluátt sitt og er sífellt unnið að vörupróun þegar að slíku góðgæti kemur. Kjarnafæði mun í sumar bjóða upp á ýmsar nýjungar í þeim efnum.

verið horft til peningastjórnaðs og hvernig félagið gæti haft sem mestan ávinning af sinni starfsemi hefði best farið á því að koma því

fyrir á höfuðborgarsvæðinu, sem næststærsta markaði landsins. Á þann hátt losnaði félagið við gríðarlegan flutningskostnað,

kostnað sem hleypur á hundruðum milljóna ár hvert. „Fyrirtækin á höfuðborgarsvæðinu sleppa við þann kostnað og skekkir það

samkeppnisstöðuna auðvitað mikið. En engu að síður var ákveðið að framtíðarstaðsetning Kjarnafæðis yrði á Svalbarðseyri, félagið hefur fundið sér fastan samastað í tilverunni og verður þar um ókomin ár.

Bæta stöðu sína á markaði

Hin síðari ár hefur Kjarnafæði aflað sér ýmissa leyfa sem gera að verkum að staða þess á markaði er betri. Þar má nefna útflutningsleyfi sem kemur í kjölfar úttektar MAST þar sem Kjarnafæði uppfyllir matvælaöggjöf Evrópusambandsins en það gefur fyrirtækinu fullt leyfi til að selja íslenskar vörur erlendis. Einnig hefur félagið A-vottun Samtaka iðnaðarins og er eina fyrirtækið á þessum markaði sem státar af slíkri vottun. Gunnlaugur segir að það hafi í för með sér að úttektir á gæðamálum fyrirtækisins séu enn ítarlegri en ella og ábyrðin meiri. Þá er unnið að innleiðingu á alþjóðlega gæðastaðlinum ISO 9001 sem byggist á stöðluðum gæðum þjónustu við viðskiptavini.

„Þau fyrirtæki sem náð hafa A vottun Samtaka iðnaðarins eiga stutt í að ná ISO-vottuninni, en mun enn auka gæði á okkar vörum og þjónustu og í kjölfarið væntanlega tiltrú hugsanlegra viðskiptavina, bæði innanlands og utan.

„Það má eiginlega segja að nú á þessum tímamótum hafi litla barnið í



Gunnlaugur Eiðsson, framkvæmdastjóri Kjarnafæðis, spáir því að veður verði gott í sumar og landsmenn haldi upp á það með því að grilla sem oftast. Sumarið er jafnan stór vertíð hjá kjötvinnslum.

bílskúrnum komið sér ágætlega fyrir í lífinu, með góða háskólagráðu á leið í sérnám," segir Gunnlaugur.

Seldu Norðanfisk og Nonna litla

Kjarnafæði hefur um árin átt hlut í nokkrum fyrirtækjum, en þar má m.a. nefna SAH-Afurðir á Blönduósi þar sem stórgripum og sauðfé er slátrað.

Þá á fyrirtækið einnig hlut í Sláturfélagi Vopnafjarðar og fær þaðan til að mynda hin víðfrægu Vopnafjarðarsvið, en sérstök aðferð sem menn nota þar á bæ við verkun sviðanna hefur heillað landsmenn. „Hún er gamaldags og góð," segir Gunnlaugur. Félagið átti lengi helmingshlut í Norðanfiski, en seldi hann um síðasta ár. „Það má segja að við séum nú með allan hugann við kjötið og sölu þess. Sala á Norðanfiski og öðru félagi sem við áttum, Nonna litla, var notuð til að fjármagna breytingar sem fylgdu innleiðingu á evrópsku matvælaggjöfnni. Styrkur sem viljrði var fyrir til að undirgangast það regluverk fékkst ekki, þannig að við fórum þessa leið," segir Gunnlaugur.

Skemmtilegur og krefjandi tími

Gunnlaugur segir að sala hafi verið mikil um nýliðna páska, enda hefð fyrir því að bjóða upp á páskalamb á þeim árstíma.

„Páskalamb er ómissandi á borðum landsmanna ár hvert. Við höfum afskaplega gaman af svona árstíðabundnum törnum, þegar kjötið rýkur út og starfsmenn eru allir í fimmta gir. Þetta er krefjandi og skemmtilegur tími," segir hann en helstu tarnir eru í kringum jól, páska og þorrann, en eiginlega er sumarið allt eins og það leggur sig ein stærsta vertíðin hjá fyrirtækjum sem framleiða kjötvöru.

Halda í hefðir yfir hátíðir

„Sumarið er okkar stærsta vertíð, Íslendingar eru greinilega sólgirnir í grillmat og eru farnir að teygja sig fyrr að vorinu eftir grillinu og pakka því seinna saman fyrir veturinn. Raunar eru það æ fleiri sem hafa grillið upp allan ársins hring og við erum hæstánægð með það," segir Gunnlaugur.

Hann segir að þær árstíðabundnu tarnir sem teknar séu hjá fyrirtækinu hafi um tíðina verið hefðbundnar og á þá m.a. við um vöruúrval. „Almennt má segja að fastheldni sé mikil hjá landsmönnum. Við reyndum fyrir þorrann að hugsa aðeins út fyrir kassann og framleiddum m.a. þorrasultu, sem er kjötsúpa í sultuformi, og einnig grænmetissultu. Hvorutveggja vakti tölverða athygli. Þetta er okkar leið til að sinna þörfum markaðarins og við munum ótrauð halda áfram á þessari braut og bjóða upp á eitthvað nýtt áður en næsti þorri gengur í garð. Breytingar í kringum ýmsar hátíðir gerast hægt, en gerast þó. Ég nefni sem dæmi að á árum áður vildu langflestir hafa sitt hangikjöt með beini. Nú er einungis lítið

brot af okkar hangikjötsölu í því formi, flestir kjósa nú úrbeinaðar hangikjötsrúllur. Enn vilja flestir fá svínahamborgarhrygg sinn með beini, en þeim fjölgar sem vilja fá hann úrbeinaðan. Ef til vill verður þróunin sú að eftir tíu til tuttugu ár kjósi flestir að fá úrbeinaðan hamborgarhrygg," segir Gunnlaugur.

Nýjungar í boði yfir sumarið

Sumarið er fram undan og miðað við aukinn áhuga landsmanna á grilluðu kjöti má búast við að starfsfólk Kjarnafæðis hafi í nógu að snúast næstu mánuði.

„Yfir sumarmánuðina höfum við meira svigrúm en fyrir áðrar „kjöthátíðir“ að vinna að vöruþróun, prófa eitthvað nýtt, því landinn vill mjög gjarnan reyna nýjungar af ýmsu tagi á þeim árstíma. Við ætlum ekki að láta það framhjá okkur fara og eru með eitt og annað í farvatninu," segir Gunnlaugur og nefnir m.a. í því sambandi tvær nýjungar, lambaleggi sem tilbúnir eru beint á grillið og svo bógsteik með beini.

„Ég er viss um að þessar vöru eiga eftir að slá í gegn," segir hann. Þá má nefna heilar frampartssneiðar, „frábærar sneiðar og alveg til beint á snarpheitt grillið."

Pylsur af öllu tagi rjúka út

Gunnlaugur segir Íslendinga sækja mjög í sig veðrið þegar kemur að pylsum ýmiss konar, mikil aukning hafi um árin orðið í pylsukaupum landsmanna.

„Það er bara ljómandi fínt og við fylgjum þeirri þróun og bætum alltaf við okkar vöruúrval, erum t.d. í sumar með fimm nýjar tegundir á boðstólum. Góð grillpýlsa er gulls ígildi sem forréttur fyrir góða grillmáltíð. Við erum með ýmislegt í pípunum, en það er ekki rétt að ljóstra því öllu upp strax, menn verða bara að bíða spennint eftir nýjum vörum frá okkur sem líta munu dagsins ljós þegar líður að sumri."

Spáir góðu grillsumri

Önnur breyting sem tengist grillvenjum Íslendinga er að sögn Gunnlaugs sú að æ fleiri kjósa að kaupa grillkjöt sitt kryddað.

„Það hefur aukist mjög, fólk vill greinilega hafa kjötið tilbúið og skella því beint á grillið án fyrirhafnar," segir hann. Kjarnafæði hafi um árin verið heppið með kryddblöndur. Nefnir hann m.a. í því sambandi Heiðarlambið, sem hreinlega hafi slegið í gegn meðal landsmanna og sé ein mest selda vara fyrirtækisins á markaði um þessar mundir. Félagið hafi einnig boðið upp á kryddlegna Argentínu og Brasilíu og hafi báðir átt vinsældum að fagna. Svínvirka segir hann, bæði á grísa- og lambakjöt.

„Ég ætla nú að leyfa mér að vera bjartsýnn og spá því að veðrið í sumar verði einstaklega gott um allt land og landsmenn verði duglegir að standa við grillin sín og auðvitað að rífa í sig grillkjöt frá Kjarnafæði í tilefni af 30 ára afmælinu okkar," segir Gunnlaugur. /MÞÞ

Réttu tækin í vorverkin

AGROLUX plógar

AGROLUX MT 3 eða 4 skerar
Stillanleg vinnslubreidd (35, 40, 45 cm)
Vökvaútsláttur á hverjum skera fyrir sig.
Landhjól úr stáli eða gúmmílandhjól
Fjaðrandi hjólskerar.
Vökvaskekking (aukabúnaður)

AGROLUX



Eigum til afgreiðslu strax 3-skera og 4-skera plóga.

CELLI hnífataetarar

Sterkbyggðir hnífataetarar fyrir 60 - 120 hestafla dráttarvélur.
Vinnslubreiddir 2,60, 2,85 og 3,10 m
4ra hraða girhús
Aflúrtakshjraði 540 sn/mín
Tannhjóladríf
Jöfnunarhleri
Drifskaft með yfiralagskúplingu

CELLI



Eigum til afgreiðslu strax tættara í vinnslubreiddum 2,60 m og 2,85 m

DAL-BO valtarar

Compact classic valtarar með nýju Snowflake hringjunum frá DalBo sem eru allt að 6 sinnum sterkari en venjulegir Cambridge hringir.



Snowflake

DAL-BO

Snowflake hringirnir fengu einmitt gullverðlaun á dönsku landbúnaðarsýningunni Agromek árið 2014.

Fáanlegir í vinnslubreiddum 4,5m 5,3m 6,3m 7,6m 8,3m og 9,3m

Erum að fá á lager 6,3m valtara



AMAZONE D9-3000 SUPER

3,00 metra vinnslubreidd
25 sáðfætur, 12 cm milli raða
600 lítra sáðkassi (stækkanlegur í 1000 l)
Stillanlegur þrýstingur á sáðfótum.
Spóaleggja herfi
Stiglaus stilling á sáðmagni.
Auðveld og einföld í notkun.
Vönduð og góð smíði.



AMAZONE



Bændur, verktakar og búnaðarfélög athugið: Nú er rétti tíminn til þess að ganga frá kaupum á jarðvinnslutækjum fyrir vorverkin

PÓR F

Reykjavík:
Krókháls 16
110 Reykjavík
Sími 568-1500

Akureyri:
Lönsbakka
601 Akureyri
Sími 568-1555

Vefsíða:
www.thor.is





Nemendur Landgræðsluskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna ásamt Sigrúnu Magnúsdóttur umhverfisráðherra við setningu Dags jarðvegsins.



Landgræðsluskóli Háskóla Sameinuðu þjóðanna

Menntun, þróunarsamvinna og landvernd

Landgræðsluskóli Háskóla Sameinuðu þjóðanna hefur starfað á Íslandi frá árinu 2007. Skólinn heldur sex mánaða námskeið á hverju ári fyrir sérfræðinga sem koma frá ýmsum þróunarlöndum. Námið felst aðallega í að nema landgræðslufræði, mat á ástandi lands og hvernig stuðla á að sjálfbærri landnýtingu.

Hafðís Hanna Ægisdóttir, forstöðumaður skólans, segir að stofnun hans eigi rætur sínar að rekja

til þess öfluga starfs sem unnið hefur verið hér á landi síðustu rúmlega 100 árin við að hefta upplástur og græða upp illa farið land. „Nemendurnir koma frá fátækum löndum í Afríku sunnan Sahara og Mið-Asíu sem glíma við alvarleg vandamál tengd ósjálfbærri landnýtingu, landeyðingu og fátækt. Markmið skólans er að byggja upp færni innan stofnana í samstarfslöndum Landgræðsluskólans og þess vegna bjóðum við starfsfólki

frá sömu stofnunum og löndum ár eftir ár að nema við skólann. Þessar stofnanir starfa allar með einhverjum hætti að landnýtingar- og landverndarmálum.“

Um Landgræðsluskólann

„Landgræðsluskólinn byrjaði sem þriggja ára þróunarverkefni á vegum utanríkisráðuneytisins, Landbúnaðarháskóla Íslands og Landgræðslu ríkisins árið 2007 og byggir að hluta til á módeli Jarðhita- og Sjávarútvegsháskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna sem einnig eru staðsettir hér á landi. Í lok tilraunatímans voru gæði starfsins metin og í kjölfarið á jákvæðu mati var skrifað undir samning þann 17. febrúar 2010 um rekstur Landgræðsluskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna á Íslandi.“

Aðilar að samningnum eru Háskóli Sameinuðu þjóðanna, utanríkisráðuneytið, Landbúnaðarháskóli Íslands og Landgræðslu ríkisins en Landbúnaðarháskóli Íslands sér um daglegan rekstur skólans en auk hans kemur Landgræðslu ríkisins að rekstri hans. Skólinn er fjármagnaður af íslenska ríkinu sem hluti af framlagi Íslands til alþjóðlegrar þróunarsamvinnu og er til húsa í starfsstöð Landbúnaðarháskóla Íslands á Keldnaholti í Reykjavík.



Fyrirum nemi Landgræðsluskólans og starfsmaður umhverfisráðuneytis Níger stýrir stóru verkefni. Tilgangur verkefnisins er að auka fæðuöryggi á svæðinu sem áður var þakið runnagróðri og skógi en er nú þurr og eyðilegt.



Hafðís Hanna Ægisdóttir, forstöðumaður Landgræðsluskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna.

Hafdís Hanna segir að þar hafi namar skólans aðsetur mestan hluta þess tíma sem þeir dvelja á Íslandi og þar fer námskeiðahaldið að mestu fram. Auk þess dvelja nemarnir hluta námsins í höfuðstöðvum Landgræðslu ríkisins í Gunnarsholti á Rangárvöllum. Fyrirlesarar við skólann eru milli 30 og 40 og flestir íslenskir sérfræðingar á sínu sviði auk þess sem erlendir gestafyrirlesarar kenna við skólann ár hvert.

Markmið, markhópur og inntökuskilyrði

„Markmið skólans er að byggja upp færni sérfræðinga, sem koma frá fátækum þróunarlöndum, í landgræðslu og sjálfbærri landnýtingu. Það er gert með því að mynda tengsl við stofnanir, eins og háskóla, rannsóknastofnanir og ráðuneyti í viðkomandi löndum sem vinna að landgræðslu- og landverndarmálum í samstarfslöndum skólans í Afríku og Mið-Asíu.

Val á nemendum fer þannig fram að yfirmenn viðkomandi stofnana benda á starfsfólk innan sinna raða sem uppfylla inntökuskilyrði skólans. Í kjölfarið heimsækir forstöðumaður eða annar starfsmaður skólans viðkomandi stofnanir, tekur viðtöl við viðkomandi starfsmenn og metur hæfi þeirra. Auk þess kynnir hann sér aðstæður og þær áskoranir sem viðkomandi land á við að etja í landnýtingar- og landverndarmálum,“ segir Hafdís Hanna.

Inntökuskilyrði Landgræðslu-skólans eru meðal annars þau að væntanlegir nemendur þurfa að hafa lokið grunnnámi í háskóla í fræðum sem tengjast viðfangsefnum Landgræðsluskólans, hafa að minnsta kosti eins árs starfsreynslu sem tengist náminu og enskukunnáttu.

Hafdís Hanna segir að eftir veru sína hér á landi, haldi nemarnir aftur til síns heima og miðli af þekkingu sinni til samstarfsfélaga sinna og heimamanna. „Með þessum hætti er reynt að tryggja að færni sem þeir öðlast nýtist þeirra stofnunum og samfélögum.“

Uppbygging námsins

„Meginstarfsemi skólans felst í sex mánaða námskeiði sem haldið er árlega frá mars til september hér á landi. Alls hafa 63 sérfræðingar frá 10 löndum útskrifast frá skólanum frá stofnun hans. Namar við skólann í ár eru 13 og koma frá Gana, Eþíopíu, Malaví, Namibíu, Úganda, Mongólíu og Kirgistan. Auk þess hafa á síðustu árum komið namar frá Níger, Úsbekistan, Egyptalandi og Túnis.

Náminu er skipt í hluta sem saman mynda heildstæða námskrá. Lögð er áhersla á að blanda saman hefðbundnum fyrirlesturum, æfingum innan- og utandyra sem



Á sumrin fara nemarnir í tvær lengri skoðunarferðir þar sem tilgangurinn er að kynna fyrir þeim þær áskoranir sem Íslendingar hafa þurft að takast á við og þau landgræðsluverkefni sem unnin eru hér á landi.



Fyrirverandi nemendur skólans við jarðvegsrannsóknir í Namibíu.

og skoðunarferðum til þess að þátttakendur öðlist sem mesta reynslu og þekkingu.

„Fyrstu þrjú mánuði námsins er nemunum kennt um orsakir landhnignunar og farið vel í landgræðslu- og vistheimtarfræði. Einnig er fjallað um landlæsi, mat á ástandi lands og tengsl landhnignunar og landgræðslu við loftslagsbreytingar. Fjallað er um landréttindamál og tengsl þeirra við kynjasjónarmið, hvernig haga skuli gerð landnýtingaráttalana og hvernig fylgjast á með framgangi verkefna og meta árangur þeirra.

Á sumrin fara nemarnir í tvær lengri skoðunarferðir þar sem tilgangurinn er að kynna fyrir þeim þær áskoranir sem Íslendingar hafa þurft að takast á við og þau

landgræðsluverkefni sem unnin eru hér á landi. Þau heimsækja einnig bændur í verkefninu Bændur græða landið, héraðsfulltrúa Landgræðslunnar og vísindamenn. Auk þess sem starfsfólk þjóðgarða og friðlanda er heimsótt.

Í seinni hluta dvalar sinnar vinna nemarnir að verkefnum undir handleiðslu leiðbeinenda. Leitast er við að verkefni séu tengd þeim vandamálum sem viðkomandi nemi glímur við í sínu heimalandi. Einnig er mikilvægt að verkefni sé á áhugasviði nemans og tengist viðfangsefnum þeirrar stofnunar sem hann vinnur fyrir. Vinnan við verkefni tekur um tólf vikur og lýkur með skýrslugerð og fyrirlestri um efnið á opinni málstofu,“ segir Hafdís Hanna.

Framtíðarsýn

Að sögn Hafdísar Hönnu er stefnt að því að skólinn muni stækka og eflast á komandi árum. „Fjöldi þátttakenda í sex mánaða námi skólans hefur aukist frá því skólinn tók til starfa og ef framlög til skólans munu aukast mun þeim halda áfram að fjölga á næstu árum. Stefnt er að því á næstu árum að halda eins til tveggja vikna námskeið

í Afríku sunnan Sahara og Mið-Asíu í samstarfi við samstarfsstofnanir skólans og fyrrum nema hans. Enn fremur stefnir Landgræðsluskólinn á að styrkja fyrrum þátttakendur í sex mánaða náminu til meistara- eða doktorsnáms við íslenskan háskóla,“ segir Hafdís Hanna Ægisdóttir, forstöðumaður Landgræðsluskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna að lokum. */VH*

Til sölu jörðin Skerðingsstaðir í Grundarfirði

211-4860 landnúmer 136655 greinitala 3709 02 00054000

Jörðin, sem er í eyði, stendur á sérstaklega fallegum stað með Kirkjufellið í baksýn.



Jörðin liggur að Lárósi þar sem lax- og silungveiði er sem/og í Hólalæk sem liggur að jörðinni. Veiðiréttindi á þessum stöðum fylgja jörðinni. Stærð: 264 hektarar.

Á jörðinni eru afgirt svæði fyrir hesta.

Fyrirhugað var að byggja hótél á jörðinni og eru leyfisumsóknir varðandi það í gangi.

Verð: 36 milljónir.

Upplýsingar hjá Fasteignamiðstöðinni í síma 550-3000 eða hjá Páli í síma 840-6100.


Vorlestin
... á leiðinni til þín

VEGLEGAR GJAFIR Í BOÐI

Þrjúhálfur, myntuspjöld og lykklappur frá **IB**, heyrnahlífar með útvarpi eða ennilsjós fyrir þá sem prufukeyra nýja dráttarvel og svara laufflöttum spurningum frá **Jötunn**, rúðuvökvi, Virocid sóttþreinsir, gos, nammi og fl. frá **Mjöll Frigg**, derhúfur, súkkulaði og pennar frá **Landbankanum**, smurkortagerð, harðfiskur og ýmsar gjafavörur frá **Skeljungu** og fóðurausur, lykklappur, pennar og derhúfur frá **Liflandi**.

SPURNINGALEIKUR!

Taktu þátt í léttum spurningaleik. Dregið verður úr réttum lausnum í lok ferðar.



Í aðalvinning er **sólarlandaferð fyrir tvo** og veglegir aukavinningar frá sýnendum.

Neðangreind fyrirtæki leggja land undir fót og heimsækja 15 staði á landinu. Tilgangurinn er að kynna vörur og þjónustu fyrirtækjanna. Fyrsti viðkomustaður verður Hvolsvöllur. Þar verðum við fimmtudaginn 16. apríl. **Verið velkomin. Við tökum vel á móti ykkur.**



- 1 Hvolsvöllur fimmtudaginn 16. apríl // Skeljungur - Björkin kl. 10:00-13:00
- 2 Vík fimmtudaginn 16. apríl // Vikurskáli kl. 15:00-17:00
- 3 Kirkjubæjarklaustur fimmtudaginn 16. apríl // Skaftárskáli kl. 19:00-21:00
- 4 Höfn föstudaginn 17. apríl // Vélsmiðja Hafnar kl. 11:00-14:00
- 5 Breiðdalsvík föstudaginn 17. apríl // Breiðdalsvík kl. 17:00-19:00
- 6 Egilsstaðir laugardaginn 18. apríl // Jötunn - Sólvangi 5 kl. 09:30-13:00
- 7 Húsavík laugardaginn 18. apríl // Skeljungur kl. 17:00-19:00
- 8 Akureyri sunnudaginn 19. apríl // Jötunn - Lónsbakka kl. 11:00-14:00
- 9 Varmahlíð sunnudaginn 19. apríl // Hótel Varmahlíð kl. 16:00-19:00
- 10 Blönduós mánudaginn 20. apríl // Lifland kl. 10:00-12:00
- 11 Staðarskáli mánudaginn 20. apríl // Staðarskáli kl. 14:00-16:00
- 12 Hólmavík mánudaginn 20. apríl // Hólmavík kl. 19:00-20:30
- 13 Búðardalur þriðjudaginn 21. apríl // KM þjónustan kl. 10:00-12:00
- 14 Borgarnes þriðjudaginn 21. apríl // Skeljungur kl. 14:00-16:30
- 15 Selfoss miðvikudaginn 22. apríl // Jötunn kl. 14:00-17:00





Íbúar Úganda:

Gríðarlega háðir landgæðum

„Ég er alin upp í norðurhluta Úganda og með menntun í umhverfisfræði,“ segir Joan Angom Atalla, sem starfar sem svæðisstjóri umhverfismála í Alebtong-héraði í Norður-Úganda.

„Starf mitt og stofnunarinnar sem ég starfa fyrir felst meðal annars í því að beina íbúum samfélagsins í átt að sjálfbærni í ræktun, endurheimt vistkerfa og aukinni umhverfisvitund.“

Að sögn Atalla er hnignun landgæða, þar á meðal jarðvegseyðing mikið vandamál í Úganda. „Íbúar landsins eru mjög háðir gæðum landsins þar sem útflutningur er lítill og nánast öll matvælaframleiðsla innlend. Það segir sig því sjálft að landgæði og velferð íbúanna fara saman. Helstu vandamálin sem við stöndum frammi fyrir eru ofnýting á landi sem felast meðal annars í einræktun, eyðingu skóga og ofbeit. Afleiðing þessa er að land hefur víða tapað frjósemi.“

Loftslagsbreytingar eru einnig farnar að hafa áhrif á veðurfarir og regntímabil eru óstöðug. Gríðarlegar rigningar á stuttum tíma skola efsta og frjósamasta jarðveginum burt. Til að bæta gráu ofan á svart var hernaðarástand um tíma í héraðinu sem ég starfa í og meðan á því stóð voru



Joan Angom Atalla er umhverfisfræðingur frá Úganda.

tré miskunnarlaust felld til eldiviðar. Í kjölfar skógareyðingarinnar hefur gróðurþekjan veikt og jarðvegseyðing fylgt í kjölfarið.“

Atalla segist gríðarlega ánægð með námið fram til þessa og að það hafi aukið sýn hennar á það sem er hægt að gera til að draga úr jarðvegshnignun í heimalandi sínu. „Áður en ég kom hingað taldi ég mig vita heilmikið um hvað má gera til að bæta ástandið. Í dag líður mér aftur á móti eins og heilinn á mér sé svampur sem sýgur í sig þekkingu sem mun nýtast mér við störf mín í framtíðinni.“ *VH*

Matarskortur afleiðing jarðvegseyðingar

Aytnew Endeshaw Tatek er umhverfis- og auðlindafræðingur frá Eþíópíu og starfar hjá stofnun sem hefur umsjón með landnýtingar- og umhverfismálum í stærsta héraði landsins.

Stofnunin nefnist Bureau of Agriculture og mikilvægur hluti af starfi þeirra felst m.a. í ráðgjafarþjónustu. Hann segir jarðvegsvand og fæðuöryggi vera sitt helsta áhugamál enda séu bæði jarðvegseyðing og matarskortur mikið vandamál í sínu heimalandi.

Tatek segir að þurrkar séu algengir í Eþíópíu en á milli rigni mikið á skömmum tíma og að við slíkar aðstæður geti jarðvegi hæglega skolað burt. „Slíkt er algengt í fjallahéruðum landsins og víða hefur allur jarðvegurinn skolast burt. Fyrir 30 árum ríkti gríðarleg hungursneyð í landinu í kjölfar langvarandi þurrka.“ Hann segir að þurrkarnir komi á um það bil tíu ára fresti og úrkoma sem fellur í kjölfarið valdi enn meiri jarðvegseyðingu en ella.

„Fyrir nokkrum árum hrintu stjórnvöld í Eþíópíu í framkvæmd gríðarstóru umhverfisverndarkerfni þar sem bændur eru meðal annars hvattir og studdir til að setja upp varnargarða til



Aytnew Endeshaw Tatek er umhverfis- og auðlindafræðingur frá Eþíópíu.

að fanga regnvatn og verjast þannig jarðvegseyðingunni. Verkefnið hefur þegar skilað árangri á nokkrum stöðum og leitt til þess að dregið hefur úr jarðvegseyðingu þar.“

Að lokinni dvöl sinni hér segist Taker ætla að snúa aftur heim og fara að sinna verkefnum tengdum jarðvegsvand og endurheimt jarðvegs. „Þar mun ég nýta mér þá þekkingu og reynslu sem ég öðlast í náminu sem ég er sannfærður að koma muni að gagni.“ *VH*



Hirðingi í sléttum Mongólíu þar sem ofbeit er mikið vandamál.

Ofbeit vandamál sem þarf að leysa

Budbaatar Ulambayar er landbúnaðarfræðingur frá Mongólíu og starfar við rannsóknir og ráðgjöf hjá frjálsum félagasamtökum sem stuðla að sjálfbærri nýtingu beitilanda í Mongólíu.

„Starf mitt snýst að stórum hluta um jarðvegsvand og beitarstjórnun. Ofbeit er mikil í landinu og henni fylgir íðulega gróður- og jarðvegseyðing. Þegar kemur að ofbeiti eru það hross og geitur sem eru okkar helsta vandamál þar sem fjöldi þeirra hefur aukist mikið frá 1990 og að mínu mati verður að fækka í þessum stofnum ef ná á tókum á ofbeitinni. Loftslagsbreytingar eru einnig farnar að segja til sín í Mongólíu og land er farið að blása upp vegna þurrka.“

Frjálsum félagasamtökin sem Ulambayar vinnur hjá nefnast Green Gold Pasture Ecosystem



Budbaatar Ulambayar landbúnaðarfræðingur frá Mongólíu.

Management Programme og þau vinna að rannsóknum á ástandi beitilanda og bættri beitarstjórnun með það að markmiði að koma í veg fyrir hnignun beitilanda og viðhalda gæðum landsins. Þetta

gera þau m.a. með því að vinna með hirðingjum sem nýta landið og með því að aðstoða við að samþætta starf stofnana í Mongólíu sem hafa með skipulag, nýtingu og lagaumgjörð beitilanda að gera. „Green Gold Pasture-verkefnið er fjármagnað af þróunarsamvinnustofnun Sviss og tengist svipuðum verkefnum sem unnið eru í nokkrum löndum í Asíu.“

Ulambayar segist vonast til að með námi sínu hér á landi öðlist hann meiri þekkingu á beitarstjórnun og verndun vistkerfa almennt. „Eftir að ég kem aftur heim vonast ég til að geta unnið að verkefni sem felst í að kortleggja beitilönd og meta ástand þeirra og í kjölfar þess veita ráðleggingar um hversu mikil beiti má vera og þannig draga úr hættu á ofbeiti. Kortlagning svæðanna er þegar hafin og hluti af verkefni mínu hér er að vinna úr þeim gögnum sem þegar eru fyrirleggjandi.“ *VH*

Ástand beitarlanda og skóga víða slæmt

Salamatkhan Dzhumabaeva frá Kirgistan er menntaður landfræðingur og með doktorsgráðu í vistfræði. Að sögn Dzhumabaeva er landbúnaður mikið stundaður í Kirgistan þó um 90% landsins sé fjallandi.

„Einungis 7% landsins er það sem teljast mundi hentugt til hefðbundins landbúnaðar.“

Búfjárhald er algengt í Kirgistan og um 70% af öllum landbúnaði þar í landi byggir á því auk þess sem bændur rækta hveiti, kartöflur, ávexti og valhnetur sem eru fluttar út.

„Landið var lengi hluti af fyrrum Sovétríkjunum en eftir að þau liðuðust í sundur breyttu bændur beitarstýringu og hættu að reka búfé í sumarhaga á fjöllum og fóru eingöngu að beita því á haga á láglandi. Samfara þessu hefur álag á beitilönd á láglandi aukist gríðarlega og ástand þeirra er víða mjög slæmt. Skógareyðing hefur einnig aukist hratt eftir að landið fékk sjálfstæði árið 1991 bæði vegna skógarhöggs og beitar í skóglendi.“

Dzhumabaeva segir að vegna fjallendisins í Kirgistan sé skóglendi þar mjög fjölbreytt. „Þar er að finna barrtré og ávaxtatré og allt þar á milli. Því miður er það svo að valhnetuskógar landsins eru víða mjög illa farnir vegna ofnýtingar. Heimamenn í þorpum úti á landi hafa gengið hart á skógana með öflun eldiviðar og búfjárbæit án þess að nýjum trjám sé plantað í staðinn.“



Salamatkhan Dzhumabaeva frá Kirgistan er menntaður landfræðingur og með doktorsgráðu í vistfræði.

Að mínu mati er námið sem okkur er boðið upp á í Landgræðsluskólanum mjög áhugavert og ég er sannfærð um að sú þekking sem ég er að afla mér hér eigi eftir að nýtast mér þegar

ég sný aftur heim. „Markmið mitt er að vinna hér að verkefni þar sem stjórnvöld, sérfræðingar og heimamenn vinna sameiginlega að verndun skóga, vistkerfisins og landsins sem heild.“ *VH*

18 24-25 40

Fjalla með náttúru og menningu

Dýrabarna þjónusta er dýra- og veitunarmál

Bændur eru að hafa

Bændablaðið

1. útgáfa 2015 • Fimmtudagur 16. apríl • Blað nr. 434 • 21. árg. • Útgáfa 32.000

45% FÓLKS Á LANDSBYGGÐINNI LES BÆNDABLAÐIÐ

HEIMILD: PRENTMIÐLAKÖNNUN CAPACENT. KÖNNUNARTÍMI OKT. - DES. 2014.



DANSLEIKUR
HELENA EYJÓLFSDÓTTIR
OG HLJÓMSVEIT

Í Sulnasal Hótel Sögu
laugardagskvöldið 25. apríl

Stálgrindarhús

fyrir landbúnað




CONEXX®

Í samstarfi við CONEXX býður BYKO nú upp á ýmsar útfærslur af stálgrindarhúsum. Hvort heldur sem er óeinangruð eða klædd með samlokueiningum.

Stálgrindarhús hafa fyrir löngu sannað notagildi sitt við og eru húsin framleidd eftir óskum hvers og eins. Við hönnun húsa er tekið mið af íslenskum aðstæðum og byggingareglugerðum hvað varðar vind- og snjóálag.

Möguleikarnir eru nánast óteljandi hvað varðar útfærslur húsa. Hvort sem um er að ræða vélaskemmur, reiðhallir, fjós eða aðrar lausnir.



NÁNARI UPPLÝSINGAR VEITA SÉRFRÆÐINGAR OKKAR



Kai Storgaard
515 4123 · 821 4080
kai@byko.is



Þorsteinn Lárusson
515 4343 · 821 4343
steini@byko.is

Sendið fyrirspurnir á fagsolusvid@byko.is

BYKO
BÚÐU BETUR. BORGADU MINNA.

REYKJAVÍK Sími: 414-0000 // AKUREYRI Sími: 464-8600 // www.VBL.is

HAUGSUGUHLUTIR

ÚRVALIÐ ER HJÁ OKKUR – KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ



Öryggiskútur Samtengi Haugsugubarkar Vatnsslanga Barkaklemmur Sjóngler
Barkatengi Beygjutengi Hraðtengi Tengingiloka Ásuðuplata Samtengi
Öryggislöki Beygjusamtengi Dreifistútur Haugsugulöki Öryggislökar Barkatengi
Gúmmíspiss Endastykki Lofthreinsari Þrýstingsmælur Opunarbúnaður

VBL www.VBL.is
LANDBÚNAÐUR ehf.
VBL Agriculture Ltd.

REYKJAVÍK
Krókháls 5F
110 Reykjavík
Sími: 414-0000

AKUREYRI
Baldursnes 2
603 Akureyri
Sími: 464-8600

EYJALIND **GRAMMER**

Sæti og varahlutir í

- Lyftara
- Vinnuvélar
- Vörubíla
- Báta



Vertu vinur okkar á Facebook
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is



Allt í gleri ÚTI OG INNI

Smíðjuvegi 7
200 Kópavogi
Sími: 54 54 300
ispan@ispan.is
ispan.is

Isþan
GLER OG SPEGLAR

KYNNINGARFUNDIR FJARVIS.IS

Nú standa yfir kynningarfundir um skýrsluhaldskerfið í sauðfjárrækt, fjarvis.is. Á fundunum eru kynntar þær breytingar og endurbætur sem urðu á kerfinu við uppfærslu í lok mars.

Fundirnir verða sem hér segir:

Fimmtudaginn 16. apríl – Búgarði, Akureyri kl: 13:00.
Fimmtudaginn 16. apríl – Tjarnarbæ, Skagafirði kl: 20:00.
Föstudaginn 17. apríl – Hótel Valaskjál, Egilsstöðum kl: 14:00.
Föstudaginn 17. apríl – Mánagarði, Nesjum, Hornafirði kl: 20:00.
Mánudaginn 20. apríl – Hótel Rjúkandi, Snæfellsnesi kl: 13:00.
Mánudaginn 20. apríl – Hvanneyri (húsnæði Lbhí) kl: 20:00.
Þriðjudaginn 21. apríl – Leifsbúð, Búðardal kl: 14:00.
Þriðjudaginn 28. apríl – Holti, Önundarfirði kl: 14:00.

 Bændasamtök Íslands,
Bændahöllinni við Hagatorg,
107 Reykjavík

Yfirítölunefnd leggur til takmarkaða sauðfjarbeit í Almenninum:

Í tvígang hafa opinberar nefndir komist að svipaðri niðurstöðu

- Niðurstaðan byggist á nýjum útreikningum Náttúrufræðistofnunar um gróðurþekju sem eru í mótsögn við gögn Landgræðslunnar

Yfirítölunefnd úrskurðaði þann 1. apríl um ítölu í afréttinn Almennina í Rangárþingi eystra sem er um 3.800 hektarar. Harðar deilur hafa staðið um beit á svæðinu undanfarin ár, en úrskurður yfirítölunefndar styður fyrri úrskurð ítölunefndar frá 2013 og gott betur, sem og sjónarmið bænda sem eiga lagalegan beitarrétt á svæðinu.

Niðurstaðan, sem byggist m.a. á mati sérfræðings frá Náttúrufræðistofnun Íslands, er þvert á afstöðu Landgræðslunnar í málinu.

Eins og fram kemur í formála úrskurðar yfirítölunefndar eru Almenningar landsvæði norður af Þórsörk í Rangárþingi eystra (Vestur-Eyjafjallahreppi, Rangárvallasýslu). Þeir liggja á milli Þróngár í suðri og Fremri (Syðri)-Emstruár í norðri; en að vestan markast þeir af Markarfljóti og að austan af Mýrdalsjökli.

Áhöld hafa verið um stærð afréttarins, en við yfirítölumat verður stærð hans miðuð við 4.209 hektara til samræmis við mælingu af kortagrunni Landmælinga Íslands (IS50V) 2013 og voru þá mörk afréttarins dregin inn á kortagrunninn til samræmis við ofangreinda lýsingu (Fanney Gísladóttir Landbúnaðarháskóla Íslands (LbhÍ).

Afréttur frá fornu fari

Almenningar hafa frá fornu fari verið afréttur Vestur-Eyfellinga. Á hinn bóginn var Þórsörk í eigu bænda í Fljótshlíðarhreppi að hálfu á móti kirkjunni í Odda. Þar sem Oddakirkja leigði beitarítak annaðhvort Fljótshlíðungum eða Vestur-Eyfellungum voru fjallskil þar ýmist á einni eða tveimur höndum.

Til að gera langa sögu stutta, samþykktu bændur í Fljótshlíðarhreppi og sóknarprestur í Odda að afsala sér beitarrétti á Þórsörk 1920. Árið 1924 var Þórsörk afgirt en ekki aftraði það með öllu að fé kæmist inn í mörkina fyrr en 1927, þá er land handan Krossár upp að Eyjafjallajökli og að Steinhóltsá, þ.e. Teigstungur, Guðrúnartungur, Múlatungur, Goðaland og Merkurtungur, var tekið inn í girðinguna.

Afréttargirðing sem Skógrækt ríkisins reisti norðan Þórsörkur, sem liggur að Almenninum, var 17 km löng. Girðingarstæði meðfram Þróngá var afar erfitt og ekki varð girt upp að jökli. Um og eftir 1974 var reynt að græða upp land á Almenninum fyrir tilstilli Landgræðslu ríkisins. Þá var og gripið til ýmissa annarra ráða næsta áratuginn, eins og að fækka fé, seinka upprekstri og flýta göngum.

Þá var það 1990, að bændur í Vestur-Eyjafjallahreppi samþykktu að reka ekki fé á Almennina næstu tíu árin að því tilskildu að Landgræðsla ríkisins myndi ásamt þeim vinna að gróðurbotum á þeim tíma. Þessi samningur rann út árið 2000, en bændur héldu áfram landbótum og ráku ekki fé á afréttinn. Árið 2009 stóð til að hefja aftur upprekstri á Almennina. Ekkert varð þó úr upprekstri það sumar né næstu tvö árin (2010 og 2011), meðal annars vegna eldgoss í Eyjafjallajökli.

Sumarið 2012 var fé ekið inn á Almennina, en óverulegur fjöldi. Þá um haustið 2012 varð sýslumaðurinn á Hvolsvelli við beiðni sveitarstjórnar

Rangárþings eystra, um að annast skipun ítölunefndar.

Meirihluti ítölunefndar vildi heimila beit fyrir 50 tvílembur

Ákveðið var að setja ítölu fyrir svæðið samkvæmt ákvæðum laga um afréttarmálefni og fjallskil. Í lögnum segir m.a.: „Ítala skal svo ákvörðuð, að fullskipað sé í landið en ekki ofskipað miðað við beitarþol. Byggja skal á beitarþolsrannsóknum svo sem við verður komið, jafnframt skal tekið tillit til aðstæðna hverju sinni.“

Ítölunefnd skilaði sínu álitu þann 7. mars 2013. Hún klotnaði í afstöðu sinni. Meirihluti þeirrar nefndar sem skipaður var af þeim Guðna Þorvaldssyni og Ólafi R. Dýrmondssyni lagði til að beita mætti 50 tvílembum á afréttinn árin 2013–16, 90 tvílembum árin 2017–20 og 130 tvílembum frá 2021. Þetta skyldi gera samhliða frekari rannsóknum og vöktun á afréttinum og yrði fjölgunin háð niðurstöðum þeirra.

Minnihluti nefndarinnar, skipaður af Sveini Runólfssyni, lagði til að engin beit yrði leyfð. Vísaði Sveinn m.a. í sérálitu sínu til þess að vegna síbreytilegra umhverfisáðstæðna og síbreytilegra fódurþarfa búfjár, þá sé bæði beitarþol og beitarálag lands á hverjum tíma nánast ófyrirsjáanlegt. „Vegna þessa hefur erlendis almennt verið horfið frá því að reikna beitarþol fyrir úthaga. Þess í stað er viðhaft reglulegt eftirlit með ástandi beitolanda þar sem notuð eru fyrirfram ákveðin viðmið og gripið inn í ef beitolandið þau ekki.“ Þá segir Sveinn að stóri hluti Almenninga séu auðnir sem ekki eigi að beita fyrir en sjálfbært vistkerfi hefur myndast sem þoli beit. Almenningar séu einn af verst fornu afréttum landsins og það muni taka langan tíma fyrir vistkerfi hans að verða sjálfbær.

Í framhaldinu af úrskurðinum urðu talsverð skrif í Bændablaðið um málið þar sem meiri- og minnihluti nefndarinnar deildu um niðurstöðuna.

Skógræktin kærði úrskurð og skipað var yfirítölunefnd

Þessi úrskurður var kærður af Skógrækt ríkisins og þurfti því að skipa yfirítölunefnd, (af atvinnuvegaráðherra) sem ekki hefur verið gert áður, til að fara yfir málið að nýju. Hana skipuðu þau Anna Margrét Jónsdóttir ráðunautur, Ágúst H. Bjarnason plöntuvistfræðingur og Skarphéðinn Pétursson, hæstaréttarlögmaður og formaður nefndarinnar. Hún skilaði af sér 1. apríl og klotnaði einnig í afstöðu sinni líkt og fyrri nefnd.

Niðurstáða meirihluta nefndarinnar, Skarphéðins Péturssonar og Önnu Margrétar Jónsdóttur, er að beita megi 60 tvílembum á Almennina, frá og með komandi sumri. Það er tíu tvílembum meira en fyrri meirihluti komst að. Það er meira en meirihluti fyrri nefndar lagði til að yrði heimilaður í ár og á næsta ári, eins og fram kemur hér að framan. Á móti kemur hins vegar að ekki er lagt til að fjöldinn hækki í áföngum upp í 130 tvílembur eins og fyrri meirihluti lagði til. Ítalan er því sett föst við 60 tvílembur eða 180 fjár að hámarki og hækkar ekkert umfram það.

Ágúst H. Bjarnason skilaði



Úr skýrslu ítölunefndar (fyrri). Fljótshlíðarafréttur, Almenningar og Skógafjall. Teikning / Sigmundur Helgi Brink, 2013.



Guðmundur Jón Viðarsson, bóndi í Skálakoti undir Eyjafjöllum (t.v.) og Guðmundur Guðmundsson ræða málin við dreifingu á áburði og fræi á Almenninum. Myndir / Berglind Hilmarsdóttir.



Slóðadregið í kjölfar sánings.

sératkvæði og lagði til að leyft yrði að beita tíu lambám á svæðið en skynsamlegasta lausnin væri að beita einungis fé á afmarkað beitarhölf.

Heiftúðleg umræða

Fram hefur komið í málflutningi Landgræðslunnar að eftir að bændur eftirgáfu beit í Þórsörk 1920, þá hafi bændur í Vestur-Eyjafjallahreppi flutt sitt fé í auknum mæli í Almennina til beitar. Upp úr 1970 hafi sá afréttur verið verulega ásetinn og langt umfram beitarþol.

Eins og gjarnt er í umræðu í fjölmiðlum, og þá ekki síst á samfélagsfjölmiðlum eða vefmiðlum, þá hefur umræðan mjög beinst að einstaklingum fremur en málefniinu sjálfu. Stór orð hafa fallið í garð þeirra bænda sem hlut eiga að máli og hafa þeir verið kallaðir öllum illum nöfnum. Hefur Guðmundur Jón Viðarsson, bóndi í Skálakoti undir Eyjafjöllum, talsmaður bændanna sem nýta afréttinn, lítt haft sig í framm í umræðunni á meðan málið hefur verið í meðferð yfirítölunefndar. Hann sagði í samtali við Bændablaðið í síðustu viku að umræðan í garð bænda hafi verið hreint með eindæmum og sárt til þess að vita að hún hafi verið studd af forstöðumanni Landgræðslunnar sem er opinber stofnun. Hann segist því hafa velt því fyrir sér hvort hann ætti nokkuð að vera að tjá sig um niðurstöðu yfirítölunefndar.

„Það liggur við, miðað við þær áskanir sem á manni hafa dunið, að maður ætti bara að halda sig í bólinu. Auðvitað sækir að manni þreyta að slást við kerfi sem vinnur að því statt og stöðugt að knésetja mann.“

Deilurnar eiga sér langan aðdraganda

„Núningurinn er svolítið um hluti sem gerðust 2010,“ segir Guðmundur. „Aðdragandinn var að árið 2008 sendum við Landgræðslunni, okkar sveitarfélagi og Skógræktinni sem okkar nágrönnum, tilkynningu um það að nú ætlum við að fara að nota okkar land í Almenninum. Við tökum þar fram að við ætlum að nota það á varfærinn hátt. Í kjölfarið fer öll umræðan á hvolf og Landgræðslan boðaði okkur til viðtals og sagði að þetta gangi engan veginn. Þeir héldu því fram að landsvæðið væri bara ónýt til beitar.“

Ég bað þá strax um það hvort þeir eigi skýrslu með úttekt á svæðinu. Hana áttu þeir ekki nema skýrslu frá því um 1970. Heyrandi það að Landgræðslan hefði ekki gögn til að rökstyðja sínar fullyrðingar, þá þótti mér ljóst að það yrði að fá einhverja aðra að borðinu til að meta ástand svæðisins. Niðurstáðan varð sú að umhverfisráðuneytið fól Landgræðslunni að fá Landbúnaðarháskóla Íslands til að gera úttektina. Hjónin Ólafur Arnalds og Ása Lovísa Aradóttir prófessor fengu þetta verkefni og hófu skýrslugerðina veturinn 2010.“

Þess má geta að Ólafur er prófessor og sérfræðingur á sviði jarðvegsfrofs og mats á ástandi lands, en Ása er prófessor í Landgræðslu með menntun á sviði nýtingar úthaga, auk sérfræðingur á sviði landgræðslu og vistheimtar.

„Síðan kemur gos í Eyjafjallajökli vorið 2010. Þrátt fyrir okkar efasemdir um slíka úttekt á þeim tímum þótti sjálfsagt að gera slíka úttekt á svæðinu í miðju



Karлакórinn Heimir söng nokkur lög fyrir viðstadda. Við borðið við undirritun samningsins um Landsmót hestamanna á Hólum 2016 eru talið frá hægri: Jóna Dís Bragadóttir, varaformaður LH, Ólafur Þórisson, gjaldkeri sambandsins, og Lárus Ástmar Hannesson, formaður LH, í ræðustól, Jónína Stefánsdóttir, formaður Gullhyls, Guðjón Björgvinsson, formaður Svaða, og Ingimar Ingimarsson á Ytra-Skórðugili, sem er fyrrverandi formaður Hrossaræktarsambands Skagafjarðar. Myndir / MÞP

Samningur um Landsmót hestamanna á Hólum í Hjaltadal 2016:

Sannfærður um að mótshaldið verði Skagfirðingum og okkur öllum til sóma

– segir Lárus Ástmar Hannesson, formaður LH

Fulltrúar Landssambands hestamanna og Gullhyls ehf., félags í eigu þriggja hestamannafélaga í Skagafirði, undirrituðu við athöfn í Þrárhöll á Hólum í Hjaltadal samning um að Landsmót hestamanna verði haldið á Hólum árið 2016. Við athöfnina voru flutt ávörp, Karлакórinn Heimir söng nokkur lög og boðið var upp á veitingar, auk þess sem ritað var undir samninginn.

Lárus Ástmar Hannesson, formaður Landssambands hestamanna, segist mjög ánægður með þá ákvörðun að næsta landsmót verði haldið á Hólum í Hjaltadal. Miðað við þá stöðu sem uppi var varðandi landsmótsmál á liðnu hausti sé ánægjulegt að sú hafi orðið niðurstaðan. „Það var rétt í stöðunni að gefa Skagfirðingum tækifæri og mér líst mjög vel á fyrirætlanir þeirra varðandi þá uppbyggingu sem fram undan er á svæðinu. Ég er sannfærður um að mótshaldið verði Skagfirðingum og okkur öllum til mikils sóma,“ segir Lárus.

Allir möguleikar á að umgjörð mótsins verði glæsileg

Hann segir alla möguleika fyrir hendi til að gera umgjörð mótsins glæsilega. Fyrir hendi séu þegar mikil mannvirki sem nýtast í tengslum við mótshaldið og áform eru uppi um frekari uppbyggingu. „Að mínu mati eru möguleikarnir að Hólum miklir, þarna er allt sem til þarf innan seilingar, glæsileg og góð aðstaða er fyrir hendi, mikill fjöldi hesthúspláss, þrjár reiðhallir, mikið gistirými auk þess sem Sögusafn íslenska hestsins er að Hólum,“ segir Lárus og bætir við að á staðnum sé einnig rekin ædsta menntastofnun íslenska hestsins í heiminum, hestafræðideild Hólaskóla, sem er opinber miðstöð menntunar og rannsókna á sviði hrossaræktar, tamma, reiðmennsku og reiðkennslu á Íslandi.

„Skagfirðingar hafa tekið höndum saman og vinna nú sem einn maður að undirbúningi glæsilegs landsmóts. Þegar er farið að bera á tilhlökkun vegna mótshaldsins, við heyrum m.a. að það er mikil stemning fyrir landsmótinu á meðal erlendra aðdáenda íslenska hestsins,“ segir Lárus og gerir ráð fyrir að fjölmenni sækja landsmótið heim næsta sumar.



Jónína Stefánsdóttir, formaður Gullhyls, undirritar samning um að félagið haldi næsta landsmót LH að Hólum í Hjaltadal sumarið 2016. Við hlið hennar er Guðjón Björgvinsson, formaður Svaða.



Sigríður Svavarsdóttir, forseti sveitarstjórnar í Sveitarfélaginu Skagafirði.

hross á Íslandi sem er í Landnámu og greinir frá því er hryssan Fluga stökk frá kaupskipi við Kolkuós og synti til lands. „Saga hestamennsku, hrossaræktar og metings um hross á sér því langa sögu í Skagafirði og er að segja má samofin öllu mannlífi hér. Í Skagafirði fer enda fram blómlegt starf í hrossarækt og hestamennsku árið um kring.“

Jónína gat þess einnig að ekki ætti síður vel við að halda landsmót á Hólum í Hjaltadal þar sem fyrir væri alþjóðleg miðstöð fyrir kennslu og rannsóknir í hrossarækt og hestamennsku á Íslandi og Hólur, „líklega einn þekktasti staður landsins í hugum unnenda íslenska hestsins erlendis. Frá Háskólanum á Hólum hefur mikill fjöldi erlenda nema brautskrást og orðið í kjölfarið einhverjir bestu sendiherrar íslenska hestsins á erlendri grundu,“ sagði Jónína.

„Það er mikið fagnaðar- og gleðiefni að 22. Landsmót hestamanna verði haldið 27. júní til 3. júlí hér á Hólum. Landsmót hestamanna var síðast haldið að Hólum árið 1966 og því viðeigandi að fagna því að slétt 50 ár verða liðin frá því, með því að halda glæsilegt landsmót á þessum sögufræga stað,“ sagði Sigríður Svavarsdóttir, forseti sveitarstjórnar Sveitarfélagsins Skagafjarðar.

Hún gat þess að á Hólum væri ædsta menntastofnun íslenska hestsins í heiminum og landsmót myndi því efla skólann verulega auk þess sem sú uppbygging sem yrði vegna mótsins muni nýtast skólanum og hestamönnum um ókomna tíð.

Heimamenn fullir tilhlökkunar

„Hestamennskan, sem íþrótt, nýtur vaxandi vinsælda og með því að skapa ungu fólki gott umhverfi sem er samkeppnishæft við aðrar íþróttir sem börn og unglingar stunda, þar sem boðið er upp á reglulegar æfingar, þá er hægt að skapa jöfn tækifæri fyrir alla og hlúa þannig að uppbyggingu sterkra íþróttamanna á þessu sviði sé öðrum,“ sagði Sigríður. Hún gat þess að verulegrar tilhlökkunar gætti hjá heimamönnum í Skagafirði að taka á móti þeim fjölda góðra gesta sem sækja myndi svæðið heim í tilefni landsmóts, en unnið yrði að því að gera umgjörð mótsins stórglæsilegt og ógleymanlegt öllum þeim sem það sækja. /MÞP



Hálf öld frá því landsmót var síðast haldið að Hólum

Jónína Stefánsdóttir, formaður hestamannafélagsins Stíganda, sagði í sínu ávarpi að það væri vel til fundið að halda landsmót á Hólum næsta sumar, en þá verða liðin 50 ár frá því síðast var haldið landsmót á þeim sögufræga stað. Landsmót voru síðan flutt að Vindheimamelum sem er sá staður þar sem flest landsmót hafa verið haldin hér á landi eða alls 6 sinnum. Landsmót hestamanna á Hólum í Hjaltadal árið 2016 verður því 8. landsmótið sem haldið er í Skagafirði.

„Við heimamenn í Skagafirði tölum oft um Skagafjörðinn sem vögg íslenska hestsins,“ sagði Jónína. Hún fór yfir elstu frásögn um

Hestamannafélögin í Skagafirði:

Vilji til að sameina þrjú félög í eitt

Þrjú hestamannafélög eru starfandi í Skagafirði, Léttfeti, Stígandi og Svaði. Lögð hefur verið fram tillaga um að sameina þau í eitt félag og verður hún tekin til umræðu á næsta aðalfundi félaganna.

Sameiningarnefnd hefur undanfarið verið að störfum og hefur hún skilað skýrslu um málið. Nefndina skipuðu þeir Guðmundur Sveinsson og Sigríður Gunnarsdóttir frá Léttfeta, Agnar H. Gunnarsson og Ingimar Ingimarsson frá Stíganda og Guðjón Björgvinsson og Haraldur Þ. Jóhannsson frá Svaða. Niðurstaða nefndarinnar er sú að sameining þykir vænlegur kostur.

Fram kemur í skýrslunni að sameining leiðir af sér meiri slagkraft og skilvirkari starfsemi hjá hestamönnum í Skagafirði. Verkefni nefndarinnar var að leggja mat á hvort og þá hvernig sameining hestamannafélaganna í Skagafirði gæti orðið hestamennsku í Skagafirði til framdráttar, þegar til lengri tíma er litið. „Við komum fram innan héraðs sem utan sem ein rödd, við bönkum einu sinni á dynnar hjá þeim sem við leitum liðsinnis hjá, í stað þess að banka þrisvar,“ segir m.a. í skýrslu nefndarinnar.

Lagt til að byggt verði upp á félagssvæði Léttfeta

Nefndin telur að það fyrirkomulag að hestamannafélögin séu þrjú sé barn síns tíma, eða frá fyrrihluta síðustu aldar, en margt hafi frá þeim tíma breyst í héraðinu.

Samgöngur hafi stórbatnað og flutningur hesta á kerrum þykir nú sjálfsagt mál, vegalengdir standi ekki lengur í vegi fyrir því að ferðast sé innan héraðs. Þá er bent á að samstarfsfletir hestamannafélaganna séu margir og starfið öflugast þegar félögin leggjast á eitt. Skylduverkefni, s.s. firmakeppni og félagsmót, eru haldin af veikum mætti, þátttaka ekki mikil og áhorf í lágmarki. „Það hefur verið vinsælt í seinni tíð að tala um samlegðaráhrif, þau eiga örugglega við í þessu sambandi, ef til sameiningar kemur,“ segir í skýrslunni.

Leggur sameiningarnefndin til að núverandi félagssvæði Léttfeta verði byggt upp og það gert að aðalfélagssvæði hins nýja félags. Jafnframt er lagt til að stungið verði upp á nokkrum nöfnum á hið væntanlega félag og um það kosið verði af sameiningu.

Gullhyl ehf. slitið eftir landsmót

Hestamannafélögin þrjú í Skagafirði eiga saman félagið Gullhyl ehf. og er lagt til að stjórn þess sitji óbreytt fram yfir næsta landsmót, en að því loknu verði unnið að því að koma eignum þess í verð og slíta félaginu. Eins verði Vindheimamelar aflagðir sem mótssvæði.

Hesthús við reiðhöllina

Rætt var um möguleika á því að reisa hesthús við Reiðhöllina og voru nefndarmenn sammála um að unnið yrði að slíkri byggingu, enda mikilvægt að þar rísi hesthús sem

styrkja myndi starfsemi hallarinnar. Þannig yrði félagsmönnum gert auðveldara að nýta hana, einkum þeim sem lengra eiga að sækja. Það yrði einnig til bóta hvað allt sýningar- og mótshald varðar. Stjórn nýs hestamannafélags þyrfti að fullkanna fjárhagslega möguleika á að reisa hesthús við Reiðhöllina og fá aðra sem hagsmuna eiga að gæta til liðs við sig. /MPÞ



Fulltrúar hestamannafélaganna í Skagafirði stóðu heiðursvörð þegar skrifað var undir samning um næsta Landsmót hestamannafélaga sem haldið verður að Hólum í Hjaltadal sumarið 2016. Fram er komin tillaga um að sameina félögin sem nú eru þrjú í eitt.

Stóðhestar á vegum Hrossaræktarsambands Vesturlands

Margir glæsilegir stóðhestar verða á vegum Hrossaræktarsambands Vesturlands sumarið 2015. Alls verða 12 hestar í boði í sumar. Þið getið kynnt ykkur hestana á heimasíðunni www.hrossvest.is

Opnað hefur verið fyrir pantanir, svo allt er klárt. Munið að hafa Fengnúmer hryssunnar og örmerki við hendina þegar pöntunarferlið hefst. Þá er ekkert að vanbúnaði.



Skýr frá Skálakoti
Rauður/millí-blesóttur
IS2007184162
Faðir:
IS2000135815 - Sólon frá Skáney
Móðir:
IS2001284163 - Vök frá Skálakoti
Notkunarstaður: Óstaðfest
Tímabil: Fyrra tímabil
Verð með öllu: kr. 156.000.-



Þorlákur frá Prestsbæ
Draugmoldóttur
IS2011101156
Faðir:
IS2002187812 - Krákur frá Blesastöðum 1A
Móðir:
IS1993258300 - Þoka frá Hólum
Notkunarstaður: Óstaðfest
Tímabil: Fyrra og seinna tímabil
Verð með öllu: kr. 75.000.-



Æsir frá Efri-Hrepp
Móalótt milli/einlitt
IS2011135606
Faðir:
IS1998187002 - Stáli frá Kjarri
Móðir:
IS1999235606 - Elka frá Efri-Hrepp
Notkunarstaður: Óstaðfest
Tímabil: Fyrra og seinna tímabil
Verð með öllu: kr. 75.000.-



Steggur frá Hrisdal
Bleikálottskjóttur
IS2009137717
Faðir:
IS1998186906 - Þristur frá Feti
Móðir:
IS1999201032 - Mánadis frá Margrétarhofi
Notkunarstaður: Óstaðfest
Tímabil: Fyrra tímabil
Verð með öllu: kr. 127.000.-



Loki frá Selfossi
Brúnn/millí-einlitt
IS2004182712
Faðir:
IS1993156910 - Smári frá Skagaströnd
Móðir:
IS1993287370 - Surtla frá Brúnastöðum
Notkunarstaður: Óstaðfest
Tímabil: Seinna tímabil
Verð með öllu: kr. 184.000.-



Snillingur frá Íbishóli
Gul - moldóttur
IS2010157686
Faðir:
IS2004158045 - Vafi frá Ysta-Mó
Móðir:
IS1998257686 - Ósk frá Íbishóli
Notkunarstaður: Óstaðfest
Tímabil: Fyrra og seinna tímabil
Verð með öllu: kr. 102.000.-



Hvinur frá Vorsabæ 1
Jarpur
IS2001187960
Faðir:
IS1998125220 - Garri frá Reykjavík
Móðir:
IS1978287960 - Fjóður frá Vorsabæ 1
Notkunarstaður: Óstaðfest
Tímabil: Fyrra og seinna tímabil
Verð með öllu: kr. 77.000.-



Hrafur frá Efri-Rauðalæk
Brúnn/millí/einlitt
IS2001165645
Faðir:
IS1993187449 - Markús frá Langholtsparti
Móðir:
IS1992258514 - Hind frá Vatnsleysu
Notkunarstaður: Óstaðfest
Tímabil: Fyrra og seinna tímabil
Verð með öllu: kr. 127.000.-



Jarl frá Árbæjarháleigu II
Rauðvístjórntóttur, glófextur
IS2007186992
Faðir:
IS1998187002 - Stáli frá Kjarri
Móðir:
IS2001286998 - Elding frá Árbæjarháleigu II
Notkunarstaður: Óstaðfest
Tímabil: Fyrra tímabil
Verð með öllu: kr. 122.000.-



Eldárn frá Tjaldhólum
Rauður/millí-einlitt
IS2000184814
Faðir:
IS1991157345 - Hugli frá Hafsteinsstöðum
Móðir:
IS1983276001 - Hera frá Jaðri
Notkunarstaður: Óstaðfest
Tímabil: Fyrra tímabil
Verð með öllu: kr. 132.000.-



Brennir frá Efri-Fitjum
Brúnn milli/einlitt
IS2008155050
Faðir:
IS2002187812 - Krákur frá Blesastöðum
Móðir:
IS1995255418 - Ballerína frá Grafarkoti
Notkunarstaður: Óstaðfest
Tímabil: Fyrra og seinna tímabil
Verð með öllu: kr. 89.000.-



Farsæll frá Litla-Garði
Rauðskjóttur
IS2009165655
Faðir:
IS2006165663 - Gangster frá Árgerði
Móðir:
IS1992265820 - Sónata frá Litla-Hóli
Notkunarstaður: Óstaðfest
Tímabil: Fyrra tímabil
Verð með öllu: kr. 82.000.-

Staðfestingargjald er 32.000 kr. og er óafturkræft. Hryssueigendur búsettir erlendis, munið að gefa upp tilsjónarmann þegar pantað er. ATH. Skilmálana. Sjá nánar á heimasíðunni, www.hrossvest.is

Nánari upplýsingar gefur Gísli Guðmundsson formaður, hrossvest@hrossvest.is, gsm 894-0648. Öll verð eru heildarverð og miðast við fengna hryssu. Ein sónun er innifalinn.



Helstu nytjaplöntur heimsins



Ríflega 90% af öllum sojabaunum sem ræktaðar eru í Bandaríkjunum eru erfðabreyttar á einhvern hátt og fer hlutfall erfðabreyttra sojabauna vaxandi í heiminum.

Soja eru mest erfðabreyttu nytjaplöntur í heimi

Vilmundur Hansen
vilmundur@bondi.is



Neysla á sojabaunum á sér langa hefð í Asíu en plantan er tiltölulega ný í ræktun á Vesturlöndum. Í dag er ræktun á sojabaunum mest í Bandaríkjunum og Suður-Ameríku.

Soja er mest erfðabreytta nytjaplanta í heimi og fer ræktun á erfðabreyttu soja ört vaxandi. Afurðir úr sojabaunum er að finna í ótrúlega mörgum fæðutegundum.

Árið 2014 nam heimsframleiðsla á sojabaunum um 270 milljón tonn. Brasilía og Bandaríkin eru í forustu hvað framleiðslu varðar og framleiddi hvort ríki um sig það ár um 90 milljónir tonna. Næst á eftir komu Argentína með rúm 52 milljónir og Kína með 15 milljónir tonna.

Uppskeyra ársins 2014 var talsvert meiri en reiknað hafði verið með og í kjölfarið lækkaði verð á heimsmarkaði og fyrir vikið er búist við samdrætti í framleiðslu árið 2015. Þrátt fyrir það gera spár ráð fyrir að ræktun á sojabaunum muni aukast í framtíðinni með auknum mannfjölda í heiminum og að árið 2050 verði árleg framleiðsla komin í 515 milljón tonn. Þykja sléttur Úkraínu vænlegur kostur til stórfamleiðslu á sojabaunum í nánustu framtíð.

Bandaríkin eru stærsti útflytjandi sojabauna í heiminum, Brasilía er í öðru sæti og Argentína í því þriðja. Kína er efst á lista yfir lönd sem flytja inn sojabaunir og jafnframt fjórði stærsti ræktandi þeirra í heiminum. Lönd innan Evrópusambandsins flytja inn um 38 milljón tonn af sojabaunum og afurðir úr þeim á ári sem mun vera um það bil samanlögð þyngd allra íbúa innan ESB.

Margs konar nytjar

Sojabaunir eru sú plöntuafurð sem næst kemst kjöti hvað innihaldsmagn af próteini varðar. Í Asíu fer stærstur hluti sojauppskeyrnar til manneldis en í Bandaríkjunum er henni breytt í sojamjól og efni sem kallast hexane



Talið er að árið 2050 verði árleg framleiðsla á sojabaunum komin í 515 milljón tonn. Þykja sléttur Úkraínu vænlegur kostur til stórfamleiðslu á sojabaunum í nánustu framtíð.



Árið 2010 komu á markað sojaplöntur sem eru það sem er kallað „Round-up ready“ og þolnar fyrir illgresislyfinu glifósat sem er banvænt öllum gróðri.

skordýraeitur og sóttvarnarefni svo dæmi séu tekin. Olían er einnig algengt íblöndunarefni í snyrtivörum og lyfjum.

Mjöl sem unnið er úr sojabaunum er notað til baksturs, í morgunkorn og sem íblöndunarefni í unnar kjötvörur og þannig eru sojabaunir ein af mest borðuðu plöntuafurðum í heiminum.

Aðrir hlutar plöntunnar, stönglar og blöð eru nýtt sem dýrafóður eða plægðir niður í jarðveginn og nýtast þannig sem lífrænn áburður. Auk þess sem búinn er til pappír úr blöðunum.

Soja og frjósemi

Fyrir allmörgum árum komu fram getgátur um það í breskri rannsókn að frjósemi karlmanna kynni að minnka ef þeir borða sojabaunir og tófú. Í rannsókninni segir að þess konar matvæli innihaldi efni sem virðist hafa mjög sterk áhrif á sæði í karlmönnum. Þá virðast þessi matvæli líka bæla frjósemi kvenna, en þó í minna mæli en í körlum. Í þessu sambandi má nefna að ekkert bendir til þess að frjósemi sé óvenju lítil í samfélögum þar sem sojabaunir og tófú eru oft á boðstólum.

Útlit og ræktun

Sojaplantan sem mest er ræktuð er einær jurt sem á latínu kallast *Glycine max* og getur náð tveggja metra hæð en finnst ekki villt. Formóðir eða forfaðir hennar kallast *G. soja* eða *G. ussuriensis*, sem er samheiti, og er klifur- eða þekjujurt í sínu náttúrulega umhverfi. Fjöldi afbrigða eru í ræktun en það soja sem mest er ræktað í dag líkist lágvöxnum runna. Stönglarnir og blöðin, sem eru breiðeggjala, eru þakin stuttum, mjúkum og brúnleittum hárum. Blómin eru lítil, hvít eða bleik og sjálffrjóvgandi. Fræbelgurinn flangur og hærður og inniheldur eina til fjórar baunir. Fræn eða baunirnar eru mismunandi að lögun og lit, gular, mismunandi grænar, brúnar og svartar, eftir afbrigðum.

er unnið úr og það notað í dýrafóður og sem íblöndunarefni í matvæli fyrir mannfólk.

Fræ sojaplöntunnar, eða baunirnar eins og okkur er tamt að kalla þau, eru verðmætasti hluti plöntunnar. Til manneldis á Asíu eru hálfþroskaðar og einnig lítið eitt spíraðar baunir borðaðar hráar auk þess sem þær eru matreiddar á ýmsan hátt. Uppistaðan í tófú og misú eru sojabaunir. Úr þeim, auk próteins, er unnin olía og sojamjól sem er meðal annars gefin ungbörnum eftir að þau hætta á brjósti og unnin er úr eins konar sojaostur. Sojasósa er unnin úr baunum sem eru láttnar gerjast og kaffilíki úr ristudum sojabaunum.

Olían sem unnin er úr sojabaunum er notuð út á salat og hún er íblöndunarefni í ýmsar gerðir af matvælum.

Sojaolía er einnig notuð í iðnaði við framleiðslu á málningu, línoleum, textíl, froðu til að svæfa eld, olíudúka, prentblek, sápu,

Líkt og hjá öðrum plöntum sem lengi hafa verið í ræktun sitja fræin lengur á framræktaðri sojaplöntu en villtum.

Sojaplantan þrífst best við 20 til 30 °C og fljótlega fer að draga úr vexti hennar fari hitastigið upp eða niður fyrir þau mörk. Hún dafnar í margs konar jarðvegi en best líður plöntunni í lausri og vel framræstri mold sem er rík af lífrænum efnum. Kjörsýrustig er 6,0 til 6,5. Líkt og margar plöntur af belgjurtaett lifir soja í sambyli við niturbindandi jarðvegsgerla og því nægjusöm á köfnunarefnisáburð.

Algengustu sojaafbrigðin í ræktun eru undir einum metra á hæð og tekur þrjú til fjóra mánuði fyrir þau að ná fullum þroska eftir sáningu. Uppskeyra á hektara við góðar aðstæður er 2,5 tonn en getur farið yfir 3 tonn í metárum. Mest skráða uppskeyra á hektara í heiminum er 10,8 tonn en það met á Kip Culles bóndi í Missouri-ríki í Bandaríkjunum.

Sojaplöntur í einræktun eru viðkvæmar fyrir margs konar bakteríum, vírusum og sveppaplágum og efnahernaði óhikað beitt í baráttunni við slíkar óværu. Auk þess sem aðrar plöntur sækjast eftir sambyli sojaplöntunnar vegna sambylis hennar við niturbindandi jarðvegsgerla. Og þar hefur þekking í erfðaverkfræði og líftækni verið nýtt til hins ýrasta til að losna við þær.

Genabaunin

Sojaplantan er líklega sú nytjaplanta sem mest hefur verið erfðabreytt til að ná fram aukinni uppskeru. Fyrstu erfðabreyttu sojaplönturnar fóru í ræktun í Bandaríkjunum árið 1994, ári seinna í Kanada og í dag eru þær ræktaðar um nánast allan heim.

Árið 2010 komu á markað sojaplöntur sem eru það sem er kallað „Round-up ready“ og þolnar fyrir illgresislyfinu glífósati sem er banvænt öllum gróðri. Auk þess sem taldar eru líkur á að efnið geti valdið krabbameini í fólki. Samanburðarrannsóknir á fólki sem unnið hefur með efnið í Bandaríkjunum, Kanada og Svíþjóð hafa bent til aukinnar hættu á blóðkrabba. Rannsókn hóps á vegum bandarískra landbúnaðaryfirvalda sýndi aftur á móti ekki fram á marktæka hættu af þeim toga.

Glífósat getur valdið skemmdum á DNA og litningum

Í grein sem birtist í læknatímaritinu The Lancet Oncology fyrr á þessu ári og finna má útdrátt úr á heimasíðu Skógræktar ríkisins segir meðal annars:

„Hreint glífósat og efnablöndur með glífósati hafa sýnt sig geta valdið skemmdum á DNA og litningum í spendýrum og slíkar skemmdir hafa sést á dýra- og mannafrumum á rannsóknarstofum. Í einni rannsókn mældust skemmdir á litningum í blóði meiri hjá fólki á nokkrum svæðum eftir að glífósatefnum hafði verið úðað. Einnig voru vísbendingar um aukna tíðni stökkbreytinga í bakteríum. Þessi efni virðast líka samkvæmt rannsóknnum auka álag vegna oxunar hjá nagdýrum en líka í frumum á rannsóknarstofum. Sérfræðingahópurinn sem hittist í Lyon ákvað því að flokka glífósat sem líklegan krabbameinsvald í fólki.“

Komið hefur í ljós að nokkrar tegundir illgresis á maís-, bómullar- og sojaökrum hafa myndað ónæmi gegn glífósati og dafna sem aldrei fyrr þrátt fyrir notkun á sterkari skömmum af eitrunu.

Ríflega 90% af öllum sojabaunum sem ræktaðar eru í Bandaríkjunum og Suður-Ameríku eru erfðabreyttar á einhvern hátt og fer hlutfall



Sojabaunir eru sú plöntuafurð sem næst kemst kjöti hvað innihaldsmagn af próteini varðar.



Árið 2014 nam heimsframleiðsla á sojabaunum um 270 milljón tonnum.



Sojaplantan er ein af þeim nytjaplöntum sem mest hefur verið erfðabreytt til að ná fram meiri uppskeru.

erfðabreyttra sojabauna í ræktun vaxandi í heiminum. Í Úkraínu þar sem talið er að sojaræktun eigi eftir að aukast gríðarlega í framtíðinni er nú þegar 70% af öllum sojabaunum í ræktun erfðabreyttar.

Ekki er þar með sagt að allar erfðabreyttar sojabaunir innihaldi glífósat.

Reglur um merkingar á erfðabreyttum matvælum og fóðri

Erfðabreytt matvæli og fóður á íslenskum markaði skal merkt samkvæmt reglugerð nr. 1038/2010 um merkingu og rekjanleika erfðabreyttra matvæla og erfðabreytts fóðurs. Samkvæmt reglugerðinni eru erfðabreytt matvæli og fóður skilgreind sem matvæli eða fóður sem unnin eru úr eða eru erfðabreyttar lifverur.

Reglugerðin gildir ekki um matvæli eða fóður sem framleidd eru með hjálp erfðabreyttra lifvera, eins

og til dæmis ensím og aukefni sem framleidd eru með líftæknilegum hætti í bakteríum og gersveppum.

Samkvæmt þessu ættu neytendum oft og iðulega að sjá merkingar á matvælum um að þau innihaldi erfðabreytt hráefni. Sjálfur minnst ég þess einu sinni að hafa séð slíka merkingu og það er á umbúðunum utan um Nóa kropp sælgæti. Það kann þó ekki að vera skrítið því í reglugerð nr. 728/2011 um sleppingu eða dreifingu og markaðssetningu erfðabreyttra lifvera eru ákvæði um merkingar sem gilda um vörur sem innihalda erfðabreyttar lifverur, til dæmis maís og soja. Ekki þarf að merkja vörur sem innihalda minna en 0,9% af tilfallandi eða tæknilega óhjákvæmilegum leifum af heimiludum erfðabreyttum lifverum samkvæmt reglugerð Evrópusambandsins 1830/2003/EB.

Reglur um merkingar á erfðabreyttum matvælum og fóðri eru því meingallaðar og hriplekar og koma fæstum neytendum að nokkru

gagni.

Uppruni og nytjasaga

Þrátt fyrir að ræktun á sojabaunum sé mest í Bandaríkjunum og Suður-Ameríku nú á tímum er uppruni plöntunnar í Asíu, Kína, Japan og Kóreu. Ræktun á sojabaunum á sér aldagamla sögu í Asíu og elstu heimildir um ræktun á soja eru frá því um 5000 fyrir upphaf okkar tímatala. Talið er að ræktunin hafi hafist í norðurhluta Kína eða Mongólíu og breiddst þaðan út til annarra landa Asíu og að lokum til Afríku, Norður- og Suður-Ameríku. Elstu sojabaunir sem líkjast þeim sem nú eru í ræktun fundust við fornleifauppgroft í Kóreu og eru aldurssettar eitt þúsund árum fyrir fæðingu Krists. Þá hafa fundist í Japan 3000 ára gamlar sojabaunir sem eru talstvert stærri en villtar baunir og bendir til að þær séu framræktaðar.

Vitneskja um upphaf sojabaunarektar í Kína er takmörkuð en vonandi bætist úr því samfara meiri

áhuga á sögu grasnytja þar í landi. Í einni þjóðsögu um upphaf nytja á sojabaunum segir að keisarinn Shen Nung hafi verið svo áhugasamur um hvaða plöntur væri hægt að nýta til matar og lækninga að hann hafi prófað að borða eitt þúsund plöntur og að margar þeirra séu nytjaplöntur í dag, þar á meðal soja. Ekki vildi þó betur til fyrir keisarann en að þúsundasta plantan var baneitruð og sú síðasta sem hann lét ofan í sig.

Nafnið soja er dregið af japönskum rétti sem kallast shoyu. Hollenskir trúboðar sem kynntust réttinum töldu að nafnið á honum ætti við baunirnar sem fóru í hann. Þegar trúboðarnir sendu slíkar baunir til Evrópu kölluðu þeir þær sojabaunir og nafnið festist við þær. Í Japan eru ýmis heiti á sojabaunum og þar á meðal stóri gimsteinn og blómstrandi augabrúnir sem vísar til fræbelgsins þegar hann opnar sig.

Fyrstu sojabaunirnar bárust til Norður-Ameríku með sjómönnum frá Kína árið 1765. Baunirnar voru notaðar til að búa til sojasósu sem síðar var seld til Englands. Framan af og fram á 21. öldina var ræktun þeirra takmörkuð og baununum helst safnað þar sem þær höfðu dreift sér út í náttúruna og nýttar eins og um villigróður væri að ræða.

Bændur í Bandaríkjunum fóru að veita sojaplöntunni athygli í kringum 1910 og ræktun hennar jókst verulega á tímum fyrri heimsstyrjaldarinnar og í kreppunni 1930, meðal annars að áeggjan stjórnvalda. Á sama tíma lék upplástur í miðríkjum Bandaríkjanna bændur illa en með hjálp sojaplöntunnar tókst að endurheimta jarðveg í stað þess sem fokið hafði burt.

Bifreiðaframleiðandinn Ford var mikill áhugamaður um nýtingu sojabauna og segir sagan að þær hafi verið hluti af borðhaldi hans alla daga eftir að hann kynntist þeim. Ford hafði trú á plöntunni í textíliðnaði og lét hann vefa fyrir sig jakkaföt úr þræði sem unninn var úr sojapróteini. Efnið í þræðinum fékk heitið Azlon en framleiðsla þess var kostnaðarsöm og fljótlega vék það fyrir gerviefni sem var nýtt á markaði og kallast Nylon.

Lúpína eða úlfabaun, eins og ég vandist á að kalla plöntuna, er stundum nefnd sojabaun norðursins.

Sortimo®

Innréttingar Hillu- og skúffukerfi

Fyrir allar gerðir bíla

- Þrautreynt kerfi
- Öryggisprófað
- Tryggir þig gegntjóni

RAFVER

Skeifan 3E-F · Sími 581-2333 · rafver@rafver.is · www.rafver.is




ARGO.is
s-8610000

Burðargeta 3000kg

TIL SÖLU



Rúgbrauðshnífur
200.000 + VSK



Jeros Uppþvottavél
100.000 + VSK



Hrærivél 40L
150.000 + VSK



Brauðskurðarvél
250.000 + VSK



Sveba Dahlen steinofn
150.000 + VSK

Einnig Frystiklefi með gólfí:
5100x2700x3100mm utanmál
Þykkt eininga: 150mm
Hurð: 1200x2200mm
Vatnskæld remote frystivél
Hurð á stutthlið
900.000 + VSK

Ýmis önnur notuð tæki til sölu.

Sjáið úrvalið á:
www.lostaeti.is

Háfar, djúpsteikingapottar
brauðgerðarvélar ofl

Nánari upplýsingar gefur:
Árni Már: 455 3700
arnimar@lostaeti.is

VORLESTARTILBOÐ!

MF 5610 & VALTRA N103H5 Á

275.280

KRÓNA AFSLÆTTI TIL 30. APRÍL

Afsláttur með vsk. kr. 275.280
Afsláttur án vsk. kr. 220.000



VÉLARNAR ERU TILBÚNAR TIL AFGREIÐSLU STRAX!

MF 5610

- Útskjótanlegur dráttarkrókur með vökva
- Loftkæling
- Húsfjóðrun
- 3 vökvasneiðar
- Vinnuljós á handrið og afturbretti
- Breið afturbretti með lengingum
- Dyna 4 auto drive

ATH: Verð eru kr. 10.290.000 án vsk.
án afslátt! kr. 12.759.600 með vsk.

VALTRA N103H5

- H5 rafskipting
- Sjálfskipti möguleikar
- Loftkæling
- Húsfjóðrun
- 3 vökvasneiðar
- Auka ökuljós í topp að framan
- 3 + framhalds ábyrgð.

kr. 10.059.000 án vsk.
kr. 12.473.160 með vsk.



Austurvegur 69 - 800 Selfoss | Lónsbakki - 601 Akureyri | Sólvangi 5 - 700 Egilsstaðir
Sími 480 0400 | jotunn@jotunn.is | www.jotunn.is

Hallbjarnarstaðir í Skriðdal:

Netsambandslaust og engin leið að fá tengingu

– Slökkt verður á gamla eMax-kerfinu innan tíðar vegna mikils rekstrarkostnaðar

„Þetta er algjört ófremdarastand og alveg hundleiðinlegt að búa við þetta,“ segir Jón Runólfur Jónsson, sem býr ásamt konu sinni, Mörtu Kristínu Sigurbergsdóttur, og Eiríki Erni, syni þeirra, að Hallbjarnarstöðum í Skriðdal.

Þar hafa þau búið í um það bil eitt ár og undanfarna mánuði reynt að komast í netsamband en án árangurs.

Engir nýir teknir inn í kerfið

Bæir á Skriðdal og víðar á Fljóts-

dalshéraði reidda sig á netþjónustu frá eMax, sem nú er í eigu fyrirtækisins 365, en félagið kom á sínum tíma upp nokkrum sendum á svæðinu. Jón hefur af fullum þunga reynt að tengjast kerfinu en fengið þau svör að nýir notendur verði ekki teknir inn, enda standi ekki annað til en að loka því.

„Kerfið er gamalt og úrelt, það þyrfti að gera á því miklar og kostnaðarsamar endurbætur og það er ekki fyrir hendi neinn vilji til að leggja út í þann kostnað. Það

er ágreiningur uppi á milli 365 og sveitarfélagsins um hver eigi að bera kostnaðinn, sem getur numið allt að 20 milljónum króna,“ segir Jón.

Jón hafði samband við Póst- og fjarskiptastofnun sem aftur krafðist svara frá 365 um stöðu mála. Fyrirtækið segir kerfið gamalt og úr sér gengið og hafi því verið ákveðið að hætta rekstri þess, enda kostnaður við að halda því úti mikill. Til stendur að tilkynna notendum kerfisins um lokun þess þegar þar að kemur og þá með mánaðar fyrirvara.

„Þannig að staðan er sú að við komumst alls ekki í neitt netsamband, þeir taka ekki inn nýja notendur þegar fyrir liggur að kerfinu verði lokað. Og það er auðvitað afskaplega vont að vera án netsambands eins og hlutirnir ganga fyrir sig,“ segir Jón. Hann hefur fengið þau svör bæði frá stofnuninni og eins Fjarskiptasjóði að fyrirtækinu sé ekki skylt að halda kerfinu gangandi.

Skortur á netsambandi setur strik í reikninginn

Jón og Marta fluttu sem fyrr segir fyrir um það bil einu ári að Hallbjarnarstöðum og búa þar með um 220 kindur.

„Við erum að ganga hér inn í búskapinn í rólegheitum og eru nú með um það bil helminginn af bústofninum, sjáum svo bara til hvernig gengur og tókum eitt skref í einu,“ segir Jón en



Marta Kristín Sigurbergsdóttir og Jón Runólfur Jónsson með son sinn, Eirík Örn, við netlausa bæinn Hallbjarnarstaði.

skortur á netsambandi setur strik í reikninginn. „Það eru miklar og ríkar kröfur um að alls kyns samskipti fari fram með rafrænum hætti, m.a. af hálfu skattayfirvalda, allt bókhald er fært rafrænt, skýrslugerðir og umsóknir svo dæmi séu tekin og eins eru varahlutir og annað gjarnan pantaðir með þeim hætti, sums staðar eru ekki einu sinni teknar niður pantanir í síma,“ segir Jón.

Hann hefur ýmist leitað á aðra

bæi, nettengda, til að sinna sínum málum eða þá farið alla leið í Egilsstaði.

„Framtíðin liggur í ljósleiðara en það er alveg ljóst að hann verður ekki lagður á morgun eða hinn daginn, það eru örugglega tíu ár þar til búið verður að leggja ljósleiðara hér í sveitinni og því er brýnt að finna lausn til að brúa bilið,“ segir Jón.

/MPÞ

KALK Í SEKKJUM

19.850 kr.
án vsk. pr. tonn



Minnur á vöflukaffi
miðvikudaga og föstudaga í mars

Nú flest er hjá Búvís í blóma þar bjóða menn varning með sóma ef þú kemur að sjá skaltu kaffitár fá að viðbættum vöflum með rjóma. Sv. St.



Búvís

Búvís ehf · Akureyri
Sími 465 1332
www.buvís.is

Bændablaðið

Auglýsingasala og vefumsjón

Bændasamtök Íslands óska eftir að ráða starfsmann í fullt starf hjá Bændablaðinu.

Starfssvið:

- Umsjón og ábyrgð á sölu auglýsinga
- Tilboðsgerð og samskipti við auglýsendur
- Vinnsla, skráning og móttaka auglýsinga
- Verkefni á sviði markaðsmála Bændablaðsins
- Vinna við vefsíðu bbl.is og Facebooksíðu

Gerð er krafa um reynslu af markaðs- og sölumálum. Þekking og færni á umbrotsforritið Indesign og myndvinnsluforritið Photoshop er kostur.

Bændablaðið kemur að jafnaði út á tveggja vikna fresti og er gefið út af Bændasamtökum Íslands.

Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að senda starfsúmsóknir ásamt fylgigögnum í gegnum vefsíðu BÍ, www.bondi.is. Umsóknarfrestur er til 27. apríl.

Nánari upplýsingar gefur Tjörvi Bjarnason í síma 563-0332 eða í netfangið tjorvi@bondi.is



Bændasamtök Íslands
Bændahöllinni við Hagatorg
107 Reykjavík
www.bondi.is



Þátttakendur á námskeiði í húsgagnagerð við skemmuna á Vöglum.

Mynd / Ólafur Oddsson.

Vel heppnað námskeið í húsgagnagerð haldið í Vaglaskógi:

Vaxandi áhugi með árunum

„Við þurfum að temja okkur að líta á skógana okkar sem auðlind sem þarf að hugsa vel um og nýta. Illa hirtur skógur er ekki góð auðlind, góð umhirda skilar hins vegar góðum afurðum sem hægt er að nýta, framleiðir súrefni og bindur kolefni og því er til mikils að vinna að hugsa vel um skógana,“ segir Ólafur Oddsson, fræðslufulltrúi Skógræktar ríkisins.

Hann kenndi á námskeiði í húsgagnagerð sem haldið var nýverið í Vaglaskógi. Um er að ræða samstarfsverkefni milli Landbúnaðarháskóla Íslands og Skógræktar ríkisins. Fullbókað var á námskeiðið og komust færri að en vildu. Námskeiðið er hið fimmtánda í röðinni og eru þátttakendur orðnir 195 talsins. Á námskeiðinu var unnið með ferskt og þurt efnis svo gott sem beint úr skóginum og

var það ýmist þverskorið eða flett bolefni.

Ekki tískubylgja sem fjarar út

„Það er mikill áhugi fyrir þessum námskeiðum og yfirleitt alltaf fullt. Ef eitthvað er hefur áhuginn aukist með árunum, þannig að þetta er ekki einhver tískubylgja sem fjarar út. Áhuginn er viðvarandi og vaxandi. Þetta er lífsstíll sem mér virðist sem æ fleiri kjósa að tileinka sér, að nýta þær afurðir sem við höfum aðgang að og sinna skapandi verkefnum út frá eigin forsendum,“ segir Ólafur.

Fólk af öllu tagi námskeiðunum

Ólafur segir að þátttakendur á námskeiðunum komi víða að úr þjóðfélaginu. Skóg- og trjárækt í einkagörðum og á sumarhúsálóðum hafi um árin aukist til muna og það

veki fólk til umhugsunar um að nýta það efni sem til fellur vegna nauðsynlegrar grisjunar og umhirdu. Samtök iðn- og tæknigreina hafa kynnt námskeiðin og í kjölfarið hafa margir iðnaðarmenn nýtt sér þau og eins segir Ólafur að kennarar séu áhugasamir þátttakendur. „Þeir hafa m.a. komið á námskeiðin í þeim tilgangi að nýta það sem kennt er til að byggja upp aðstöðu vegna útínáms í grenndarskógum skólanna og mörg dæmi um að vel hafi tekist til, það hafa verið smíðaðir bekkir og borð úr þeim efnisvið sem skógurinn býður upp á. Þannig hafa þeir líka sparað efniskostnað þannig að ávinningurinn er margþættur,“ segir Ólafur.

Húsakynni Skógræktar ríkisins að Vöglum í Vaglaskógi henta vel til námskeiðahalds þar sem unnið er með borvélum og tálguáhöldum í fyrirferðarmikil efni. /MPÞ

Umhverfisnefnd Eyjafjarðarsveitar:

Fjölnota innkaupapakar inn á hvert heimili

Lengi hefur verið vitað um þörf þess að draga úr notkun plasts og er Eyjafjarðarsveit nú komin í hóp þeirra sveitarfélaga sem vilja sporna við plastpokanotkun.

Nemendur 9. bekkjar Hrafna-gilsskóla hafa dreift fjölnota innkaupapakum inn á öll heimi í sveitinni. Pokarnir eru gjöf umhverfisnefndar Eyjafjarðarsveitar og liður í því að auka vitund fólks um mikilvægi notkunar fjölnota burðarpoka í stað plastpoka.



Undanfarið hefur umræða um skaðsemi plasts stóraukist enda veldur það mjög neikvæðum áhrifum á heilsu okkar og umhverfi. Áætlað er að hér á landi falli til um 50 milljónir plastpoka á ári hverju, eða um 1.120 tonn af plasti. Langstærstur hluti þessara plastpoka fer í urðun með öðrum heimilisúrgangi en á urðunarstöðunum tekur niðurbrot pokanna a.m.k. nokkrar aldir.

/MPÞ

Hvar kaupir þú blekhyli fyrir heimilið eða tónera fyrir vinnuna?

VERÐDÆMI			PANTAÐU	
Tóner litasett 4 litir laserjet	Blekhyli.is kr. 55.000 Umboðsaðili kr. 148.427	93.427 kr. ódýrari	Í síma 517-0150, á www.blekhyli.is eða í verslunum okkar: Hagkaup Smáralind og Fjarðargötu 11, 2. hæð Hafnarfirði.	
Tóner 12a.	Blekhyli.is kr. 6.000 Umboðsaðili kr. 18.247	12.247 kr. ódýrari		
4 blekhyli í Brother 123.	Blekhyli.is kr. 4.500 Umboðsaðili kr. 15.960	11.460 kr. ódýrari		
5 blekhyli í Canon	Blekhyli.is kr. 3.500 Umboðsaðili kr. 12.984	9.484 kr. ódýrari		

Við höfum selt blekhyli og tónera í 6 ár.

Blekhyli.is
Lágveruverslun fyrir þig og fyrirtækin í landinu



AMAZONE áburðardreifingar

AMAZONE áburðardreifingar eru einhverjir vönduðustu dreifarar sem völ er á. Hárnákvæm dreifing með tveimur dreifiskífum úr ryðfrú stáli, vökvastýring úr öikumannssæti, kögglasigt, vandaður og endingargóður drífúnaður, auðveld og þægileg notkun. Auk þessa er fánlegur vökvastýrður jaðarbúnaður svo áburðurinn lendi ekki úti í skurði eða utan girðingar. Fyrir þá allra kröfuhörðustu bjóðum við tölvustýrða dreifara með vigtarbúnaði ofl. - **Hafðu samband - við eigum örugglega rétta dreifarann handa þér!**

AMAZONE ZA-X 902
900 lítra dreifari
kr. 565.093,- án vsk

AMAZONE ZA-X 1402
1400 lítra dreifari
kr. 641.311,- án vsk

Aukabúnaður á mynd: jaðarbúnaður


	Reykjavík: Krókháls 16 110 Reykjavík Sími 568-1500	Akureyri: Lónsbakka 601 Akureyri Sími 568-1555	Vefsíða: www.thor.is	
--	---	---	--	--

Vagnar og stálgrindahús frá WECKMAN Steel



STÁLGRINDAHÚS

Fjöldi stærða og gerða í boði



RÚLLUVAGNAR – LÖNDUNARVAGNAR

Stærð palls 2,55 x 8,6m



STURTUVAGNAR

Burðargeta 6,5 – 17 tonn

Þak og veggstál galvaniserað og litað

- Bárað
- Kantað
- Stallað

Fjöldi lita í boði

H. Hauksson ehf

Vikurhvarfi 5 • Kópavogi • Sími 588 1130
hhaukssonehf@simnet.is

16 18 26

Bændablaðið

45% FÓLKS Á LANDSBYGGÐINNI LES BÆNDABLAÐIÐ

HEIMILD: PRENTMIÐLAKÖNNUN CAPACENT. KÖNNUNARTÍMI OKT.-DES. 2013.

BÆNDABLAÐIÐ ER GEFIÐ ÚT Í 31 ÞÚSUND EINTÖKUM Á TVEGGJA VIKNA FRESTI.

Hvað er sérfóður?

– Er t.d. notað við súrdoða í kúm og nýrnasteinum í hundum

Hér verður fjallað um sérfóður eða fóður sem er ætlað til sérstakra, næringarlegra nota. Þetta er fóður sem getur uppfyllt sérstök næringarmarkmið vegna samsetningar eða aðferðar við framleiðslu. Það er skýrt aðgreint frá venjulegu fóðri.

Þetta fóður er ætlað til að uppfylla sértækar næringarþarfir dýra þegar melting þeirra, upptaka eða efnaskipti eru skert eða gætu skerast tímabundið eða til frambúðar. Sérfóður telst hins vegar ekki vera lyf í skilningi lyfjalaga, þótt það eigi að vinna gegn ýmsum efnaskiptavandamálum og bæta heilsu viðkomandi dýra. Í sumum tilfellum þarf sérstakan úrskurð til að meta hvort viðkomandi efni er lyf eða sérfóður.

Nákvæmar leiðbeiningar (á íslensku fyrir matvælaframleiðslu-dýr) um notkun eiga að fylgja öllu sérfóðri þar sem fram koma dýrategund sem fóðrið er ætlað, það vandamál sem vinna á gegn, efnasamsetning sem sóst er eftir með viðkomandi fóðri og ráðlagður notkunartími. Oftast er ekki mælt með notkun þess nema í samráði við dýralækna. Einnig er lögð áhersla á að dýrin hafi öruggan aðgang að hreinu vatni.

Sérfóður er notað vegna margs konar meltingar- og efnaskiptavandamála hjá flestum matvælaframleiðsludýrum svo og hundum og köttum.

Um sérfóður gildir tilskipun nr. 2008/38/EB sem er innleidd í íslenska reglugerð nr. 340/2001 um eftirlit með fóðri. Tilskipuninni hefur verið breytt fjórum sinnum og er tekið tillit til þeirra breytinga í þessari grein.

Sérfóður fyrir hunda og ketti

Sérfóður, stundum kallað sjúkrá-fóður, fyrir hunda og ketti á að vinna gegn margs konar kvillum sem tengjast efnaskiptum. Þar má nefna langvarandi nýrnabilun og nýrnasteina, einnig til að styðja við lifrarstarfsemi, meltingu og næringarupptöku og hjarta. Þá er sérfóður notað til að vinna gegn einkennum sykursýki í þessum dýrum. Einnig eru til bæði megrunarfóður til að grenna dýr og batafóður til að styrkja dýr eftir veikindi. Þurfi að fóðra dýrin með magaslöngu skal slíkt gert í umsjá dýralæknis. Til eru sérfóður sem eiga að koma efnaskiptum kopars og jöðs í jafnvægi og til að vinna gegn hárlösi og öðrum

húðvandamálum. Sömu leiðis eru til sérfóður til að styrkja liði og vinna gegn liðagigt og sliti í liðum.

Sérfóður fyrir þessi dýr eru oftast gefið sem heilfóður.

Sérfóður fyrir jörturdýr

Fóður sem er ætlað til að minnka hættu á doða, súrdoða og graskrampa er gefið mjólkurkúm og í sumum tilfellum öðrum mjólkandi jörturdýrum. Fóður til að minnka hættu á doða er gefið síðustu vikur fyrir burð. Fóður til að draga úr hættu á súrdoða er gefið á fyrstu vikum eftir burð og grasdoða þegar beitt er á nýgræðing snemma sumars. Sérstakt fóður er ætlað til að draga úr hættu á myndun þvagsteina hjá jörturdýrum.

Forðastautar eru litlir hólkar með ákveðin aukefni t.d. snefilefni eða vítamín í miklum styrk, sem skotið er niður í vömb jörturdýra og eiga að leysast hægt upp og gefa frá sér viðkomandi næringarefni í nægu, en ekki of miklu, magni til að mæta þörfum viðkomandi dýrs. Þetta fóður er fyrst og fremst ætlað með beit. Þegar þetta fóður er boðið til sölu þarf að koma skýrt fram á merkimiða hámarkstími stöðugar losunar úr forðastautnum og



daglegt losunarmagn fyrir hvert aukefni sem hefur skilgreint ákveðið hámarksinnihald í heilfóðri. Forðastautar skal ekki gefa nema skortur á ákveðnum efnum sé sannanlega fyrir hendi og þá í samráði við ráðunaut eða dýralækni. Einnig er mælt með að dýralæknir eða annar þar til bær aðili gefi fóður í formi forðastauts.

Sérfóður fyrir svín

Nýlega hefur verið leyft að nota járnrikt sérfóður fyrir smágrísi og smákálfa sem fá eingöngu mjólk til að örva myndun blóðrauða hjá þessu ungvíði.

Sérstakt fóður á að vinna gegn streitu og annað til að hjálpa til við að koma meltingu í jafnvægi.

Þá er til fóður ætlað gyltum til að örva þarmahreyfingar og draga úr hægðatregðu. Fóðrið er notað vikurnar fyrir og eftir got.

Sérfóður fyrir hross

Til að vinna gegn ýmsum kvillum í hrossum eru notuð sérfóður af nokkrum gerðum. Helstu kvillar sem um er að ræða eru: Meltingartruflanir í smáþörmum, meltingartruflanir í botnlanga og ristli, til að vinna gegn streitu, til

að ná steinefna og vökvajafnvægi eftir að hafa svitnað mikið vegna áreynslu t.d. eftir keppni, til að ná bata eftir veikindi, stuðningur við lifrarstarfsemi vegna langvarandi lifravandamála og stuðningur við nýrnastarfsemi vegna langvarandi nýrnvandamála.

Sérfóður fyrir ýmis dýr

Til er sinkríkt sérfóður sem ætlað er til styrkingar við myndun hófa og klaufa og til að styrkja húðmyndun hjá spendýrum.

Til örvar eggloss og frjósemi hjá spendýrum er notað sérstakt fóður sem er ríkt af seleni, en lágmarksgildi af E-vítamíni eða ríkt af A-vítamíni og/eða D-vítamíni. Því eiga að fylgja nákvæmar notkunarleiðbeiningar fyrir hverja dýrategund.

Til að hjálpa ungum spendýrum að ná réttum vatns og saltbúskap eftir meltingarsjúkdóma t.d. skitu er notuð sérstök blanda steinefna og kolvetna ásamt sýrustigsjafnandi efnun.

Til að vinna gegn fitulífur í varphænum er sérstakt fóður.

Valgeir Bjarnason,
fagsviðsstjóri hjá
Matvælastofnun

Landsbankinn er öflugur samstarfsaðili

Það er stefna okkar að vera hreyfiafl í íslensku samfélagi. Landsbankinn tekur virkan þátt í uppbyggingu í landbúnaði og er traustur bakhjarl og samstarfsaðili.





Hin ástsæla azalea og annað skylt

Lyngættin er slungin og fjölbreytt plöntuætt með tæplega 150 ættkvíslum. Hér uppi á Íslandi á hún nokkra fulltrúa sem eru samt ívið ólíkir innbyrðis. Beitylengið okkar stendur með sínum rauðfjólubláu blómum seinnipart sumars þegar fjarskyldir ættingjar þess, krækiber, bláberin bæði og sortulyngið svigna af berjum.

Í skógarhövömmum undir birkiskermi rekumst við víða á hinar sígrænu vetrarliljur með sígræn, leðurkennd blöð og lútandi klukkur á grönnum blómstönglum. Og utan í melbörðum og hraunreipum lætur sauðamergurinn fara lítið fyrir sér. En ef við lútum lágt og skoðum hann í blóma opinberast fegurð hins smáa. Því fáar íslenskar plöntur eru jafn snotrar í yfirlætisleysi sínu. Sauðamergurinn er nokkuð nálægt stórvaxnari frænkum sínum, lyngrósunum, í útliti og hegðun. En lyngrósinar, Rhododendron, eru mun bosmameiri og státnari. Þær fara ekki framhjá neinum þegar þær eru í blóma.

Fjölbreytt ættkvísl

Ættkvísl lyngrósa er afar fjölbreytt og flókin. Talið er að til hennar heyrir um 650 tegundir dreifdar um allt Norðurhvel. Og ef gluggað er í nafnaskrár, þá eru fræðiheitin, gild sem ógild, hátt í 7000. Meginsvæði hennar er þó í Mið- og Austur-Asíu, einkum í svölum dölum og fjallahlíðum þar sem úrkoma er mikil en vetur fremur stuttur og mildur. En í Alpafjöllum Evrópu lifgar alparósir, Rhododendron ferrugineum, upp á vorkomuna í fjalladölum. Hún kallast reyndar urðalyngrósi formlega í íslenskum plöntulistum. Og norður í Lapplandi lítar svarðlyngrósin, Rhododendron lapponicum, móa og börð eftir að snjóá leysir á vorin. Niðri á Bretlandseyjum hefur náttúruverndarfolk horn í síðu lækjalýngrósarinnar, Rhododendron ponticum, sem flutt var til eyjanna um 1760. Þrátt fyrir óneitanlega fegurð hennar þykir hún yfirgangssöm og einráð. Hún hefur haft mikil áhrif á undirgróður skóga þar sem hún hefur flenst og helgað sér land. Í Norður-Ameríku eru nokkrar tegundir. Margar þeirra hafa komið við sögu í kynblöndun á þeim lyngrósum sem fyrst og fremst eru ræktaðar í görðum. Af slíkum lyngrósum, sem venjulega eru kallaðar alparósir, er til mikill urmull. Sumar þeirra jafnvel nægilega harðgerar til að þrífast á Íslandi.

Furðu harðgerar

Í stórum dráttum þurfa lyngrósir fremur rakt, ófrjótt land til að þrífast. Rótarkerfi þeirra er afar fingert og háð sk. svepparót. Þ.e. örsvappa sem lifa í sambýli við plönturnar og sjá um eldhússtörfin fyrir þær. Sama gildir reyndar um allar tegundir Lyngættarinnar. Sammerkt er með lyngrósum og öðrum tegundum ættarinnar að mjög fáar þeirra þola kalkríkan jarðveg. Íslenskar berjabrekkur henta þeim svosem ágætlega ef þær fá nægan raka og skjól fyrir berfrosti, vetrarnæðingum og síðvetrarsól. Ekki sakar að gauka að þeim mulningi af sauðataði eða þurri kúamykju af og til. Og þær þola enga samkeppni frá grastegundum. Til að halda vextinum nettum og þéttum eru blómaklasarnir klipptir burt eftir blómgun. Þá vaxa frekar út stuttir hliðarsprotar sem bera blómbrum á hverjum enda þegar haustar að. Lyngrósir þola ekki klippingu niðurfyrir græn blöð. Ef þarf að klippa þær til má því ekki fara niður á bera leggi, því þeir koma ekki til með að senda út ný brum og blöð.

Azaleur

En nú er komið að því að kynna til sögunnar þær lyngrósir sem fást í blómabúðum á veturna og fram eftir vori. Þar er um að ræða tvær tegundir sem kallast einu nafni stofulyngrósi. En venjulega eru þær seldar og um þær talað undir gamla heitinu „azalea“. Báðar koma þær frá Austur-Asíu og hafa verið ræktaðar í Kína, Kóreu og Japan í meira en þúsund ár. Afbrigði þeirra eru því mörg og margbreytileg, og með blöndun þeirra innbyrðis hafa komið enn fleiri. Frá meginlandinu kemur indverska eða kínverska azalean, Rhododendron simsii (stundum skráð sem R. indica). En frá Japanseyjum kemur sú japanska, Rhododendron kiusianum (oft skráð sem R. obtusum). Báðar eru fremur nettar og sígrænar. Munurinn á þeim tilýndar er ekki mikill og óþarfi að fara út í smáatriði. Helst eru það blómin sem segja til um hver upprunalega tegundin er. Kínverska azalean ber mun stærri og opnari blóm, oftast ofkrýnd en á þeirri japönsku eru blómin smærri og yfirleitt einkrýnd. Það bætir hún upp með mun fleiri blómum. Litaskali azaleublómanna spannar hvítt, bleikt, rauðfjólublátt og skarlatsrautt. Gul eða blá blóm þekkja ekki á stofulyngrósum.



Japansazalea. Hvít.



Japansazalea Rhododendron kiusianum.

Umhirða, ending og hugsanlegt framhaldslíf

Stofulyngrósinar eða azaleurnar eru ekki eiginleg stofublóm í þeim skilningi að þær lifi af árið um kring inni í upphituum mannbústöðum. Þær þurfa svalt umhverfi og moldin þarf alltaf að vera blaut. En ekki má samt láta þær standa í vatni nokkra hríð. Þá deyr rötin og plönturnar visna.

Til að þeim líði vel og blómin standi lengi er best að setja þær á bjartan stað þar sem ekki er of heitt og sól nær ekki til þeirra að neinu ráði. Best er að hitinn fari ekki mikið yfir 18°C, þá standa blómin lengst. Inni í stofuhita má búast við að blómgunin standi yfir í tvær vikur, ef plönturnar þorna aldrei upp. Best er að vökva azaleur daglega með því að dýfa pottinum á bólakaf í vatn – og láta vatnið svo síga vel

af áður en plöntunum er aftur komið fyrir á sínum stað. Eftir blómgunina er plöntunum oftast fleygt. En hafi þær haldið laufi og frískleika fram á þann tíma að frostnætur eru liðnar hjá úti í garðinum, má grafa pottinn með plöntunni í niður í beði á skjólgóðum stað utandyra. Undir haustið, áður en frostnætur setur að, er henni svo kippt inn og hún höfð í björtum glugga þar sem ekki er of heitt. Tíu til tólf stiga hiti er fínt. Eins henta frostlausir gróðurskálur vel. En ávallt þarf að gæta þess að moldin í pottinum þorni aldrei. Þegar sól hækkar á lofti á útmánuðum er svo von um að blóm birtist, hafi allt verið azaleunni í hag. Ef farið er út í framhaldsræktun á azaleunni á þennan hátt, má gefa henni daufan skammt af „súrum“ blómaáburði.

Annars er ræktun á azaleum mjög sérhæfð iðja og allar plöntur sem hér koma á markað eru ræktaðar úti í Belgíu, mest kring um borgina Gent. Þar hentar jarðvegur og veðurfar sérlega vel fyrir ræktunina. Á þessu svæði er obinn af öllum azaleum á Evrópumarkaðinum framleiddur. Og þaðan kemur líka fagurlyngið (stofulyngið, Erica gracilis) sem við skreytum, stofur okkar, tröppur og legstaði með á haustin.

KOMDU ROTÞRÓNNI Í LAG MEÐ SEPT-O-AID



SEPT O AID eru þurrfrystar örverur tilbúnar til að brjóta niður allan lífrænan úrgang í rotþróum.

Samsetning 13 mismunandi örvera hjálpar til að vinna á og minnka fastan úrgang og breyta í fljóttandi form ásamt því að eyða allri ólykt frá rotþrónni. Einfalt í notkun; sett í klósettskálina og beðið í 20 mínútur, því næst er efninu skolað niður.



Kemi • Tunguhálsi 10, 110 Reykjavík • www.kemi.is • Sími: 415 4000
Opíð: Mánudag - fimmtudags: Frá kl. 8.00-17.30. Föstudaga: Frá kl. 8.00-17.00.



Bændablaðið
BÆNDABLAÐIÐ ER MEST LESNA BLAÐIÐ Á LANDSBYGGÐINI

Í HVÍTRÍ KÖNNUN CAPACENT MÆLISST BÆNDABLAÐIÐ MEÐ 45% LESTUR Á LANDSBYGGÐINI Á MEDAL FOLKS Á ALDRINGUM 12-90 ÁRA.

HVAR AUGLÝSIR ÞÚ?

LESTUR PRENTMILA Á LANDSBYGGÐINI

Bændablaðið
BÆNDABLAÐIÐ ER MEST LESNA BLAÐIÐ Á LANDSBYGGÐINI
Sími: 415 4000 • www.kemi.is

Bændablaðið
Kemur næst út
30. apríl

Eitrið eins og dalalæða yfir skólalóðinni:

„Strawberry Fields Forever“

Forstöðumenn gagnfræðaskóla í Vutura-sýslu í Kaliforníu í Bandaríkjunum hafa miklar áhyggjur af því að jarðarberjaræktendur sem eru með akra allt í kringum skólann séu að eitra fyrir nemendum og kennurum með gengdarlausri notkun skordýra- og illgresiseiturs.

Oxnard-gagnfræðaskóli

er í hluta sýslunnar þar sem meirihluti íbúa er af spænskum og mexíkóskum uppruna og er skólinn og skólalóðin hreinlega umkringd jarðarberjaökum. Mörgum þætti slíkt eflaust eftirsóknarvert en sá hængur er á að mikið magn af skordýra- og illgresislyfjum er notað við ræktunina og úðast það yfir skólann. Þegar mest er liggur eitrið eins og dalalæða

yfir skólalóðinni og lyktin af því alltumlykjandi.

Jarðarberjaræktun í sýslunni er stórtæk og þar eru framleidd um hálf milljón tonna af þeim á ári og mörg efnin sem úðað er á akrana eru með þeim hættulegustu sem notuð eru í landbúnaði og geta meðal annars valdið öndunarörðugleikum, krabbameini og skaða á fósturum.

/VH



Eyðing regnskóganna: Styrkir til skógar-eyðingar

Samanburður á styrkjum til að draga úr eyðingu regnskóga og til fyrirtækja sem stunda skógarhögg sýnir að stjórnvöld í Brasilíu og Indónesíu leggja mun meira fé til skógarhöggsfyrirtækja en til verndunar skóga.

Í samanburðinum sem gerður var af stofnun sem kallast Overseas Development Institute og er staðsett í London segir að stjórnvöld í þessum löndum hafi lagt skógarhöggsfyrirtækjum allt að 40 milljarða Bandaríkjadali á árunum 2009 til 2012 en eytt 34 milljónum dala til verndunar skóga á sama tíma. Upphæðin sem skógarhöggsfyrirtækin fengu er því rúmlega hundrað sinnum hærra.

Þegar talað er um skógarhöggsfyrirtæki í þessum samanburði er meðal annars átt við fyrirtæki sem fella skóga til að vinna timbur, rækta pálmaolíu, soja, nautakjöt og plöntur sem nýttar eru í lífdísil.

Undanfarin ár hafa lönd eins og Noregur og Þýskaland lagt Brasilíu og Indónesíu til megnið af því fé sem fer til verndunar regnskóganna þar.

Helmingur allrar skógareyðingar í hitabeltinu á árunum 1990 til 2010 átti sér stað í Brasilíu og Indónesíu en eftirspurn eftir harðvið frá þessum löndum er mest í efnadri löndum á norðurhveli.

/VH

Matvælarækt: Eiturefnanotkun ekki lausnin

Sjaldan er góð vísa of oft kveðin og því vert að minna á að flestir sem láta sig málið varða, aðrir en framleiðendur skordýraeiturs, eru sammála um að eiturefnanotkun í landbúnaði er meira til óþurftar en gagns.

Þar sem skordýraeitur er mikið notað í landbúnaði og garðyrkju hafa efnin víða safnast í og eitruð grunnvatnið. Stofnar býflugna hafa hrunið og stórlega er farið að ganga á ánamaðka og annað líf í jarðvegi. Efnahernaðurinn sem stundaður eru í dag er engu betri en sá sem Rachel Carson varaði við í bók sinni Raddir vorsins þagna og varð til þess að skordýraeitrið DDT var víða bannað.

Á hverju ári eyða bændur um allan heim milljörðum dollara í skordýraeitur og ekkert lát virðist þar vera á. Fjöldi rannsókna benda til að þessi lyf sem úðað er á matjurtir safnist upp í vefjum og geti haft skaðleg áhrif á taugakerfi spendýra.

/VH

Girðingarefni fyrir allan búfénað



Jarðleiðslur



Þræðir og borðar



Rafgirðingaspennar



Þráðspólur



Staurar, net, gaddavír og þanvír

Leitið tilboða hjá sölumönnum okkar

Endursöluaðilar:

Varahlutaverslun Björns Lyngási, Jötunn Selfossi, Baldvin og Þorvaldur Selfossi, Bú.is Hvolsvelli, Ásbúðin Flúðum, Vélsmiðja Hornafjarðar, Jötunn Egilsstöðum, KM Þjónustan Búðardal, Vélsmiðjan Pristur Ísafirði.

Lifland söluráðgjöf
s.540 1100

Lynghálsi, Reykjavík
www.lifland.is

Lónsbakka, Akureyri
lifland@lifland.is

Efstubraut, Blönduósi
Borgarbraut, Borgarnesi


LIFLAND

Til áréttingar við sauðburð og önnur vorverk

Lárus G. Birgisson
Sauðfjárræktarráðunautur
hjá RML



Öll forvinna er mikilvæg fyrir sauðburð t.d. að allar milligrindur, tæki og tól sem þarf að nota séu í lagi og á „sínun“ stað. Útiskjól séu einnig til reiðu. Auk þess þarf að huga að eftirfarandi þáttum:

- Lyf ásamt tækjum og tólum fyrir burðarhjálp séu nærtæk.
- Skipulagt vaktaplan.
- Ef fósturtalning og aldursgreining fóstura liggur fyrir í ærhópnun er gott að sortera ærnar eftir því hvort þær bera á aðal sauðburðinum eða seint. Sparar eftirlit.
- Árangursrík aðferð við að venja lömb undir er að sprengja belgi yfir fósturlambið, baða lömbin síðan saman upp úr volgu vatni og nudda vel saman fósturlambinu og nýfædda lambinu. Að baði loknu er stráð salti yfir þau og broddur mjólkaður úr ánni á afturpart og haus á báðum lömbunum.
- Ef eldra lamb, tveggja daga eða eldra, er vanið undir einlembu þarf að passa vel að einlembingurinn fái broddmjólk. Getur verið æskilegt að mjólka broddmjólk í pela og gefa einlembingnum og leyfa undirvaningnum að sjúga fósturmóðurina í næði, hann verður þá yfirleitt sáttari.
- Fósturtalning einfaldar undirvenjur og gefur fleiri möguleika. Þegar fjöldi lamba hjá hverri á er þekktur eru góðir möguleikar á að venja undir einlemburnar áður en þær bera sínu eigin lambi.
- Gott er að safna legvatni í dall eða brúsa og jafnvel frysta. Engu máli virðist skipta þó legvatn sem notað er við að venja lömb undir sé ekki frá viðkomandi á eða samsafn úr mörgum.
- Vansköpuð lömb
- Á hverju vori fæðast einhver lömb vansköpuð og í flestum tilfellum er vansköpunin háð tilviljunum. Ef hins vegar fæðast fleiri en 2–3 vansköpuð lömb undan sama hrútnum þarf að hafa varann á. Ef vansköpuð lömb hafa fæðst undan sæðingahrútnum er mikilvægt að tilkynna það til sauðfjárræktarráðunauta RML ásamt lýsingu á vansköpuninni svo hægt sé að gera viðeigandi ráðstafanir varðandi ásetning sæðingastöðvahrúta næsta haust.

- Skýrsluhaldið og fleira
- Athugið að í „gamla“ Fjárvis þurfti að staðfesta sæðingastöðvahrút sem föður í fangskráningunni hjá viðkomandi ám ef þær héldu við honum. Í „nýja“ Fjárvis verður sæðingafærsla sjálfkrafa fangfærsla. Bóndi þarf því að leiðrétta faðerni lamba hjá þeim ám sem ekki héldu í sæðingunum. Fjárvis gerir athugasemd við óeðlilega langan meðgöngutíma.
- Ef vorbók er skilað inn til skráningar er mikilvægt að skrá afdrif fangs hjá öllum ám. Ef það er ekki gert falla viðkomandi ær sjálfkrafa út úr vorbókinni (skráðar dauðar). Við skráningu í

Fjárvis.is er ekki hægt að skila vorupplýsingum nema gera grein fyrir afdrifum fangs hjá öllum lifandi ám.


- Rétt er að venja sig á að skrá alltaf burðardagsetningu (eða fangdagsetningu). Það er nauðsynlegt svo aldursleiðréttingar skili sér rétt inn í afurðauppjöf og samanburður á afurðum ána og afkvæmum hrúta verði óháður aldri lambanna.
- Nýr og nákvæmari litalykill er í „nýja“ Fjárvis, þ.e. hægt að skrá tvílit með nákvæmari hætti. Dæmi: Lykilinn 496 táknar móarnhöfðótt/arnhosótt/glæsótt sem áður var einungis skráð 49 = móflekktótt. Gagnlegt er

jafnframt að skrá hvítan lit með þeirri nákvæmni sem er í boði.

- Það er mikilvægt að skrá öll lömb, líka þau sem ekki lifa. Hafi ærin látið er rétt að skrá fjölda lamba í samræmi við fósturtalningu þar sem slík gögn liggja fyrir.
- Í nýrri útgáfu Fjárvis.is er hægt að venja lömb undir ær á öðrum búum.
- Í „nýja“ Fjárvis er einnig hægt að skrá hvort ærin þurfti hjálp við burðinn og hversvegna. Hér er sérstaklega áhugavert að fá góða skráningu á dætur sæðingastöðvahrúta.
- Skil fjárbóka 2015.

- Ef handskrifaðri vorbók er skilað fyrir 19. júní er gefinn 25% afsláttur af skráningargjöldum.
- Til þess að tryggt sé að upplýsingar úr vorbókinni skili sér inn í uppreiknað kynbótamat fyrir frjósemi þarf að skila henni í síðasta lagi 15. júlí.
- Síðasti skiladagur vorbóka til að fá haustbókina tímanlega til baka fyrir haustragið er 14. ágúst.
- Lokaskiladagur haustbóka verður 31. desember. Þetta er eini lokaskiladagur skýrsluhaldsgagna vegna gæðastýringar í sauðfjárrækt nema hjá þeim sem eru að byrja í gæðastýringu. Þeir þurfa að skila fyrstu gögnum um hjörðina fyrir 20. júní.

/LGB



Ræktun árin 2012–2014


Nú hafa flestir bændur gengið frá áburðarpöntunum sínum og eru því væntanlega búnir að gera áætlun um hversu mikið land þeir ætla að taka undir nýsáningu í vor.

Sáðvörufurboðið liggur fyrir hjá flestum fræsölunum og þess er að vænta að samantekið yfirlit yfir fræframboðið verði birt hér á síðu RML. Mikilvægt er að gefa sér góðan tíma í að velja tegundir og yrki og meta hverjar þarfir búans eru til öflunar tiltekins föðurs. Þannig má leggja góðan grunn að fósturáætlun næsta árs.

Það er spennandi að sjá hvernig bændur muni haga ræktun sinni í vor. Súluárið hér að neðan sýnir hvernig þróunin hefur verið síðustu þrjú ár. Árið 2013 var ræktunin mest og skýrist það að af því að tún kól illa á Norður- og Austurlandi veturinn áður og endurræktun túna og grænófóðurrækt var því nauðsynleg af þeim sökum.

Ekki alls staðar sama þróun

Þegar gögn um kornræktina eru skoðuð betur sést að þróunin er ekki allveg sú sama alls staðar á landinu



en þar sem kornrækt er langmest stunduð á Suðurlandi munar mestu um hvaða stefnu sunnlenskir bændur taka í ræktun sinni. Ein ástæða fyrir samdrætti í kornrækt á Norðurlandi árið 2013 er sú að þá kusu bændur að afla eins mikils gröffóðurs og þeir gátu í kjölfar kalskemmdanna, í stað þess að rækta korn.

/Borgar Páll Bragason

Lesendabás

Landbúnaður á krossgötum

Íslenskur landbúnaður stendur á krossgötum. Framtíð hans mun ráðast af því hvaða skilaboð forsvarsmenn hans senda á komandi árum til þeirra sem velja sér að hafa atvinnu af landbúnaði. Ungt fólk í dag þarf skýr skilaboð um að eftirsóknarvert sé að mennta sig á sviði landbúnaðar og hefja störf innan atvinnugreinarinnar. Því miður hafa þau skilaboð ekki verið nógu skýr gegnum árin og ýmsar blíkur á lofti hvort þau verði nægjanlega skýr á komandi árum.

Ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks „líftur á landbúnað sem eina af mikilvægustu atvinnugreinum framtíðarinnar. Vaxandi eftirspurn eftir mat á heimsvísu skapar íslenskum landbúnaði sóknarfæri með möguleikum á aukinni framleiðslu og margbreytilegum afurðum.“ Búnaðarþing 2015 samþykkti svo viðamikla stefnumótun um uppbyggingu komandi búvörusamninga. Stefna ríkisstjórnarinnar og samþykkt búnaðarþings eru þess efnis að menn hafa trú á landbúnaði og eykur þeim sem vilja starfa við greinina bjartsýni. Hins vegar eiga bændur og stjórnvöld eftir að semja, um þá niðurstöðu er lítið vitað í augnablikinu. Nokkur veigamikil atriði þarf að hafa í huga svo allir starfi á sátt og samlynd innan greinarinnar á komandi árum.

Skynsamleg landnýting

Að auka matvælaframleiðslu er gott markmið en þá þarf líka að nýta land með skynsamlegum hætti, hvort heldur til beitar eða ræktunar. Mikil hagræðing hefur átt sér stað í landbúnaðinum og bú hafa verið að stækka. Það er í samræmi við þá íhaldssömu og frjálsslyndu stefnu sem hér hefur verið rekin að meiri framleiðsla leiðir af sér betri nýtingu á föstum kostnaði og þar með meiri framlegð í rekstrinum. Mörg bú hafa farið þessa leið, hins vegar er óheillavænleg þróun að byggja upp stór bú á landlitlum jörðum og treysta á velvild nágranna varðandi beit og nýtingu lands eða virða eignarrétt manna að vettugi og nýta landið án leyfis landeiganda. Slík uppbygging hefur því miður átt sér stað á undanföllum árum. Stefnumörkun um starfsskilyrði landbúnaðar á komandi árum þarf að innihalda úrræði sem virka og taka á slíkum dæmum.

Að teknu tilliti til þeirra þróunar sem hefur átt sér stað á undanföllum árum þarf einnig að svara þeirri spurningu hvort við viljum að eignarhald í landbúnaði færast frá bændum til lánastofnana og búrekstur verði í auknu mæli rekinn fyrir aðkeypt vinnuafli? Sú hætta er fyrir hendi og hún leiðir af sér að þekking tapast. Þekking sem í dag er ekki metin til fjár í búreikningum bænda. Landbúnaðarstefna er nefnilega líka vísir að byggðastefnu, orð sem stjórnvöld nota sjaldnast nema á tyllidögum.

Það er misjafnt hvað hentar



Eyjólfur Ingvi Bjarnason.

hverri byggð til uppbyggingar innviða svo fleiri sjái sér hag í fastri búsetu. Bættir samgöngur jafnt á landi sem og í tölvuheimum (ljósleiðari) munu þar skipta sköpum á komandi árum varðandi aukin lífsgæði. Það bætir tækifæri til fjölbreyttari atvinnusköpunar með hinum hefðbundna landbúnaði og styrkir búsetu. Staðreyndin er sú að verði þróunin óbreytt er ýmis grunnþjónusta eins og skóli, lækniþjónusta eða matvöruverslun síður en svo sjálfsgöð í hinum dreifðu byggðum. Vonandi bera stjórnvöld gæfu til að móta stefnu sem tekur mið af slíku svo menn geti stundað landbúnað í samræmi við þau landgæði sem þeir búa yfir en jafnframt haft möguleika á annarri atvinnustarfsemi með. Hver hlekkur í samfélagskeðju hinna dreifðu byggða skiptir meira máli en í þéttbýlinu og það sem hentar einu samfélagi hentar kannski síður annars staðar. Stefnan þarf því að vera sveigjanleg og verður seint útbúin af hinum ýmsu fræðingum ráðuneytanna eða spunameisturum stjórnvalda sem oft eru ekki í takt við tíðaranda landsbyggðarinnar.

Sandkassaleikur

Menntunar- og fræðslumál landbúnaðarins þurfa jafnframt að komast á hreint svo ungt fólk sjái hag í því að mennta sig á sviði landbúnaðar og starfa við leiðbeiningar, kennslu, rannsóknir og fleiri störf sem verða landbúnaðinum í heild til framþróunar. Staðan er ekki sú í dag og grátbroslegt að horfa upp á þann sandkassaleik sem stundaður er varðandi framtíð Landbúnaðarháskóla Íslands. Menn virðast ekki geta sest niður og rætt málin af heilindum. Hjá menntamálaráðherra er sam-eining eina orðið í orðabókinni. Forsvarsmenn bænda, sveitarstjórnarmenn í Borgarbyggð, þingmenn NV kjördæmis og starfsfólk LbhÍ, hafa barist mismikið á móti öllum tillögum sem hafa verið nefndar. Stundum held ég að baráttan snúist um það að skólinn skuli vera á Hvanneyri svo fólkíð sem þar búi hafi atvinnu (styrki rekstrargrundvöll Borgarbyggðar) en ekki svo að skólinn þróist eðlilega. Einnig má velta fyrir sér hvort menn séu að styrkja eigin stöðu

heima í héraði vegna atkvæðaveiða í næstu kosningum. Hafa aðrir landsbyggðarþingmenn tjáð sig mikið um málefni LbhÍ? – Ekki hef ég orðið mikið var við það. Ástæðan skyldi þó ekki vera að þeir hafa engan hag af því að ræða þessa hluti.

Landbúnaður á Íslandi þarf á öflugri menntastofnun að halda sem veitir þeim sem vilja sérhæfa sig í faginu bestu mögulegu menntun á hverjum tíma fyrir sig. Í nágrennalöndum okkar hafa skólar sem veita landbúnaðarmenntun breyst mikið á síðustu árum. Það þekki ég eftir að hafa stundað framhaldsnám í búvísindum í Noregi 2009-2011. Sú þróun hefur ekki enn átt sér stað hér á landi en mun gerast. Til að svo megi verða þurfa allir sem hagsmuna eiga að gæta að setjast niður og marka stefnu um hvernig þeir vilja sjá hlutina og hvernig sú stefna skal fjármögguð. Þegar sú niðurstaða er fengin verður hægt að ákveða framkvæmd breytinga, hvort það verður með sameiningu skóla mun tíminn leiða í ljós. Undanfarin ár hafa þeir sem ferðinni ráða verið duglegir við að ákveða ýmsar breytingar á þeim kerfum sem við búum við. Þeim breytingum hefur oft á tíðum fylgt lítil stefna og enn síður fjármunir til að framkvæma það sem gera þarf, svo breytingarnar virki.

Næstu samningar ríkis og bænda verða stefnumarkandi um margt sem snýr að málefnum landsbyggðarinnar. Vonandi bera menn gæfu til að senda skýr skilaboð um hvað framtíðin ber í skauti sér. Jafnframt þurfa menn að vera reiðubúin að leysa öll þau vandamál sem upp kunna að koma við framkvæmd samninganna, því þróun undanfarinna ára er líkleg til að halda áfram. Sú þróun hefur líka átt sér stað í nágrennalöndunum og þar má finna ýmsa hluti sem við skulum varast, þeir munu ekkert frekar virka hér en í nágrennalöndunum. Þetta eru hlutir sem geta ráðið því hvort ákveðin samfélög haldast í byggð eða ekki.

Öll í sama liði

Bændur þurfa einnig að standa saman sem ein heild og þar á ég við bændur í öllum búgreinum á Íslandi. Við erum öll í sama liði en þurfum jafnframt að vinna eftir settum leikreglum og vera dugleg að upplýsa grasrótina um gang mála. Það er lykilforsenda þess að fá fleiri til að starfa í félagsmálum bænda, þar mega núverandi forystumenn margt bæta í sínu vinnulagi. Á undanföllum árum hefur það stundum gerst að einstaka aðilar eða heil búgreinafélög hafa hlaupið útundan sér og veikt samstöðu heildarinnar því þeir telja stundarhagsmuni sína merkilegri en hagsmuni landbúnaðarinnar í heild. Ég vona að þeir sem draga vagninn hafi þessi orð í huga þegar kemur að því að velja leið á þeim krossgötum sem landbúnaðurinn er staddur á í dag.

Eyjólfur Ingvi Bjarnason
Bóndi, Ásgarði, Dalasýslu.

Varmadælur
Besta loft í loft dæla sem SP í Svíþjóð hefur prófað

SEER **9.1** SCOP **5.2**
INVERTER SYSTEM

Sparnaðar orkuflokkur **A+++**

LOFTTÆKNI Hvammsdal 4, 190 Vogar. Sími: 546 9500
Gsm: 892 8030. www.lofttaekni.is

Sígildir klossar
Ábyrgjumst gæði

... Þegar þú vilt þægindi

Teg. 45010
Litir: Blátt/Rautt/
Silfur/Lilla
Str. 36-42
Verð 17.990

Teg. 01011
Litir: Hvítt
Str. 36-48
Verð 17.990

Teg. 00045
Litir: Hvítt
Str. 35-42
Verð 13.900

Teg. 51143
Litir: Hvítt/Svart
Str. 35-46
Verð 16.900

00314 - Boston
Litir: Svart/
Hvítt
Str. 36-48
Verð 12.900

Praxis.is
Pantið vörulista

Bonito ehf. | Faxafan 10 | 108 Reykjavík | Sími 568 2878
Opið mánud. - föstud. 11:00-17:00. Lokað laugard.

Selen, E-, A- og D-vítamín á fljótandi formi, til inngjafar fyrir lömb, kálfa og kiðlinga

Góður valkostur við selenskortni í skepnum

BÚREKSTRARDEILD
BORGARNESI

Egilholti 1
310 Borgarnesi
Verslun opin 8-18 virka daga
10-14 laugardaga, sími: 430-5500

Sjá nánar:
www.kb.is

REYKJAVÍK Sími: 414-0000 /// AKUREYRI Sími: 464-8600 /// www.VBL.is

HAUGSUGUDÆLUR **Jurop**

Eigum til afgreiðslu Jurop haugsugudælar

Er haugsugudælan í lagi?

Eigum til og getum útvegað varahluti í flestar gerðir haugsugudæla

www.VBL.is
LANDBÚNAÐUR ehf.
NB Agriculture Ltd.

REYKJAVÍK
Krókháls 5F
110 Reykjavík
Sími: 414-0000

AKUREYRI
Baldursnes 2
603 Akureyri
Sími: 464-8600

Bændablaðið Smáauglýsingar 56-30-300
Næsta blað kemur út 30. apríl



Verð og framboð á sáðvöru og grasfræblöndum 2015

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins, RML, vekur athygli á að nýir listar yfir verð og framboð á sáðvöru og grasfræblöndum fyrir árið 2015 hafa nú verið birtir á heimasíðu RML.

Í nýju listunum eru eins og áður upplýsingar um allt fræ og blöndur sem eru til sölu ásamt verði sem og upplýsingum sem liggja fyrir um viðkomandi yrki í nýjasta Nytjaplöntulista Landbúnaðarháskóla Íslands.

Um leið viljum við minna á skráningarblöð í dráttarvélinu en eins og allir bændur þekkja vel er afar mikilvægt að halda vel utan um alla meðferð túna.



Skráning á áburðargjöf og uppskeru er þar einkum mikilvæg. Með tilkomu skýrsluhaldsforritsins Jörð.is hefur bændum verið auðveldað þetta utanumhald til muna. Þó er það þannig að ef skráning í Jörð.is er ekki gerð jafnóðum, verður að halda utan um skráninguna á pappír.

Til að auðvelda bændum þessa skráningu hefur Sigurður Jarlsson jarðræktarráðunautur tekið saman vinnuskjöl með túnakorti, sem nýtast vel til skráningar í dráttarvélinni.

Meðfylgjandi er sýnishorn af því hvernig skráningarblöðin líta út. Þeir sem óska eftir að fá sambærilegt vinnuskjal fyrir sín tún geta haft samband við Sigurð Jarlsson ráðunaut í síma 516-5042 eða sent honum tölvupóst í gegnum netfangið sj@rml.is

Stofn		Yrki	Sáðmagn kg/ha	Magn í sekk	Lifland	Fóður-blandan	Landstólpi	Bústólpi	SS sáðvara
Verð og framboð á grasfræblöndum 2015					Verð kr/kg án vsk				
Grasfræblanda K	Vallarf. Snorri 45 %, Vallarf. Jonatan 40%, Vallarsv. Sobra 15 %		25 - 30	15	749				
Rýgresisblanda LÍF	Vallarf. Snorri 45 %, Vallarf. Jonatan 40 %, Vallarrý Birger 15 %		25 - 30	15	749				
Fjölgrasablanda LÍF	Vallarf. Snorri 30 % Vallarf. Jonatan 30 % Hávingull Kasper 30 % Vallarsv. Sobra 10%		25 - 30	15	749				
Grasfræblanda 1 Sigild	Vf. Snorri 15%, Vf. Tuukka 20%, Vf. Tenho 20%, Vf. Engmo 30 %, Vallarrý Calibra 15 %		20 - 30	25		709			
Grasfræblanda 2 Heyfengur	Vf. Engmo 15 %, Vf. Snorri 15 %, Vf. Tuukka 15%, Vf. Tenho 20%, Hávingull Kasper 35%.		20 - 30	25		874			
Grasfræblanda 1a B/H	Vallarf Tenho 35 %, Vf. Tuukka 30%, Vf. Engmo 20%, Vallarsv. Sobra 15%.		20 - 30	25		732			
Grasfræblanda 2a Vallarfox	Vallarf. Tenho 25%, Vf. Tuukka 25%, Vf. Snorri 25%, Vf. Engmo 25%.		20 - 30	25		747			
Grasfræblanda 1 Bústólpi	Vallarf. Snorri 40%, Vallarf. Engmo 35%, Vallarf. Tenho 15 %, Vallarf. Tukka 10 %.		25 - 30	25				683	
Grasfræblanda 2 Bústólpi	Vallarf. Snorri 40 %, Vallarf. Engmo 35 %, Vallarsveifgr. Sobra 25 %		25 - 30	25				674	
Grasfræblanda 1 a. Búst.	Vallarf. Tukka 70 %, Vallarf. Tehno 20 %, Vallarsv. Baron 5 %, Vallarrý. Dunluce 5 %		25 - 30	25				692	
Grasfræblanda 2 a Búst.	Vallarfoxgras Tukka 75 %, Vallarsv. Baron 25 %		25 - 30	25				692	

Stofn		Yrki	Skv. ritinu - Nytjaplöntur á Íslandi 2014 sem og aðrar upplýsingar.	Sáðmagn kg/ha	Magn í sekk	Lifland	Fóður blandan	Bústólpi	Landstólpi	SS sáðvara
Verð og framboð sáðvöru 2015				Verð kr/kg án vsk						
Vallarfoxgras	Engmo	Norskt staðaryrki (Local cultivar). Mjög vetrarþolið, en sprettur lítið eftir fyrsta slátt.	20 - 25	10 - 20 - 25			556	615		510
Vallarfoxgras	Grindstad	Uppskerumikið og gefur meiri endurvöxt en norðlæg yrki, en vetrarþol ekki eins mikið og hjá þeim þögnustu. Það hentar því síður þar sem mikið reynir á vetrarþol.	20 - 25	10	718				890	
Vallarfoxgras	Jonatan	Ágætlega vetrarþolið. Uppskerumikið og gefur þokkalegan endurvöxt	20 - 25	10	718					
Vallarfoxgras	Jonatan Líf. rækt.	Ágætlega vetrarþolið. Uppskerumikið og gefur þokkalegan endurvöxt	20 - 25	10	1.099					
Vallarfoxgras	Korpa	Mjög vetrarþolið. Sprettur vel fyrri hluta sumars, en lítið eftir fyrsta slátt.	20 - 25	10	718					
Vallarfoxgras	Snorri	Afrakstur samnorænna kynbóta. Valdar plöntur héðan og úr nyrstu héruðum grannlandanna. Mjög vetrarþolið, nokkuð uppskerumikið en gefur lakari endurvöxt en bestu yrkin.	20 - 25	10	718		636	628		
Vallarfoxgras	Switch	Uppskerumikið og gefur meiri endurvöxt en norðlæg yrki, en vetrarþol ekki eins mikið og hjá þeim þögnustu. Það hentar því síður þar sem mikið reynir á vetrarþol.	20 - 25	10	718					720

Bækur & tónlist




Leigubílstjórinn, jeppakarlinn, ljóðskáldið, tónskáldið og málarinn úr Eyjafirði, Hafsteinn Reykjalín Jóhannesson.

Með nýja ljóðabók og geisladisk á 75 ára afmælinu

Hafsteinn Reykjalín Jóhannesson, leigubílstjóri, listmálari, tón- og ljóðskáld gaf út nýja ljóðabók og geisladisk í tilefni af 75 ára afmæli sínu þann 1. apríl síðastliðinn. Ljóðabókin ber nafnið *Á lygnum sjó* og inniheldur yfir 90 ljóð og geisladiskurinn sem heitir *Lífið er dans* inniheldur 12 ljóð og lög eftir Hafstein.

Hinn síungi og eldhressi Hafsteinn segir í formála ljóðabókarinnar að hann hafi verið svo heppinn að fá tækifæri til að njóta leiðsagnar Þórðar Helgasonar í gegnum Ljóðahópinn Gjábakka. Hópurinn hefur starfað í 15 ár og gefið út jafn margar ljóðabækur. Auk þess að taka þátt í þeirri útgáfu hefur Hafsteinn gefið út eigin ljóðabækur og er bókin *Á lygnum sjó* þriðja ljóðabók höfundar sem hann gefur út á eigin vegum. Þess má geta að kápumynd bókarinnar er einnig eftir Hafstein. Þá er geisladiskurinn *Lífið er dans* annar í röðinni, en fyrri geisladiskurinn, *Ljúfar stundir*, var einnig með textum og lögum eftir höfundinn. Fékk Hafsteinn landsþekkt listafólk til að

annast hljóðfæraleik og söng. Á nýja diskunum eru 11 frumsamin lög og ljóð með 5 þjóðþekktum söngvurum, þeim Ara Jónssyni, Edgar Smára, Páli Rósinkrans, Soffíu Karlsdóttur og Þuríði Sigurðardóttur. Eru þau útsett og leikin af snillingnum Vilhjálmi



Guðjónssyni tónlistarkennara.

Í tilefni af 75 ára afmælinu gaf Hafsteinn Tónlistarsafni Íslands hluta af verkum sínum. Þar er um að ræða nótnahefti með 40 lögum og ljóðum eftir hann, sem flest eru útsett af Össuri Geirssyni en sum af Vilhjálmi Guðjónssyni. Einnig 5 lög útsett fyrir 4 radða kór við texta Eldriþorgara í Kópavogi í útsetningu Össurar. /HKr.

FESTOOL



Batterís Höggborvél

Hægt að slökkva á höggi, Þyngd 2,6 kg m. batteríi.

Verð: 60.547 kr. með VSK



Batterís Skrúfvél

Þyngd 2,1 kg m. magasíni og batteríi.

Verð: 70.921 kr. með VSK



Batterís Borvél

4 gírar, 1,5-13mm patróna. Þyngd 1,8 kg m. batteríi.

Verð: 55.255 kr. með VSK



Batterís Borvél

2 gírar, 1,5-13mm patróna. Þyngd 1,7 kg m. batteríi.

Verð: 47.421 kr. með VSK



Batterís Stingsög

1500-3800 str/min, Þyngd 2,4kg m. batteríi.

Verð: 65.416 kr. með VSK



Batterís Sleðasög

Gengur á 1 eða 2 batteríum og afköstin eru á við snúrúsög.

Verð: 96.325 kr. með VSK



Batterí

18V 5,2Ah-Li Ion batterí.

Verð: 20.562 kr. með VSK



Hleðslutæki

Mjög fyrirferðarlítið, veggfesting og einfalt að koma snúrunni fyrir

Verð: 11.427 kr. með VSK



Batterís Borvél 10,8V

Þyngd 0,9kg með 2,6Ah batteríi. Kemur í tösku með hleðslutæki og 2 batteríum.

Verð: 45.094 kr. með VSK



Batteri - Borvél 10,8V

2 gírar og 12 torkstillingar, 10,8V. Kemur í tösku með hleðslutæki og 2 batteríum.

Verð: 45.094 kr. með VSK

ÁRMÚLI 17
533 12 34
WWW.ISOL.IS

ÍSÓL

Bændablaðið Smáauglýsingar 56-30-300

Dreift í 32 þúsund eintökum á 395 dreifingarstaði

B&B Guesthouse

Á leiðinni til útlanda?

Innifalið í verði er gisting, morgunverður, keyrsla í flug, geymsla á bíl og skil á bíl við flugstöð við heimkomu

2 manna herbergi

9.000 kr

Hringbraut 92, í miðbæ Keflavíkur 867-4434 & 421-8989
www.bbguesthouse.is

Steinsagir, kjarnaborvélar, gólf og vegsagir.

ALLT FYRIR ATVINNUMANNINN



Husqvarna®



HUSQVARNA
FS 400 LV



HUSQVARNA
K 760
Sögunardýpt 12,5 cm.




HUSQVARNA
K 3600 MK II
Sögunardýpt 27 cm.



HUSQVARNA
K 2500
Sögunardýpt 14,5 cm.



HUSQVARNA
DM 230



Steinsagarblöð og kjarnaborar.



AKRALIND 4 • 201 KÓPAVOGUR • SÍMI 544 4656 • FAX 544 4657 • www.mgh.is

www.husqvarnacp.com



Nautakjötsframleiðsla:

Vangaveitur um fóðrun, aðbúnað og bústjórn

Í meginatriðum skiptist búgreinin í tvær framleiðslulínur, hjarðeldi byggt á holdakúm eða uppeldi á aðkeyptum eða eigin gripum úr mjólkurframleiðslu. Margt eiga þessar framleiðslulínur sameiginlegt en einnig er margt sem skilur að.

Góð fóðrun og aðbúnaður eru stórar forsendur þess að gripur nái að skila því sem ætlast er til út frá þeim markmiðum sem bóndinn setur sér, hvor framleiðslulínan sem er valin. Horfa þarf gagnrýnum augum á búið sitt þótt vel gangi, spyrja sig spurningar og láta móðu hversdagsleikans ekki yfirtaka skýra hugsun og yfirsýn. Margar spurningar geta vaknað en gott er að þær skjóti upp kollinum annað slagið því það gefur til kynna að framleiðslan er undir gagnrýnu eftirliti.

Fóðrun gripa

Hvað er verið að gefa nautgripum í uppeldi? Vaxtarhraðatilraun á Möðruvöllum, sem fékk fyrstu kynningu á síðasta Fagþingi LK, hefur sýnt að forskot náðist meðal nauta sem fengu betra eldi fram til 150 daga aldurs heldur en hinir. Þótt tilrauninni sé ekki lokið þá hefur annar hópurinn haldið vaxtarforskoti sem þeir fengu í upphafi og væntingar benda til að fyrir megi ná settum markmiðum, t.d. um lokaþunga, heldur en hjá hinum gripunum. Einhverjir spyrja sig að því hvort þetta sé nokkuð hægt hjá hinum almenna bónda, þá er spurt á móti; af hverju ætti það ekki að ganga? Þetta eru aðkeyptir gripir þar sem fóðrun og aðbúnaður er í lagi, með stýrðu eftirliti.

Er próteinþörfum yngri gripa uppfyllt og orkuþörf eldri gripa fullnægt? Hver er hentugur fóðurstyrkur? Fjá gripir nægt vatn að drekka? Er hugað að uppfylla steinefnaþörf? Eða er bara hent í þessa gripa einhverju heyi, stundum móði frá öðrum gripum, af því að þessir gripir eru duglegir að éta það sem fyrir þá er lagt? Þá er spurt, eru þeir duglegir því þeir vilja lifa af og hafa ekkert annað? Mætti ekki taka heysýni og skoða heygæði og gera fóðuráætlun, hvort sem það er á hverju ári eða annað hvert ár sé gróffóður sambærilegt milli ára? Ná fram því mesta sem gripur hefur að bjóða? Miða þarf áætlanir við þarfir gripa á mismunandi tímabilum, hvort sem það er áætlun holdakýr eða unngripa í vexti, því hægt er að gera áætlun frá fæðingu kálfs til slátrunar.

Aðbúnaður – Vaxtarrými gripa og meðhöndlun

Með tilkomu nýrrar aðbúnaðarreglugerðar fyrir nautgripa, nr. 1065/2014, má velja fyrir sér hvort einhverjir hlutar ákvæða hennar séu ekki uppfylltir við uppeldi gripanna á búinu. Hægt er að fjalla um marga þætti en vaxtarrými er ein þeirra forsenda sem hefur áhrif á vaxtarhraða gripa. Fyrir þá sem ala gripa í stúum kemur m.a. fram að „stúur fyrir gripa í uppeldi skulu þannig gerðar eða þá margar að hægt sé að skilja misstóra gripa að“. Annars staðar stendur líka að „óheimilt er að halda gripa í uppeldi saman í stú þar sem aldursmunur og/eða þyngdarmunur



Falleg mynd af holdakú og kálfi.

Mynd / Halla Eygló Sveinsdóttir

Tafla 1.

Lágmarks krafa um stærð stía án legubása fyrir nautgripa

skv. aðbúnaðarreglugerð nr. 1065/2014.

Gripir	Mesti aldur, mán. (mesta þyngd, kg)	Rimlagólf – Heildarstærð, m ² /grip
Kálfar	6 mán. (u.þ.b. 150 kg)	1,5
Aðrir nautgripir	18 mán. (u.þ.b. 350 kg)	2
Aðrir nautgripir	> 18 mán. (350-550 kg)	2,5
Aðrir nautgripir	> 18 mán. (> 550 kg)	3

er verulegur þannig að það valdi einelti, vanfóðrun eða vanþrifum“. Þá kemur fram tafla í viðauka reglugerðarinnar þar sem tilgreint er áætlað lágmarks vaxtarrými gripa miðað við aldur og þunga – afrít af þessari töflu má sjá hér að neðan.

Þegar horft er yfir fjósið, getur borgað sig að fækka gripum í stúu og fá í staðinn fljótvaðtari og veglegri gripa ef miðað er við ofangreindar upplýsingar? Skert vaxtarrými dregur úr vexti sem nemur auknum kostnaði við fóðrun gripa.

Er aðbúnaður ungválfar á mjólkurskeiði, hvort sem gripur gengur undir móður eða er gefið mjólk, og fyrst þar á eftir ásættanlegur? Ungir kálfar hafa mikið yfirborð miðað við lífþunga og eru sumir hverjir holdgrannir. Umhverfi hefur því talsverð áhrif á yngri grip en eldri við sambærilegar aðstæður. Ef þeir eru aldir í stúum með steinbitagólf er hægt á einfaldan og ódýran máta að útbúa legupalla t.d. úr Euro-vörubrettum (80x120 cm) til að auka velferð þeirra. Bretti væri klætt með timbri á milli rifa og fest t.d. básamotta ofan á. Til að ná kröfum um 3–8% halla, skv.

reglugerð, væri innri endi hækkaður með 10,5 cm þykku timbri sem fest er undir brettið. Frágangur þarf þó að vera slíkur að gripir geti ekki fest fætur á pallinum, milli rifa eða slíkt. Gangi kálfur með móður væri hægt að búa til hreiðurkassa sem væri sambærilegur legupallur með hliðum til að hindra að kýrin fari á pallinn en kálfurinn komist inn og út eftir hentisemi. Skv. reglugerðinni er krafa um að viðkomandi legusvæði sé að lágmarki 1 m² fyrir hvern 100 kg lífþunga og miðað við að fæðingarþungi íslenskra kálfa er um 35 kg þá gæti eitt bretti sinnt um það bil tveimur kálfum á meðan þeir eru um 30–50 kg lifandi þunga hver.

Mikilvægt er að hugsa flæði framleiðslunnar frá upphafi til enda m.t.t. aðbúnaðar. Í hjarðeldi þarf að meðhöndla gripa líkt og í stúeldi, en við hvaða aðstæður er það gert? Við meðhöndlun gripa þarf að gæta að öryggi bæði manna og gripa og tryggja að gripir komist óhindrað og óhræddir um aðhaldssvæði gripanna. Það eitt að vera með prik með poka á endanum til rekstrar án þess að fara inn á svæði sem gripirnir standa á, eykur öryggi til muna. Hvort sem um er að ræða í stúum eða í rekstrarhólfi. Þarf að betrubæta aðhalds- og meðhöndlunaraðstöðu fyrir gripa á búinu? Við hönnun meðhöndlunaraðstöðu þarf að hafa langtímamarkmið framleiðslunnar í huga en hægt er að setja sér þrjá

stefnupunkta:

- Verð að gera: eitthvað sem mun skipta miklu máli fyrir bónda og grip m.t.t. öryggis
- Ætti að gera: ekki nauðsynlegt en myndi betrubæta aðbúnaðinn
- Langar að gera: ekki mikilvægt en fjárfestingin myndi vera til bóta fyrir framtíðina

Öll meðhöndlun þarf að vera yfirveguð, hvort sem það er að reka grip upp á slátrubíl eða í rennu til að fara í vigtun. Ef bóndinn er yfirvegaður er gripurinn yfirvegaður.

Bústjórn

Áður hefur verið fjallað um bústjórn í öðrum búgreinum en þessi pistill á að miða að nautakjötsframleiðslu. Þótt komi fram athugasemdir um að hún sé lítilvæg og óarðbær hliðarbúgrein við mjólkurframleiðsluna þá er hún búgrein með eftirspurn afurða sem veita þarf virðingu líkt og öðrum búgreinum. Eftirspurnin sem er til staðar ætti að virka sem frekari hvatning til bænda að vanda enn betur til verka og bæta framleiðsluna þar sem hægt er.

Stunda mjólkurframleiðendur það nógu markvisst að velja sér gripa til framræktunar og nota aðra gripa til kjötframleiðslu t.d. með holdanautasæði? Kynbótaáætlanir í mjólkurframleiðslu geta styrkt nautakjötsframleiðslu til muna ef hugsað er fyrirfram í hvað gripurinn á að nýtast. Í framhaldi af þessu má velja fyrir sér er bóndi í mjólkurframleiðslu líka í nautakjötsframleiðslu eða hentar frekar að gera samning við nautakjötsframleiðendur um kaup á kálfum sem ekki nýtast í mjólkurframleiðslu en nýtast annars staðar í nautakjötsframleiðslu? Þá um leið má skapa gott rými til uppeldis á gripum á hvorri framleiðslueiningu fyrir sig. Þeir bændur sem kaupa gripa þurfa að gera ákveðnar kröfur til gripa sem keyptir eru. Er hann búinn að fá nægan brodd, er hann

heilbrigður eða er hann með skitu, innfallinn eða úfinn? Hvernig er flutningur og meðhöndlun við komu í nýtt umhverfi? Hvernig grip á að byggja nautakjötsframleiðsluna á?

Bústjórn felur m.a. í sér að setja raunhæf markmið og finna hvaða leiðir á að fara til að ná þeim markmiðum. Yfirsýn yfir framleiðsluna hjálpar verulega til við að ná markmiðum ásamt því að hafa skapað sér umhverfi sem nýtist við eftirlit og mælieiningar á hvernig gangi að ná markmiðum. Skýrsluhaldskerfi nautgripaþektar, Huppa.is, er verkfæri sem nýtist í nautakjötsframleiðslu þótt aðaláhersla þess sé á mjólkurframleiðslu. Þar er hægt að skrá inn upplýsingar, halda utan um ætterni, frjósemi holdakúa, halda utan um skiptingu framleiðslukyns, skrá þunga, sjá slátrufirlit, halda utan um burð gripa o.s.frv., allt eftir því hvernig menn kjósa að nýta sér það sem forritið hefur upp á að bjóða.

Líkt og áður hefur verið nefnt hefur þessi búgrein ekki verið talin arðbær en er vitað hver kostnaðurinn er? Er sundurgreining á kostnaðarliðum tengd nautakjötsframleiðslu ef önnur framleiðsla er á búinu? Til að vita hvar veikleikar eða styrkleikar framleiðslunnar liggja, þarf að vinna með raunhæfar forsendur til að bæta afkomu og rétta stöðu búgreinarinnar.

Annað bústjórnarverkfæri er gripurinn sjálfur. Hvað er gripurinn að segja okkur? Hvernig er hann heilsufarslega, atferlislega og hverju skilar hann? Gripur lýsir því sem fyrir honum er haft. Ef fóðrið er gott, nægt vaxtarrými og gripur er heilbrigður skilar hann meira til bónda heldur en gripur sem líður skort. Þetta vita allir en gera menn sér grein fyrir því í hvaða ástandi fjósið er hjá þeim þótt það flokkist ekki slæmt? Mikilvægt er því að horfa yfir fjósið, fylgjast með fóðrun, meðhöndla gripa og gera videigandi ráðstafanir því það skilar sér til baka.

– Verum tilbúin fyrir framtíðina.

Líf og lyst

BÆRINN OKKAR

Við hjónakornin erum bæði fædd og uppalin í Reykjavík en leiðir okkar lágu saman í Bændaskólanum á Hvanneyri.

Við vorum svo heppin að okkur óskyld en alls ekki ókunnug hjón, þau Gunnlaugur Halldórsson og Guðrún Kristjánsdóttir, seldu okkur jörðina Brattavelli á Árskógsstönd, árið 2001. Þá jörð seldum við svo um vorið 2013 og festum þá kaup á Dagverðareyri sem hafði verið í ábúð sömu ættar í tæp 250 ár.

Býli: Dagverðareyri.

Staðsett í sveit: Hörgársveit, Eyjafirði.

Ábúendur: Haraldur Jónsson og Vaka Sigurðardóttir.

Fjölskyldustærð (og gæludýra):

Við hjónin Halli og Vaka og svo strákarinn okkar fjórir. Jón Ingi (16) Bjarki Jarl (14) Hlynur Atli (10) og Heiðar Aron (3). Gæludýrin eru svo hinn ómissandi hundur hann Kubbur (9) og fjósakötturinn Lótus kallaður Lói (1).

Stærð jarðar? 100 ha allir ræktaðir.

Gerð bús? Mjólkurbú.

Fjöldi búfjár og tegundir? 85 mjólkurkúr, ásamt kvígum í uppeldi.

Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig á bænum? Dagurinn byrjar á mjóltum og

endar á sömu nótum. Þess á milli er farið í þau verk sem fyrir liggja hverju sinni en það getur verið allt milli himins og jarðar.

Skemmtilegustu/leiðinlegustu bústörfin? Halla finnst skemmtilegast að byrja að slá og allt í sambandi við ræktun og heyskap. Vöku finnst gaman svona flest allt sem viðkemur búfjárrækt. Leiðinlegast er að kljást við óæskilegar plöntur eins og blessaðan njólann, að ónefndum kerflinum.

Hvernig sjáid þið búskapinn fyrir ykkur á jörðinni eftir fimm ár? Halda áfram að byggja upp búíð með möguleika á stækkun. Bæta aðstæður fyrir menn og skepnur og halda áfram endurræktun.

Hvaða skoðun hafið þið á félagsmálum bænda? Það er gott þegar öflugt fólk velst til þessara starfa. Nauðsynlegt er að forystumenn og -konur í félagsmálum okkar hlusti vel á grasrótina, og taki mark á henni. Ekki er það alltaf svo og er það miður.

Hvernig mun íslenskum landbúnaði vegna í framtíðinni? Honum mun vegna mjög vel beri okkur gæfa til að hlúa að því sem við eigum og höfum. Fara óhrædd inn í framtíðina og nýta okkur vel sérstöðu okkar að öllu leyti.

Dagverðareyri



Hvar teljið þið að helstu tækifærin séu í útflutningi íslenskra búvara?

Tækifærin liggja í að halda hátt á lofti hreinleika okkar búvara. Það

skapast að hluta til af því hvar við erum stödd á jarðarkringlunni, vatnið og loftið er hreint, svo notum við líka lítið af lyfjum og eitrefnum í samanburði við aðrar þjóðir svo fátt eitt sé nefnt. Að ógleymdri þeirri sérstöðu að búa með þúsund ára gamalt kúakyn, það er nú eitthvað.

Hvað er alltaf til í ísskápnum? Mjól, ostur, smjör, súrmjól og rabarbarasulta.

Hver er vinsælasti maturinn á heimilinu? Heimagerð pítsa a la Vaka og svo brilljant nautakjöt frá B. Jensen.

Eftirminnilegasta atvikið við bústörfin? Ætli það sé ekki þegar við hófum búskap á Brattavöllum og síðan þegar við tókum við hér á Dagverðareyri.



MATARKRÓKURINN — BJARNI GUNNAR KRISTINSSON MATREIÐSLUMEISTARI

Vorrúllur með austurlensku ívafi og alíslenskar steikur

Vorrúllur eru fullkominn valkostur í matinn þegar hlýrri dagar eru í sjónmáli. Hér er vorrúlluuppskrift í vietnömskum stíl en þær eru ekki steiktar eins og kínversku rúllurnar sem fólk þekkir úr frystinum.

Í rúllunum er ferskt grænmeti, jurtir og rækjur eða svínakjöt (eða bara það sem fólk á í kælinum). Það er líka hægt að blanda saman rækjum og svínakjöti sem gefur skemmtilega bragðsamsetningu.

Lambakjötið er hægt að elda á ótal vegu og hér á eftir notum við bygg og blómkál sem meðlæti. Nautakjöt með béarnaise-sósu svíkur engan frekar en fyrri daginn.



Vorrúlla með svínakjöti og rækjum.

Vorrúllur með svínakjöti og rækjum

- › 1 pakki þunnar hrísgrjónanúðlur (vermicelli)
- › 200 g beinlaust svínakjöt (lund)
- › 2 matskeiðar hrísgrjónaedik
- › 100 g miðlungsstórar rækjur (tígris rækjur eða venjulegar úthafs rækjur)
- › 8 blöð hrísgrjónapappír (blaðsdeig – e. Vietnamese rice paper)
- › Ferskar kryddjurtir (ef þær eru til)
- › 1 lítið höfuð af blaðsalati eða spinat
- › 100 g gúrkur, fint skornar



Úrbeinaður lambahryggur, ristað blómkál og döðlubbygg.

- › 2 heilar gulrætur, skornar í strimla
- › 3 msk. Hoisin-sósa
- › 50 ml kókosmjólk
- › 1 tsk. sesamolía
- › 50 g jarðhnetur, muldar (eða 3 msk. hnetusmjör)

Undirbúningur

Setjið yfir stóran pott af vatni. Setjið núðlur í skál af köldu vatni þar til þær eru línar (tekur um 7 mínútur). Setjið í sigti og skolið undir köldu vatni í 30 sekúndur eða þar til þær eru kaldar.

Bætið við svínakjöti og 1 msk. edik í sjóðandi vatnið. Dragið til hliðar og eldið þar til kjöthitamælir sýnir 65°C eða í um 8 mínútur. Takið upp úr vatninu og látið kólna að stofuhita. Skerið í mjög þunnar sneiðar.

Í sama vatni, eldið rækju í um 2 mínútur (tígrisrækjur) en 30 sek. fyrir íslenskar því þær eru forsoðnar. Skerið grænmetið.

Annaðhvort er haft volgt vatn á matarborðinu og allir dýfa

Úrbeinaður lambahryggur, ristað blómkál og döðlubbygg

- › ½ stk. lambahryggur
- › 1 ½ tsk. salt
- › ½ tsk. svartur pipar
- › 1 msk. matarolía
- › 2 msk. smjör
- › 2 ferskt timjan eða rósmaríngrainar
- › 1 stk. ristað blómkál
- › 200 g soðið perlubbygg
- › 100 g saxaðar döðlur (kryddað með sítrónu, ólífuolíu og hvítlauk)



Alvöru nautafillesteik béarnaise.

Aðferð

Úrbeinið hrygginn til að flýta fyrir pönnusteikingu eða bakið í ofni með gamla laginu. Kryddið með salti og pipar.

Hitið olíu í yfir miðlungshita þar til hún er vel heit. Brúnið kjötið á öllum hliðum í um 6 mínútur samtals. Bætið við smjöri og timian/ rósmaríni og haldið áfram að elda með blómkálinu. Takið fituna og smjörið og ausið yfir kjötið og blómkálið með skeið. Steikið upp í 60°C sem er miðlungssteikt. Látið standa í 10 mínútur.

Framreiðið með byggi sem búíð er að sjóða og blanda í söxuðum döðlum og krydda með einu hvítlausrifi, safu úr einni sítrónu og ögn af ólífuolíu. Saltið og piprið byggið.

Alvöru nautafillesteik béarnaise:

- › 1 stk. nautafille (hryggvöðvi)
- › 2 greinar garðablóðberg

- › 1 geiri hvítlaukur
- › 15 ml olía
- › 30 g smjör
- › salt og pipar

Aðferð

Nautahryggvöðvinn er hreinsaður af sinum og fitum. Saltið og piprið. Steikin er grilluð vel á báðum hliðum (1–2 mín. á hvorri hlið).

Síðan er lundin sett í ofnskúffu með garðablóðbergi, olíu og hvítlauk og látin hvíla í 10 mín.

Skerið í þunnar sneiðar og stráðið salti í sárin. Hryggvöðva þarf að skera þunnst svo hann verði ekki seigur.

Béarnaise-sósa

- › 250 ml smjör
- › 2 eggjarauður
- › 1 msk. Dijon sinnep
- › 1 tsk. vatn
- › 2 tsk. Béarnaise bragðefni eða 2 msk. hvítvinsedik eða smá sítrónusafi
- › Ferskt eða þurrkað fáfnisgras (estragon)
- › Salt og pipar

Aðferð

Hrærið eggjarauður í hrærivél (eða í höndunum) með Dijon-sinnepi. Færið yfir hita, með vatni í potti, svo gufan hiti upp skálina. Bætið í smjöri í mjórri hægri bunu, þynnið út með vatninu.

Bætið í ediki eða bragðefni og kryddið til með fáfnisgrasi, salti og pipar.

Passið að sósan hitni ekki of mikið því þá eldast eggjarauðurnar og sósan skilur.

Ungbarnabylgjuteppi

Ég er búin að sjá mörg falleg teppi prjónuð og heklud úr Basak-garninu, það er til í svo mörgum fallegum litum að það er endalaust hægt að raða saman fallegum litasamsetningum. Svo er það svo drjúgt í prjóni en það er í 100 g dokkum.

Nýlega eignaðist ég fallegan lítinn ömmustrák og þá var tilvalið að skella í bylgjuteppi handa honum og blátt skyldi það vera því hann var fyrsti strákurinn í þeirri fjölskyldu. Það var nóg garn í hosur líka svo þær flutu með.

Þetta mynstur er einfalt þar sem mynsturprjónið er bara í 4 hverri umferð þannig að það er fljótpnjónað og hægt að prjóna það yfir sjónvarpinu.

Teppið mælist 70 x 72 cm en þið getið bæði lengt það og breikkað.

Þá hleypur mynstrið á 12 l og hver bekkur á 4 umferðum en passa að byrja og enda á sama lit.

Efni: Basak frá Kartapu, útsölustaði og liti getið þið séð á www.garn.is.

1 dokka í lit.

No 010 hvítt, no 540 ljósblátt og no 530 fánablátt.



Tölur 5–6 stk. sjá www.garn.is Töluland, mikið úrval af tölum og upplýsingar um sölustaði.

Prjónar:

nr 4,5 og heklunál nr 3.

Aðferð:

Byrjað er á dekkri bláa litnum svo ljósbláa þá hvíta litnum og prjónaðar 4 umferðir af hverjum lit í rendur. Alltaf er skipt um lit á mynsturumferðinni.

Fitjið upp 160 L á hringprjóninn mjög laust með dekkri bláa litnum, jafnvel gott að leggja sama 2 prjóna og draga svo annan prjóninn út úr lykkjunum þegar uppfittjun er lokið til að hafa það nógu laust.

Prjónið nú fram og til baka fyrstu 3 umferðirnar slétt, fyrsta umferðin er rangan.

Þá er mynsturumferð sem er endurtekin í fjórðu hverri umferð og hún er alltaf frá réttu. Prjónið 8 L slétt takið 2 l saman þrisvar sinnum* slá uppá og prjóna 1 l sl 6 sinnum, 2 l saman 6 sinnum* prjónið þannig þar til 14 l eru eftir á prjóninum þá eru prjónaðar 2 l saman 3 sinnum og 8 l slétt.

Ein umferð brugðin til baka, næsta umferð slétt og síðan ein umferð brugðin til baka.

Nú kemur sams konar mynsturumferð og fyrr en nú er skipt um lit og ljósblái liturinn prjónaður 8 L sl, 2 l saman 3 sinnum og svo* endurtekið* þar

til 14 l eru eftir á prjóninum sem eru prjónaðar slétt. Þá er skipt yfir á hvíta litinn og prjónað á sama hátt þar til komnar eru 13 ljósbláar rendur, 13 hvítar eða eins og þið viljið hafa teppið langt endað er á dekkri bláa litnum og prjónaðar að lokum 3 bláar umferðir slétt.

Fellt af mjög laust.

Nú er gott að hekla allan hringinn með fastaheklil til að styrkja kantana.

Því næst hekla takka yfir fastaheklil þannig. 1 fastap í fyrstu l, 3 loftlykkjur, 1 fastapinni í fyrstu loftlykkjuna hlaupa yfir 1 fastapinna og hekla fastapinna í þar næsta fastapinna. Endurtaka allan hringinn. Ganga frá endum. Þvo og leggja flatt til þerris.

Ungbarnahosur:

Þessar hosur eru í stíl við teppið þannig að byrjað er á sama mynstri og lýst er í uppskriftinni af teppinu.

Fitjað mjög laust upp 36 l á 3 sokkprjóna nr 4 með dekkri bláa litnum, gott er að nota stutta bambusprjóna þar sem þetta er svo smátt stykki. 12 L á hvern prjón.

Prjóna núna í hring 3 umferðir slétt og síðan mynstur eins og lýst var í teppinu nema



nú eru prjónaðar saman 2 l, 6 sinnum og slegið uppá og prjónuð 1 l slétt 6 sinnum. 3 sléttar umferðir á milli. Næst kemur ljósblátt og svo hvítt. Skipt um lit í mynsturumferð.

Prjónaðar 3 rendur með mynstri blá, ljósblá og hvít. Prjóna eina umferð slétt eftir það og eftir það með ljósbláa það sem eftir er af hosunni. Því næst er prjónað stroff 1 L slétt og 1 lykkja brugðin 5 umferðir.

Nú er prjónuð ein gataröð þannig: 2 l prjónaðar slétt saman slegið uppá, endurtekið allan hringinn. Nú eru allar lykkjur geymdar nema 10 L beint fyrir framan eitt mynstrið en þær eru prjónaðar slétt fram og til baka 3,5 sm.

Takið nú upp 6 L sitt á hvorri hlið og prjónið nú slétt í hring allar lykkjurnar 6 umferðir. Þetta eru hliðarnar á hosunum.

Nú eru aftur geymdar allar L nema 10 L á móti lykkjunum 10 sem prjónaðar voru áður og þær prjónaðar slétt fram og til baka en það er sólinn á hosunum. Prjónið tunguna þar til hún er jafn löng og hliðarnar. Mér finnst gott að lykkja saman þessar 10 L við hælinn og sauma saman í hliðunum en þið getið líka bara fellt af þegar sólinn er orðinn nógu langur og saumað sólann við hliðarnar og hælinn.



Leiðrétting

Í síðasta blaði urðu þau leiðu mistök að skýringamynd vantaði í prjónahornið. Hér eru því birtar báðar skýringamyndirnar eins og til stóð.

Gengið frá endum. Snúa saman snúru úr öllum litunum sem passar á lengdina og draga hana í gegnum gataröðina. Binda slaufu að framan.

Góða skemmtun og gleðilegt sumar en sumardagurinn fyrsti er í næstu viku.

Vonandi verður þá farið að glitta í vorið.



Létt

3							1
	2						
		1	6	8	4	7	
		2			5		4
	8		3				9 7
						1	
8							3
	6			2	1		4
	5		9				

Miðlungs

2					3	5		9
	8			1				
	7			6				8
		5					7	
		8	6		4			
		2			8	6		4
			2			1	4	5
9		1						
			8					3

Pung

	2	5			9	3	4	
1				3				9
				7				
3		6						
	9			4			5	
						2		3
			5					
6				9				8
	3	8	4			1	9	

Þyngst

		8			2	9		
			5			6		
7	2							3
1				4				5
	3			8				2
8							1	7
		6			3			
	3					5		

Sudoku

Galdurinn við Sudoku-þrautirnar er að setja réttar tölur, frá 1–9, í eyðurnar. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar í línu lárétt og lóðrétt og heldur ekki innan hvers reits sem afmarkaður er af sverari línunum.

FÓLKID SEM ERFIR LANDIÐ

Skammarkrókurinn var pappakassi

Símon Snorri æfir fótbolta og blak og hann hefur dálæti á risaædlum. Hann segir of snemmt að ákveða hvað hann ætlar að gera þegar hann verður fullorðinn en hann segir að það leiðinlegasta sem hann geri sé að taka til í herberginu sínu.

Nafn: Símon Snorri Björnsson.

Aldur: 9 ára.

Stjórnumerki: Steingeit.

Búseta: Kálfafelli 1B.

Skóli: Kirkjubæjarskóli á Síðu.

Hvað finnst þér skemmtilegast í skólanum? Fótbolti.

Hvert er uppáhaldsdýrið þitt? Risaædla.

Uppáhaldsmatur: Hamborgarar.

Uppáhaldshljómaveit: Pollapönk.

Uppáhaldskvikmynd: Ben 10.

Fyrsta minning þín? Skammarkrókurinn sem var pappakassi.

Æfir þú íþróttir eða spilarðu á



hljóðfæri? Æfi fótbolta og krakkablak.

Hvað ætlar þú að verða þegar þú verður stór? Það er svolítið snemmt að ákveða það núna.

Hvað er það klikkaðasta sem þú hefur gert? Hoppa niður af hlöðuþakinu í hey.

Hvað er það leiðinlegasta sem þú hefur gert? Taka til í herberginu mínu.

Gerðir þú eitthvað skemmtilegt í sumar? Fór í sumarfrí norður.

Vélabásinn

liklegur@internet.is



Benz M-Class 250:

Alltaf jafn sérstök tilfinning að keyra Benz

Í gegnum tíðina hefur Benz alltaf verið þekktastur fyrir góða endingu, mikið öryggi og mjög góða aksturseginnleika.

Á dögunum prófaði ég Mercedes Benz M-Class 250 með fjögurra strokka dísilvél sem á að skila 204 hestöflum. Mér leiddist ekkert prufuaksturinn, en eftir um 100 km akstur hugsaði ég eitthvað á þá leið: Það þarf ekkert að skrifa um þennan bíl, hann selur sig sjálfur.

Val um fimm mismunandi vélar í M-Class

Bíllinn sem ég prófaði var sá smæsti í „M-fjölskyldunni“ frá Benz og heitir Mercedes Benz M-Class 250. Þótt vélin væri sú smæsta skilar hún samt 204 hestöflum og er snögg upp á snúning þegar gefið er í, en rúmtak dísilvélarinnar er ekki nema 2143cc, en þrátt fyrir að vélin sé frekar lítil er tog hennar á lágum snúningi ágætt, þó er virkni vélarinnar skemmtilegust í efri mörkum snúnings. Sjálfskiptingin er sjö þrepa (G-TRONIC PLUS skipting) og finnur maður nánast aldrei þegar skiptingin fer á milli þrepa. Sama skiptingin er í öllum Bens M-Class bílunum, en vélararnar eru 5 mismunandi, allt frá þessari vél sem ég prófaði og upp í 525 hestafla vél með 5461cc vél, en bíll með þá vél kostar yfir 25 milljónir.

Drifbúnaður í M-Class skilar hámarks gripi áfram

Benz var einn af fyrstu framleiðendum bíla með spólvörn og hefur sífellt verið að betrubæta hana. Þegar ég tók á drifbúnaðinum í hálfu á stað þar sem mikil hálfu var í öðru hjólfarinu færði drifbúnaðurinn allan kraft í hjólin sem höfðu grip. Eins þegar ég stoppaði uppi á klaka með framdekkinn og tók svo ákveðið af stað var allt átakið á afturhjólin, það sama gerðist þegar ég bakkaði upp á svellbunkann og fór ákveðið af stað, þá færðist átakið á framhjólin. Þó var eitt sem ég varaði mig ekki á, en það var þungi bílsins og þar af leiðandi skriðþungi. Þar sem afar þægilegt er að keyra bíllinn þá skapar það vissa hættu á að aka aðeins of hratt og þá þarf maður að vera meðvitaður um að þungir bílar eins og þessi hafa mikinn



Benz M-Class 250.

Myndir / HLJ

skriðþunga þó að bremsurnar séu einstaklega öflugar og góðar.

Var afar hrifinn af hvernig dráttarkrókunum er fyrir komið

Að keyra bíllinn er afar þægilegt og eins og í flestum Benz-bílum er hann hlaðinn af öryggisbúnaði. Sem dæmi fór ég viljandi mjög nálægt bílunum á undan mér og kviknaði þá rautt gaumljós í mælaborðinu til að vara við hættunni. Á flestum bílum eru sæti stillt niðri og undir sætinu, en á M-Class eru takkarnir til að stilla sætið ofarlega á hurðum þar sem gott er að ná til þeirra. Þegar bíllinn er keyrður á grófum malarvegi heyrst ekki mikið hljóð frá mölenni inn í bíllinn og í þungri umferð heyrast ekki heldur mikil umhverfishljóð inn í bíllinn. Dráttarkrókurinn er alltaf á bílunum og með einum takka setur maður krókinn í læsta notkunarstöðu (mjög svipað og í VW Touareg).



Rautt gaumljós skammaði mig fyrir að vera of nálægt bílunum á undan.

Helstu mál og upplýsingar

Þyngd	2.950 kg
Hæð	1.796 mm
Breidd	2.141 mm
Lengd	4.804 mm
Eldsneytistankur	70 l

Dráttargeta M-Class er frá 2.950 kg séu bremsur á kerru eða vagni. Að



Stillingartakkarnir þrír fyrir framsætin á góðum stað.

loknum akstri var ég mjög hrifinn af bílunum þrátt fyrir að vera bara á ódýrustu gerðinni af M-Class sem kostar ekki nema 9.870.000, en sá

dýrasti og kraftmesti kostar yfir 25 milljónir. Nánar er hægt að nálgast upplýsingar um Benz á vefsíðunni www.askja.is.

Belti á fjórhjól og sexhjól

Fyrir nokkru bauðst mér að prófa fjórhjól með beltum hjá kunningja mínum í snjó. Hingað til hefur þessi beltubúnaður kostað vel yfir milljón, en þessi búnaður er fáanlegur fyrir 599.000 + vsk. á fjórhjól.

Ég reyndi hvað ég gat að finna aðstæður þar sem væri ófært og ég mundi festa hjólið, en hvergi var nein fyrirstaða. Í hörðum snjóruðningum þar sem ég setti annað beltíð upp á ruðninginn kom það mér á óvart í hversu miklum halla var hægt að keyra án þess að hjólið leitadi undan hallanum. Beygjuradiúsinn var aðeins meiri en á fjórhjól á dekkjum, en mun minni en ég hafði ímyndað mér fyrir fram. Flotið var gott þarna í mjúkum snjónum og grip gott. Í huginum sé ég fyrir mér svona flotmikil beltí nýtast vel á vorin þegar jörð er viðkvæm og blaut í vinnu eins og girðingarvinnu og þess háttar.

Ljósmyndavörur Skipholti 31 flytja beltin inn

Í samtali við Berg Gíslason hjá



Engin þörf á að eiga snjósleða þegar maður á svona búnað undir fjórhjólíð.

Ljósmyndavörum sagði hann mér að hann hefði farið að skoða með að fá sér svona á fjórhjólíð sitt og kynnt sér hvað væri í boði. „Eftir

að hafa talað við stærsta söluaðila belta sögðu þeir mér að Camoplast drifi best af öllum beltum, en þeir mega ekki selja þau út úr USA. Þá

endaði ég á að tala við verksmiðjuna. Beltin sem ég er að flytja inn eru „4 season“ beltí, hönnuð til að keyra í hverju sem er, vetur, sumar, vor og haust. Ég fæ þau beint frá Camoplast-verksmiðjunni í Kanada og verðið miðast við flugfrakt. Hægt er að setja svona beltí á næstum öll fjórhjól frá 300cc og yfir. Líka á sexhjól og Buggy-bíla. Það er niðurgírur á búnaðinum sem gefur gríðarlegt tog, en lækkar topphraða svolítið. Það eru tvær gerðir, fjórhjóla 599 þ. + vsk með einni gerð af fit-kitti og stærra fyrir „buggy“ og sexhjól á 799 þ. + vsk með einni gerð af fit-kitti, fjórhjólagerðina er hægt að setja á öll algeng fjórhjól með fit-kitti. Sama með stærri gerðina, hægt er að færa milli allra sexhjóla með fit-kitti. Sama fit-kit passar oft á margar gerðir hjóla frá sama framleiðanda.

Fljótlegt að setja undir

Það tekur ca klst. að setja þetta undir í fyrsta skipti. Sett er bracket á hvern A-arm, dekk tekið undan beltí sett í staðinn og Anti-rotation armur boltaður við bracketið. Svo er „angle



Auðvelt að setja undir hjólið.

of attach“ mælt á framdekkjum með málbandi stillt upp eða niður til að ná réttu gildi til að fá besta samspil drifgetu og léttleika stýris (þarf bara að gera í fyrsta skipti sem búnaður er settur undir hvert fjórhjól) svo er farið að keyra. Hægt er að skipta milli dekkja og belta á stuttum tíma eftir það. Best er að setja þetta undir hjól með alvöru framdrifslæsingu og því stærri mótór því meiri topphraði. Sexhjólín setja þeir á stærri beltin og nota bara 4 beltí, en loka miðjudrifinu, því ef þeir nota fleiri er flotið of mikið og það kemur niður á drifgetunni,“ sagði Bergur Gíslason hjá Ljósmyndavörum í Skipholti.



HITA KÚTAR
Amerísk gæða framleiðsla

30-450 lítrar

Umboðsmenn um land allt

RAFVÖRUR

DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · RAFVORUR@RAFVORUR.IS

Smáauglýsingar

Sími: 563 0300 | Netfang: augl@bondi.is | Veffang: www.bbl.is

Hægt er að skrá auglýsingar og greiða með auðveldum hætti á bbl.is
Verð: Textauglýsing kr. 1.900 m. vsk (innan við 140 slög) og kr. 4.900 texti + mynd.
Skilafrestur: Fyrir kl. 12:00 á þriðjudegi fyrir útgáfu.

BIFVÉLAVIRKI ÓSKAST

Óskum eftir að ráða bifvélavirki með réttindi og staðgöða þekkingu á rafkerfum. Upplýsingar í síma 420 6610 og 842 6615

TOYOTA **Acco þjónusta ehf**
Njardarbraut 17 Njardvík

Bifvélavirki óskast



Heyvinnutæki, rúlluvél og þökkunarvél. Þarfnast aðhlyningar, verð skv. samkomulagi. Nánari uppl. í síma 696-8795.



Dásamlega falleg og vönduð peysuföt til sölu. Fötin eru úr vönduðum efnum og mjög lítið notuð. Uppl. í síma 898-1573, (Hildur).



Óska eftir Toyota Land Cruiser 55, árg. 1967-1980 (sjá mynd af svoleiðis bíl). Uppl. í síma 787-2809 eða á sgudjonsson@yahoo.com



Til sölu stóðhesturinn Fróði IS2007157002 frá Sauðárkróki. Móðir gjöf IS1995257005 frá Sauðárkróki. Faðir Hnokki IS2003158162 frá Þúfum. Nánari uppl. gefur Guðmundur í sínum 452-7154 og 856-4972 eða Ingvi Þór í sínum 437-1742 og 843-9156.



Malarvagn (Siggavagn) til sölu. Uppl. í síma 780-6030.



Hydrema 926C, árg. '07. Flotdekk, hraðtengi og Rótortilt. Mjög vel með farin vél. Uppl. hjá Vélavít í síma 527-2600.



Til sölu pinnatætarí Pöttinger 3001, árg. '04, var tekinn í gegn fyrir 2 árum, skipt um legur, pakkdósir og tinda, verð; 570.000. Uppl. í síma 848-4505.



ArtiCat 550, 2013, Spil, ný dekk, hvít númer. Ekið 8500. Toppstand og nýyfírfarið. Verð: 1.680 þús. Uppl. í síma 840-9775, Jón.



Er með til sölu rafstöð, þriggja fasa 32 kva eða um 28 kw. Hún er í kringum 1980 módelið. Virkar fint og dettur í gang. Þyrfti að mála og sjæna. Hún er í stálgrindarhúsi nokkuð veglegu, á hjólum. Það þarf að klæða húsið upp á nýtt en þakið var endurnýjað fyrir 12 árum. Hefur verið notuð sem vararafstöð síðustu 25 árin. Verðhugmynd 650.000 eða tilboð fyrir hús og rafstöð. Áhugasamir geta haft samband á netfangið gunnarfellil@gmail.com eða í síma 893-4749.



Kia Sportage, árg. '01, góður vinnubíll, mikið endurnýjaður, ný reim, dráttarkúla, ekinn 154 km. Verð 360 þús. Uppl. í síma 867-4777.



Til afgreiðslu strax: Reck mykjuhræur með 50 - 60 cm. turbo skrófuspáða fyrir 60-200 hö. traktor pto, 540-1000. Lágmarkar eldsneytiseyðslu í hræringu. Uppl. í síma 587-6065 - sjá á Facebook.



Atvinnutækifæri. Mjög öflug 8 nála útsaamsvél með fjölda innbyggðra stafaforrita ásamt forritum. Vélin er nýyfírarin hjá framleiðanda þar sem m.a. var uppfærður hugbúnaður og tölva. Einstakt tækifæri til að eignast öfluga vél á aðeins kr. 1.200.000 án vsk. Aðeins sýnishornið til. Allar nánari uppl. veitir Magnús á mik@pfaff.is eða í síma 820-0989.



P700-1 ljósavél með rafala. Vélin átti að setja upp sem varaafstöð og er á 1.000 l. tank. Vélin tjónaðist í flutningum. Sjá nánar á útboðsvef VÍS á www.vis.is



Orkutækni ehf

Á hagstæðu verði, 10% afsl: Maschio hnifataetarar 235-260-285 cm. Einnig pinnatætarar 300 cm. Ódýrar 9-hjóla rakstrarvélar, Slóði 4 m. Áburðardreifari 800 L Uppl. í sínum 587-6065 og 892-0016.



Fullþurrkað gæðarúlluhey til sölu rétt við Selfoss. Hægt að fá mikið magn á góðu verði. Heimkeyrt ef óskað er. Uppl. í sínum 892-4811 og 892-4765.



VÍS auglýsir Massey Ferguson 5611 dráttarvél sem tjónaðist í flutningi. Sjá nánari lýsingu og myndir á útboðsvef VÍS, www.vis.is



Á hagstæðu kynningarverði: Ziegler diskasláttuvélar 2,9 mt. Hraðfestingar á hnifum, skólaus diskabakki, dregur ekki með sér slegið hey, þýsk gæði, endist tugi ára. Uppl. í síma 892-0016, sjá á Facebook.



Ford 350 King Ranch, árg. '05, ekinn 179 þús. km. nýskoðaður, á góðum dekkjum, búið að fara í headpakkningar og túrbínu. Uppl. í síma 847-1330.



Heyrúllur til sölu. Allt frá góðu geldneytahevi að góðu kúahevi. Allt áborið hey. Staðsetning Eyjafjörður. Get útvegað flutning. Uppl. í síma 898-4666.

ASKJA

ATVINNUBÍLAR



Mercedes-Benz Atego 918 með kassa og lyftu. Árgerð 2013. Ekinn 31.000 km. Verð: 9.900.000 án VSK.



MAN L36 10.220 með kassa, lyftu og kælivél. Árgerð 2015. Ekinn 235.000 km. Verð: 2.500.000 án VSK.



Volvo FM9 með kassa, lyftu og kælivél. Árgerð 2005. Ekinn 418.000 km. Tilboðsverð: 4.400.000 án VSK.

ASKJA ATVINNUBÍLAR
Fosshálsi 1, 110 Reykjavík
Sími: 590 2120
www.askja.is



Atlas Copco loftpessa með 4 cyl Ford mótör, mjög öflug, verðhugmynd 450.000. Uppl. í síma 897-9883.



Iðnaðarhurðir til sölu. Opnast báðar til hliðanna. Önnur er 4m(h)x3,8m(b) metrar, - laus í enda apríl. Hin hurðin er 3m(h)x4,55m(b) og laus strax. Verð frá 79 þús. kr. Uppl. gefur Þórarinn Guðmundsson, thorarinn@benni.is eða í síma 825-2214.



Runo kassabíll 2007 í fínu lagi. Tilboð og frekari uppl. í síma 450-2707 og á velstjori@thorsberg.is

Safnaramarkaður

Sunnudaginn 19. apríl
Síðumúla 17 (2. hæð)
kl. 13 - 16



Mynt • Seðlar • Minnispeningar
Barmmerki • Smáprent • Frimerki
Póstkort o.fl. • Sala - Kaup - Skipti

19. apríl

www.mynt.is

MYNTSAFNARAFÉLAG ÍSLANDS

Næsta Bændablað kemur út 30. apríl

Eldri blöð má finna hér á PDF:



Bændablaðið



Terex HR 18, árg. '02, fimm tonna á stálbeltingu, keyrð 830 tíma, einnig Komatsu 180, 18 tonna hjólaútlag, árg. '05, keyrð 4090 tíma. Uppl. í síma 780-6030, Ásgeir.



Skoda Octavia árg. '04, 4x4, LK Station 1.8T, 147 þ.km bensín, bsk, leður, dráttarkrókur, 16" álfelgur, mjög góð dekk, næsta skoðun júlí 2016. Bíllinn hefur fengið gott viðhald. Ásett verð: 900 þ.kr. Uppl. í síma 896-8309.




Dana/Spicer drifsköft í jeppann á tilboði, 30 þús. kr. Dana/Spicer, tvöfaldir liður með flangs á tilboði, 20 þús. kr. Nokkrar gerðir, tilvalið í sérsmíðina. Uppl. gefur Bílabúð Benna í síma 590-2000 eða á verlun@benni.is



30-80% afsláttur af völdum varahlutum í SsangYong Musso, árg. '96 - 2006, Korando, árg. '97 - 2002 og Rexton, árg. '02 - 2005. Uppl. í síma 590-2000 eða á varahlutir@benni.is



Til sölu Fendt 3 SX ámoksturstaeki, árg. '07 af Fendt 820. Passar á 700 og 800 línu. Verð 790.000 kr. án vsk. Uppl. í síma 894-1106.



Til sölu John Deere 5820 með ámoksturstaekjum, 92 hö, árg. 12.12.2005. Ekinn 2650 tíma. Vél sem ný í toppstandi. Verð. 4.680.000 kr. + vsk. Uppl. í síma 821-9772 og á mikluvellir@simnet.is



Til sölu tvöföld rúllugreip aftan á traktor. Verðhugmynd 120 þús. + vsk. Uppl. í síma 821-9772 og á mikluvellir@simnet.is



Til sölu blár Bosch-kúttari útdraganlegur. Uppl. í síma 663-4455.



Til sölu Hitachi-borðsög, létt og meðfærileg. Uppl. í síma 663-4455.



Geymslur. Gesthús. Einbýlishús! Á www.jabohus.is er allt þetta finna. Höfum flutt inn sænsk gæðahús í nær 20 ár. Jabohús Háaleitisbraut 26 Rvk., uppl. í síma 581-4070.



Sýningareintak af kæliklefa með gólf, 2,0 x 1,8 x 1,85m. Verð 300.000 + vsk. án kælikerfis. Eigum einnig kælikerfi. Íshúsið ehf., sími 566-6000.



Vandaðir kirkjugarðakrossar einnig skilti og púlt á dýraleiði. www.skiltiogmerkingar.is 421 1225 - 893 4105 Sendum fritt um allt land. Sjá heimasíðu. 20 ára reynsla í krossum og skiltum



Heitavatnsdæla til sölu CR 15 frá Grundfoss. Þetta er 8 ára gömul dæla sem var keypt sem varadæla en hefur aldrei verið notuð og kostar ný tæpa hálf milljón. Þetta er stór og mikil dæla sem hentar fyrir litlar hitaveitur eða gróðurstöðvar. Hún er tveggja manna tak. Ég set á hana 330 þús. kr. Tilboð íhuguð. Hún er keypt hjá Ísleifi Jónssyni Uppl. í síma 893-4749 eða á gunnarfelli@gmail.com



Ford Transit sendibíll, góð lyfta og kassi 3,9 m langur. Þjónustubók, nýir geymar og vel við haldinn. Uppl. í síma 892-1856, Ólafur.



Kubota sláttutraktor gr 2100, 4 WD, 3 cyl. diesel vél 21 hestöfl, Vökvakúpl. Sláttuvél drifskafstknúin. Nýir hnifar. Verð 1.200.000 + vsk. Uppl. í síma 660-0077 eða á tinna@vortex.is




Okkur vantar notaða rotþró, ekki minni en 10.000 l. Einnig vantar okkur gamla reiðhnakka sem ekki eru nýtanlegir lengur. Vinsamlegast hringið í síma 899-1100 eða sendið tölvupóst á hofudborgin@hofudborgin.is



Til sölu Shetland bátur með Yamaha four stroke 60 ha. utanborðsmótor (árg. '08) Góður bátur undir 6m. Kerra fylgir, björgunarbátur o.fl. Verð 1600 þús. Engin skipti. Uppl. á solvi@vikings.is



Sterkbyggð og vönduð kerra til sölu. Hentar vel í hóperðir og eins upp á hálendið. Verð 130 þús. Uppl. í síma 843-6610, Sverrir.



Galvaniseraður hringstigi. Aldrei verið úti. Sem nýr. Handrið á stigaop að ofan. Uppl. í síma 617-5191, Birkir.



Kerra L-4.40 B-1.37. Fín fyrir 2 fjórhjól, hægt að leggja báða gaffla niður. Þá er lengd 6m góð í sperrflutninga. Góð burður. Verð 400 þús. Uppl. í síma 894-0103.



IBC Tengi er fyrir IBC tankana, Með 3/4 krana Til sölu á heimasíðunni <http://www.allfalt.is>



Til sölu Polaris Indy 500, árg. '00, fluttur inn 2002. Nýtt belti, ný skíði, ný reim. Notaður 2150 km. Verð 270.000 kr. Uppl. í síma 893-7141.



Íshúsið Útsogsviftur frá 19.900 á meðan birgðir endast. Stærð frá 20 cm. Yfir 300 týpur á lager. Íshúsið ehf. www.viftur.is og í síma 566-6000.



Rafmagnsreiðhjól til sölu, teg. EL-BIKE White-Tailed Eagle. Nánast ónotað - lítur út sem nýtt. Silfurlitað, 6 gir, dekk 26 x 1,75". Rafhlaða: Panasonic 24 volt Li-ion 8,8 Ah. Staðgreiðsluverð 100 þús.kr. Uppl. í síma 863-8390.



Til sölu Man 403 26, árg. '96. Með stól undir palli. Kraninn er 2004 með rötör. Frekari uppl. í síma 863-1291.



Tilbúin í túristann. Til sölu Man Clubstar rúta, 33 farþega, 280 hestöfl, Árg. '05, ekinn 389.000 km. Verð 10.5 m. Uppl. í símunum 892-3126 og 868-3539.



Til sölu JCB 4 super. Árg. '97. Opnanleg framskófla, tönna, 5 afturskóflur og gafflar. Verð 3,5 m. + vsk. Uppl. í síma 863-1291.



Til sölu strauvél. Hentar vel í ferðabjónustu eða í aðra gistinguþjónustu. Lengd 2,20 m. br. 50 m. hæð 110 m. 3ja fasa 50 hz, 400 v3. Uppl. í síma 893-5097, Gunnar.



Til sölu rúlluvél Deutz-Fahr GP 2.30, árg. '95, notuð 8400 rúllur. Alltast staðið inni. Verð 275.000 kr. m. vsk. Uppl. í síma 893-7141.



Frábærir gafflar í hirðinguna og önnur störf. Álskaft og plastgreiða nær öbrjótanleg. Léttir og skemmtilegir. Sjá myndband á www.brimco.is. Verð kr. 9.885,- m.vsk. Sendum um land allt. Brimco ehf. Flugumýri 8, Mos. Sími 894-5111. Opið frá kl.13.00-16.30.



Brynningartæki. Úrval af brynningartækjum frá kr.5.900 m.vsk. Brimco ehf. www.brimco.is Flugumýri 8, Mos. Sími 894-5111. Opið kl.13.00-16.30.



Cemtec sænskar skeifur og fjaðrir. Frábærar vörur framleiddar skv. reglum FEIF. Leitun að betri verðum. Afsláttur ef keypt er í magni. Sendum um land allt. Brimco ehf. Flugumýri 8, Mos. Sími 894-5111. Opið frá kl.13.00-16.30. www.brimco.is



Vatnshitarnar fyrir háþrýstjövott. Max þrýstingur : 200 Bar, 250 Bar, 500 Bar. Vatnsflæði: 15 L / min, 25 L / min. Max hiti á vatni : 140°. Hákonarson ehf., Uppl. í síma 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Nýtt!! Verdo gæða spónaköggjar, undirburður fyrir hross í 15 kg. pokum. Einnig til sölu spónaköggjar í stórsekkjum. Brimco ehf. Sími 894-5111 og á www.brimco.is - Opið frá kl.13.00-16.30.



Haughærur galvaniseraðar með eikarlegum. Búvís ehf. Sími 465-1332.



BOGS stígvélir eru mjúk og hlý. Pola frost. Renna ekki í hálfu. Sterkur og góður sóli. Stærðir upp í 48. Voru valin bestu kuldastígvélir í USA 2014. Actacor ehf. Uppl. í síma 899-6400.



Traktorsdrifnar dælur í mörgum útfærslum og stærðum á lager. Sjálfsgandi dælur í mörgum stærðum, fyrir magndælingu á vatni, skolpi, sjó, olíu. Háþrýstar dælur fyrir vökvun og niðurbrot í haughúsum. Slöngubúnaður með hraðkúplingum, flatir barkar á frábæru verði, 2" - 3" - 4". Allur búnaður fyrir vökvun á ræktunarsvæðum. Haugdælur með vacuum búnaði. Aðrir afgjafar : rafmagn, bensín / diesel, glussaknúnar (mjög háþrýstar). Við sérhæfum okkur í öllu sem viðkemur dælum fyrir iðnað og heimili. Gerum einnig við allar dælur. Hákonarson ehf. Uppl. í síma 892-4163, hak@hak.is, www.hak



Traktorsdrifinn Trjáskurlari. Aflþörf 25 - 60 hö. Stillanlegt frágag. Vökvaknúinn matari. Hraðastilling á matara. Hæðarstilling á fótum. Tekur allt að 200 mm Ø. Nánari uppl. í síma 824-6610.



Nýtt!! Quittpad undirdýnur undir hnakkinn, tvær gerðir Sport og Comfort. Dýnur sem lofta vel og eru einstaklega hestvænar. Má þvo í þvottavél. Brimco ehf. Sími 894-5111, www.brimco.is - Opið frá kl. 13.00-16.30.



Lemigo Stígvél. Létt, stöðug og slitsterk. Tilvalin í göngur og haustverkin. kr. 7.990.- með vsk. Verslunin Skógar Egilsstöðum og Búval Kirkjubæjarklaustri. Búvís ehf. Sími 465-1332.



Traktorsdrifnar rafstöðvar (Agro-Watt) www.sogaenergyteam.com - Stærðir : 10,8 KW - 72 KW. Stöðvarnar eru með eða án, AVR (spennujafnara). AVR tryggir örugga keyrslu á viðkvæmum rafbúnaði, td. Mjólkurþjónum, tölvubúnaði, nýlegum rafsuðum ofl. Hákonarson ehf. Uppl. í síma 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Vökvunarbúnaður fyrir ræktunarsvæði í mörgum útfærslum. Sjálfvirk slöngukefli eða lausar slöngur með kúplingum. Sjálfsgandi traktorsdrifnar dælur. Bensínkúnar dælur með Honda móturum, allt að 4" díseldrifnar dælur í mörgum stærðum. Hákonarson ehf. Uppl. í síma 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Seljum vara- og aukahluti í flestar gerðir af kerrum. Sendum um land allt. Brimco ehf. Sími 894-5111 www.brimco.is Opið frá kl.13.00-16.30.



Til sölu fjárflutningakassi á þríþingi. Allt járn galvaniserað, klæddur með áli. Stærð 2,30x1,40 m. Uppl. í síma 898-7949.



Kranzle þýskar háþrýstidælur í úrvali. Búvís. Uppl. í síma 465-1332.



Palmse malarvagn, fjaðrandi hásingar og beisli, burðargeta 18 tonn. Búvís ehf. Sími 465-1332.



Til sölu 30T Krani í topp standi, verð: 9.000.000 + vsk. Uppl. í síma 840-6100.



Helluskeifur auglýsa verð á sumarskeifum, sléttur gangur 1700 kr., pottaður gangur 2000 kr. Sendum frítt um allt land ef teknir eru 10 gangar. Veljum íslenska framleiðslu, seljum einnig hóffjafir og uppsláttarskeifur nr.120. Helluskeifur Stykkishólmi. Sími 893-7050.



Metar-Fact taðdreifari, 6 tonna. Fyrirliggjandi á Austurlandi. Búvís ehf. Sími 465-1332.



Getum útvegað þessi tæki í mörgum útfærslum og stærðum. Ryðfrítt stál eða ál, pola 120° hita. Fjölnota tæki sem eru hraðvirk og skila 100% vinnu. Sumar útfærslurnar gætu hentað vel í þríf á gólfum í gripahúsum. Hákonarson ehf. netfang: hak@hak.is, sími 892-4163, www.hak.is



Til sölu Ford 350, árg. '05, með pop-up Sunlighthúsi á palli. Selst saman. Verð 2460 þús. Engin skipti. Tilbúinn í Þórsmerkurferðir og aðrar slíkar. Uppl. í síma 895-6307.



Geymslutjald til sölu. 150 fm. Röðer 75 Alu gerð. Lengd 20.0m x Br. 7.5m. hæð 4,85m og veggahæð 3,5m. Gott skjól. Uppl. í síma 861-3840.



Weckman 6,5 tonna sturtuvagn. Verð kr. 1.195.000,- með vsk., (með lægri skjólborðunum). H. Hauksson ehf., Sími 588-1130.



Sérfræðingar í loftræstilausnum. Eigum á lager mikið úrval af þýskum þakblásurum frá Ruck Ventilatoren. Ismar, Síðumúla 28, sími 510-5100, www.ismar.is



Háþrýstibúnaður fyrir heitt vatn. Þrýstingur allt að 500 Bar @ 30 L / min. Hákonarson ehf., netfang: hak@hak.is og sími 892-4163, www.hak.is



Taðklær. Breidd 150 cm kr. 239.900.- án vsk. Breidd 180 cm kr 269.000.- án vsk. Búvís ehf. Sími 465-1332.



Weckman flatvagn / rúlluvagn. Verð kr. 1.960.000,- með vsk. Mínus kr. 100.000 afsl. H. Hauksson ehf., Sími 588-1130.



MAN 26-502 dráttarbill, árg 1997. Ekinn 330,000km, sturtudæla, dekk 50%, búið að skipta um mótör (360hö) Verð 1,200,000 + vsk



Liebherr 934, árg 2005 Notkun 7,000 vst, fleyglagnir Hraðtengi og 2 skóflur Verð 9,500,000 + vsk



MAN 10-244 m/krókheysi, árg 1997. Ekinn 487,000km, pallur, allt nýtt í bremsum. Verð 1,650,000 + vsk



Komatsu PC-240-7, árg 2006 Notkun 9,500 vst, fleyglagnir Hraðtengi og skófla Verð 8,000,000 + vsk



DAF 55.230 m/krókheysi, árg 1999. Ekinn 293,000km, ný kúpling, búið að fara í mótör og girkassa. Verð 1,750,000 + vsk



Kramer 350, árg 2012 Notkun 700 vst, hraðtengi Skófla og gafflar. Verð 3,700,000 + vsk



Hitachi ZX 290-5, árg 2014, Ekin 300 vst, hraðtengi, 2 skóflur, Fleyglagnir, Verð 4,950,000 + vsk



Hitachi ZX 250LC-5B, árg 2015 Notkun 500 vst, smurkerfi Hraðtengi og skófla.



Volvo ECR 38, árg 2006, Notkun 3,800 vst, fleyglagnir Hraðtengi og tvær skóflur. Verð 3,490,000 + vsk



Bomag þjöppur frá 75kg - 750kg Ný sending á leiðinni

VÉLAFL
Hvaleyrarbraut 20. Hafnarfirði
Uppl. gk@velafl.is / 694-3700
www.facebook.com/velafl.is

Silotite er fimm laga hágæða heyrúlluplast



ÁRATUGA REYNSLA Á ÍSLANDI

Sterkt heyrúlluplast sem þolir meðhöndlun og er með mikla mótstöðu gegn súrefni.

Eigum einnig fyrirbyggjandi bindigarn og heyrúllunet.

Góð UV vörn


Mikið rif- og stunguþol

Hentar bæði fyrir rúllur og bagga

Mjög góð viðloðun

100% endurvinnanlegt

Hentugt til vinnslu bæði dag og nótt



kr. 10.895 verð án vsk,
Frír flutningur ef pantað er fyrir 1. maí

SILOTITE

FB
FÓÐURBLANDAN

**Sendum um
allt land**

Hafðu samband
570 9800

FB Verslun Selfossi
Austurvegi 64a
570 9840

FB Verslun Hvolsvelli
Hlíðarvegi 2-4
570 9850

FB Verslun Egilsstöðum
Kaupvangi 11
570 9860

FB Verslun Hellu
Suðurlandsvegi 4
570 9870